

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 8. janúar, var haldinn 151. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.30. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Alexandra Briem (P), Katrín Atladóttir (D), Líf Magneudóttir (V), Paweł Bartoszek (C), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Órn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðahl, starfsfólk í leikskólum; Eva Söldís Bragadóttir, Reykjavíkurrað ummenna; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og Jón Ingí Gíslason, kennarar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir og Soffia Pálsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Þjónustuveiting Reykjavíkurborgar, kynning. SFS2019010033

þróstur Sigurðarson og Arna Ýr Sævarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.38 taka Guðrún Gunnarsdóttir, Sigríður Björk Einarsdóttir og Ragnheiður E. Stefánsdóttir sæti á fundinum.
 - Kl. 12.50 tekur Magnús Þór Jónsson sæti á fundinum.
 - Kl. 12.55 tekur Kristján Gunnarsson sæti á fundinum.
 - Kl. 13.15 tekur Soffia Vagnsdóttir sæti á fundinum.
2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. janúar 2019, varðandi breytingu á rekstarleyfi leikskólans Mánagarðs, drög að nýju rekstarleyfi fyrir leikskólann Mánagarð, rekstarleyfi fyrir leikskólann Mánagarð, dags. 5. september 2018, bréf Félagsstofnunar stúdenta þar sem óskað er eftir leiðréttingu á framlagi til leikskólans Mánagarðs, dags. 10. desember 2018 og bréf Félagsstofnunar stúdenta þar sem óskað er eftir stækjun og fjölgun dvalarrýma á leikskólanum Mánagarði, dags. 26. janúar 2017.

Samþykkt. SFS2015030161

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi rekstrarframlag til Félagsstofnunar stúdenta vegna leikskólans Mánagarðs, dags. 2. janúar 2019, bréf Félagsstofnunar stúdenta þar sem óskað er eftir leiðréttingu á framlagi til leikskólans Mánagarðs, dags. 10. desember 2018, bréf Félagsstofnunar stúdenta þar sem óskað er eftir stækjun og fjölgun dvalarrýma á leikskólanum Mánagarði, dags. 26. janúar 2017, rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnameikskóla með samning við skóla- og frístundasvið, börn 6/9 mánaða til 36 mánaða, í gildi frá 1. október 2018 og rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið, börn frá 18 mánaða til 6 ára, í gildi frá 1. október 2018:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Félagsstofnunar stúdenta vegna Mánagarðs verði óbreytt hvað það varðar að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 128 börn en að gerð verði sú breyting að heimilt sé að greiða framlag vegna 104 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og 24 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða. Jafnframt verði gerð sú breyting að greitt verður húsnæðisframlag vegna allt að 60 reykvískra reykvískra barna. Samningarnir gildi frá 1. september 2018. Sviðsstjóra er falið að gera framangreinda samninga á forsendum annars vegar samninga vegna barna á aldrinum 18

mánaða til 6 ára og hinsvegar á forsendum samninga vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða.

Samþykkt og vísað til borgarráðs. SFS2015030161

4. Lögð fram Úttekt á sameiningum leikskóla Reykjavíkurborgar 2009-2018. SFS2018090115

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Úttekt á sameiningum leikskóla frá árinu 2011 sýnir að reynslan af sameiningunum var háð aðstæðum, hún gekk betur þar sem um var að ræða sameiningu tveggja nærliggjandi leikskóla en þar sem um var að ræða sameiningu þriggja leikskóla þegar umtalsverð landfræðileg fjarlægð var á milli þeirra. Draga þarf lærðóm af þessari reynslu, undirbúa skipulagsbreytingar vel og gefa nægan tíma fyrir samráð við starfsfólk, stjórnendur og foreldra um útfærslu þeirra.

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra þakkar fyrir skýrslu Úttekt á sameiningum leikskóla 2009-2018. Hún varpar skýru ljósi á og er mikilvægur vitnisburður um sameiningar leikskóla sem farið var í ískjóli sparnaðar og hagræðingar. Mikilvægt er að draga lærðóm af því sem skýrslan sýnir okkur og huga betur að sameiningum í framtíðinni og byggja þær á faglegum grunni, því breytingar fela ekki endilega í sér sparnað til lengri tíma litid þó svo að eithvert hagræði nái. Priggja eininga sameining gekk ekki og sameining tveggja eininga þar sem langt var á milli er alls ekki góður kostur. Þá er réttara að tala um samrekstur en ekki sameiningu. Því miður var hart gengið á eina stétt stjórnenda, leikskólastjórnendur hjá Reykjavíkurborg, sem engin fordæmi eru fyrir og núna er mikilvægt að græða þau sár og hlúa að starfsfólkini því hvað er skóli án góðs starfsfólks.

- Kl. 13.40 víkur Soffia Pálsdóttir af fundinum.
- 5. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. janúar 2019, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um umsagnir vegna tillögu um breytingar á rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar, dags. 2. janúar 2019, umsögn foreldraráðs og foreldrafélaga Sunnufoldar um tillögu til breytts rekstrarumhverfis leikskólans, dags. 10. desember 2018, umsögn starfsfólkss Sunnufoldar, dags. 17. desember 2018, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um niðurstöður starfshóps um rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar, dags. 16. nóvember 2018 og skýrsla starfshóps um rekstrarumhverfi leikskólans Sunnufoldar, dags. 16. nóvember 2018:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að starfseining leikskólans Sunnufoldar, Funni við Funafold 42, verði skilin frá leikskólanum og að í kjölfarið verði Funni stækkaður svo hann megi verða sex deilda leikskóli. Starfseiningar leikskólans Sunnufoldar, Frosti við Frostafold 33 og Logi við Logafold 18, verði áfram reknir saman sem fimm deilda leikskóli. Við hvorn leikskólan starfi leikskólastjóri. Leikskólarnir njóti stuðnings fagskrifstofu og mannaúðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs í breytingarferlinu út árið 2019, í það minnsta.

Greinargerð fylgir. SFS2018090038

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Einn helsti lærðomur úttektarinnar á sameiningum leikskóla er að erfðast hafi verið að ná fram samlegðaráhrifum í sameiningum þriggja leikskóla þar sem nokkur fjarlægð var á

milli starfsstöðvanna. Það á við um leikskólann Sunnufold í Grafarvogi. Með þennan lærðóm í huga er lagt til að endurskoða skipulag leikskólans þannig að starfsstöðin Funi verði skilin frá hinum tveimur og jafnframt lögð drög að stækkan hennar í samræmi við aðgerðaáætlunina Brúum bilið.

- Kl. 13.50 tekur Sigrún Sveinbjörnsdóttir sæti á fundinum
- 6. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. janúar 2019, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um viðmið skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem eru höfð til grundvallar varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs, dags. 12. nóvember 2018:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að leikskólarnir Suðurborg og Hólaborg verði sameinaðir í einn heildstæðan leikskóla, undir einni stjórn frá og með 1. apríl 2019 og að staða leikskólastjóra verði auglýst laus til umsóknar í febrúar 2019. Samhliða ráðningu leikskólastjóra verði myndaður innleiðingaráhópur sem vinni með stjórnanda að sameiningunni og þeim breytingum á starfseminni sem henni fylgir. Í hópnum eigi sæti fulltrúar beggja starfsstöðva þ.e. fulltrúar stjórnenda og annarra starfsmanna auk fulltrúa fagskrifstofu og mannaúðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Hópurinn leiti samráðs og ráðgjafar foreldra og annarra aðila eftir málefnum hverju sinni. Hópurinn starfi frá 1. apríl 2019 til 1. október 2020. Jafnframt er lagt til að gerðar verði breytingar á rekstri móttuneyta leikskólanna með aukna rekstrarhagkvæmni að leiðarljósi t.d. að hádegismatur verði framleiddur í eldhúsi Suðurborgar og eldhúsið í Hólaborg verði móttökkueldhús. Strax verði hafist handa, í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið, að meta aðstöðu í móttuneytum í báðum húsum með þetta í huga. Lagt verði mat á hvort og þá hvaða breytingar þarf að gera að aðstöðunni ásamt kostnaðarmati á aðgerðum þar með talinn kostnaður við að leggja upphitaðan stíg á milli húsanna.

Greinargerð fylgir. SFS2019010039

Lögð fram svohljóðandi málsméðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrí grænna:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu varðandi sameiningu leikskólanna Hólaborgar og Suðurborgar til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga leikskólanna. Tillagan verði jafnframt kynnt fyrir starfsmönnum leikskólanna og þeim gefinn kostur á að leggja fram umsagnir um hana.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrí grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Sameining leikskóla getur verið farsæll kostur ef þeir standa nálægt hvor öðrum þar sem möguleikar á faglegri og fjárhagslegri samlegð eru miklir. Það á við um leikskólana Suðurborg og Hólaborg í Hólahverfi í Breiðholti en einungis 43 metrar eru á milli leikskólahússanna og lóðirnar liggja saman. Það er ekki síst á þessum forsendum sem lagt er til að sameina leikskólana undir einni stjórn. Við sameininguna verður til öflugur tildeilda leikskóla með 160 börnum og sérútbúinni ungbarnadeild sem gert er ráð fyrir að taki til starfa næsta haust. Settur verður á fót innleiðingaráhópur með fulltrúum m.a. stjórnenda og starfsmanna og aðkomu foreldra, sem hefur það hlutverk að vinna að farsælli innleiðingu breytinganna.

- 7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. desember 2018, um samning skóla- og frístundasviðs og Kennarafélags Reykjavíkur. Jafnframt lögð fram drög að samningi skóla- og frístundasviðs og Kennarafélags Reykjavíkur. SFS2018120024

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Með samningum við Kennarafélag Reykiavíkur og Félag skólastjórnenda í Reykiavík er stigið bað skref að efla samstarf við fagfélög stjórnenda og starfsmanna í reykvískum grunnskólum. Það er gert vegna beirrar viðamiklu vinnu sem framundan er vegna innleiðingar nýrrar menntastefnu. Það er öllum mikill hagur að árangur náist begar kemur að beim markmiðum sem tilgreind eru í samningunum, má bar nefna átak til að draga úr veikindafjarvistum, bæta líðan starfsfólks og ímynd kennarastarfsins.

Jón Ingi Gíslason víkur af fundinum undir þessum lið vegna vanhæfis.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. desember 2018, um samning skóla- og frístundasviðs og Félags skólastjórnenda í Reykjavík. Jafnframt lögð fram drög að samningi skóla- og frístundasviðs og Félags skólastjórnenda í Reykjavík. SFS2018120025

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Magnús Þór Jónsson víkur af fundinum undir þessum lið vegna vanhæfis.

9. Lagt fram fjárhagsuppgjör skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – september 2018. SFS2018090028

- Kl. 14.55 víkur Helgi Grímsson af fundinum.

10. Lagt fram yfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – september 2018. SFS2018060175

11. Lagt fram yfirlit yfir ferðir starfsmanna og kjörinna fulltrúa fyrir tímabilið júlí – september 2018. SFS2018060173

- Kl. 15.08 víkur Magnús Þór Jónsson af fundinum.

Fundi slitið kl. 15.12

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Líf Magneudóttir
Valgerður Sigurðardóttir

Katrín Atladóttir
Pawel Bartoszek
Örn Þórðarson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 22. janúar, var haldinn 152. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.30. Fundinn sátu Pawel Bartoszek (C) varafirmaður, Alexandra Briem (P), Katrín Atladóttir (D), Hreindís Garðarsdóttir (V), Kolbrún Baldursdóttir (F), Þorkell Heiðarsson (S) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og Sindri Bjarkason, Reykjavíkurráð umgmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffia Pálsdóttir og Soffia Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Verklag vegna myglu í húsnæði Reykjavíkurborgar. SFS2018120034
 - Kl. 12:38 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.
 - Kl. 12:45 tekur Sigríður Björk Einarsdóttir sæti á fundinum.

Jón Valgeir Björnsson, Kristján Sigurgeirsson og Daníel Benediktsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkss og Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss og Flokks fólksins þakka góða kynningu á viðbrögðum við ábendingum um myglu í húsnæði skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að farið verði í sérstakt átok við að gera úttekt á stöðu mála á öllum starfsstöðvum SFS í þeim tilgangi að grípa til forvirkra aðgerða, til að mygla uppgötivist fyrr og þannig geta dregið úr líkum á því að nemendur og starfsfólk skólanna finni fyrir óþægindum og jafnvel veikist.

Forgangsraða þarf úttektinni og aðgerðum í samræmi við fyrirliggjandi ábendingar frá starfsstöðvum SFS.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva fagna því að verklagsreglur vegna myglu í húsnæði séu að verða að veruleika. Á undanförnum árum hefur skort mat, eftirfylgni og framkvæmd hjá borginni gagnvart þessum málum. Í dag er húsnæði þriggja frístundamiðstöðva óhæft til notkunar vegna myglu og er óvissa um fjórðu frístundamiðstöðina. Fyrir liggja óskir framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva um að flýta fyrir að viðeigandi lausnir finnist á húsnæðisvanda frístundamiðstöðvanna, óskir þess efnis hafa því miður ekki komist í ferli þrátt fyrir ítrekaðar óskir.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga fullrúa Flokks fólksins sem frestað var í borgarráði, 15. nóvember 2018, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi tillöguna, dags. 17. janúar 2019:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fara bess á leit við skóla- og frístundaráð að gerð verði úttekt á list- og verknámskennslu við grunnskóla borgarinnar. Skoða barf hvort nemendur fái bá kennslu í skapandi greinum miðað við viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla. Það virðist sem list- og verknámskennsla sé æri misjöfn eftir skólum og spurning hvort ríki iafnræði hjá nemendum innan alls skólakerfis borgarinnar. Það er á valdi skólastjóra hvers grunnskóla að ákveða hversu mörgum stundum er úthlutað til

bessara greina. (sjá grein 8.5 í AG 2016). List- og verknámsgreinar eru fiárfrekari en hefðbundið bóknám sem líklega hafi áhrif á skiptingu á námsgreinum innan skólanna. Jafnframt er brýnt að innleiða nám í nýsköpun í sem flestum námsgreinum.

Greinargerð fylgir.

Tillöggunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkks og Flokks fólksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar því að skóla- og frístundaráð sé að athuga hversu vel skólar borgarinnar sinna kennslu í list- og verkgreinum. Samkvæmt skýrslu Hagstofunnar virðast grunnskólar ekki veita nemendum lágmarks kennslu í umræddum greinum. Skólastjórar hafa reynt að gera sitt besta í stöðunni eins og sjá má við úttekt og tint ýmislegt til. Það má til sanns vegar færa að oft eru nemendur í leik- og grunnskólum að vinna skapandi vinnu í námi sínu í öðrum greinum eins og t.d. íslensku eða sögutínum, en það breytir ekki því að fjöldi kennslustunda í þeim greinum sem heita t.d. myndmennt, tónmennt og verkmennt (handavinna og smíði) er klárlega undir viðmiðunarmörkum í all flestum skólum, þá sér í lagi grunnskólum borgarinnar. Lausleg athugun á meðal kennara í þessum greinum staðfestir það. Flokkur fólksins leggur áherslu á að skóla- og frístundaráð flýti þessari kennslu-mínútalningu eins og hægt er svo hægt verði að fá niðurstöðu í málið. Að þeim niðurstöðum fengnum er brýnt að taka á málínu hið fyrsta og leita leiða til að lagfæra ástandið. Nemendur leik- og grunnskóla eiga að fá lögbundna kennslu í öllum greinum sem ætlast er til af skólum að veita þeim samkvæmt námskrá. Fara á eftir námskrá í þessu sem öðru.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meiri hluta þakka fram komna tillögu um úttekt á list- og verknámskennslu. Líkt og fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra barst beiðni um sambærilega úttekt frá Menntamálastofnun nú í byrjun árs. Vinna við þá úttekt er þegar hafin og er í fullum gangi og af þeim ástæðum þykir rétt að vísa tillöggunni frá.

SFS2018110144

- Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um þjónustusamninga við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík, dags. 17. janúar 2019, drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna grunnskóla, umsögn Landakotsskóla, dags. 22. nóvember 2018, umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 22. nóvember 2018, umsögn Skóla Ísaks Jónssonar, dags. 30. nóvember 2018 og umsögn Tjarnarskóla, dags. 22. nóvember 2018:

Skóla- og frístundaráð samþykkir og vísar til borgarráðs, með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. janúar 2019, og fyrirliggjandi draga að þjónustusamningi, tillögu sviðsstjóra um að gerður verði þjónustusamningur við sjálfstætt reknu grunnskólana Hjallastefnan Grunnskólar ehf, Landakotsskóla ses, Skóla Ísaks Jónssonar ses, Tjarnarskóla ehf, Suðurhlíðarskóla og Waldorfskólann Sólstafi. Gerður er fyrirvari um að tilskilin gögn vegna umsóknar til Menntamálastofnunar vegna staðfestingar þjónustusamninganna berist skóla- og frístundasviði innan 30 daga.

Samþykkt og vísað til borgarráðs. SFS2013090060

- Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um framlag til sjálfstætt rekina grunnskóla í Reykjavík vegna reksturs frístundaheimila, dags. 18. janúar 2019 og drög að

þjónustusamningi við sjálfstætt rekna grunnskóla um framlag vegna barna sem nýta frístundaheimili skólans og eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS2016100093

5. Dagskrárið 5 í útsendri dagskrá varðandi úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs árið 2019 er frestað.
 - Kl. 13:36 víkur Ragnheiður E. Stefánsdóttir af fundinum og Jóhanna H. Marteinsdóttir tekur þar sæti.
6. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að kössum verði komið upp í miðrými skóla í Reykjavík, þar sem börn, foreldrar/forsjáraðilar og aðrir sem tengjast skólastarfinu geti komið óskum sínum, tillögum, skilaboðum eða ábendingum á framfæri með einföldum hætti er varða skólastarfið. Tillaga þessi er hugsuð til að auðvelda börnum og forráðamönnum að hafa áhrif á skólastarfið og velferð barnanna í skólanum.

Greinargerð fylgir. SFS2019010157

Frestað.

- Kl. 13:46 víkur Kolbrún Baldursdóttir af fundinum og Valgerður Sigurðardóttir tekur þar sæti.
7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2018-2019, dags. 18. janúar 2019. SFS2019010115
 8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi leikskólaráðstefnu skóla- og frístundasviðs 2019, dags. 15. janúar 2019. SFS2019010114
 9. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi niðurfellingu leikskólagjalda milli jóla og nýárs, dags. 16. janúar 2019. SFS2019010113
 10. Lagt fram yfirlit yfir fundi skóla- og frístundaráðs, janúar – júní 2019, með fyrirvara um breytingar. SFS2017050059

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla og frístundaráð þakkar fyrir framlagða áætlun og felur sviðsstjóra að undirbúa nokkrar heimsóknir ráðsins á starfsstöðvar sviðsins til kynningar á yfirstandandi skólaári.

11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. janúar 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins frá 147. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi stærð hjartarýmis hvers frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. SFS2018110077

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir vinnu við það að taka saman yfirlit varðandi stærð hjartarýmis hvers frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Því miður þá er víða sem þarf að huga að úrbótum. Álag á börn og starfsfólk er óviðunandi vegna plássleysis á þessum stöðum og haetta á því að starfsfólk flosni úr starfi sökum þess.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir því að strax verði farið verði í að laga þau atriði sem eru rauðmerkt í skjalinu vegna fyrirspurnar um stærð hjartarýmis hvers frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Óskað er eftir:

Hvernig er verið að vinna í því að finna lausn á vanda þessara frístundaheimila.
Hvaða tímalínu er verið að vinna eftir miða við hvert og eitt frístundaheimili.

Frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihluta í skóla og frístundaráði þakka góða vinnu við svör vegna fyrirspurna um málefni húsnædis frístundaheimila og frístundamiðstöðva. Þær upplýsingar sem þar birtast munu nýtast við þá vinnu við að tryggja frístundastarfi borgarinnar viðunandi starfsaðstæður. Ljóst er víða er úrbóta þörf og fulltrúar meirihlutans eru reiðubúnir í það verkefni.

12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. janúar 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins frá 145. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi ábendingar Heilbrigðiseftirlits vegna frístundaheimila. SFS2018100119

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir vinnu við það að taka saman yfirlit varðandi ábendingar Heilbrigðiseftirlits vegna frístundaheimila. Það að átta frístundaheimili hafa fengið athugasemdir/frávik/ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti sem ekki hefur verið brugðist við er óviðunandi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að strax verði brugðist við þeim athugasemdum/frávikum/ábendingum frá Heilbrigðiseftirliti sem átta frístundaheimili hafa fengið og ekki hefur verið brugðist við. Það er óboðlegt að athugasemdum/frávikum/ábendingum frá Heilbrigðiseftirlitinu sé ekki sinnt strax.

Frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihluta í skóla og frístundaráði þakka góða vinnu við svör vegna fyrirspurna um málefni húsnædis frístundaheimila og frístundamiðstöðva. Þær upplýsingar sem þar birtast munu nýtast við þá vinnu við að tryggja frístundastarfi borgarinnar viðunandi starfsaðstæður. Ljóst er víða er úrbóta þörf og fulltrúar meirihlutans eru reiðubúnir í það verkefni.

13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. janúar 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins frá 145. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi frístundaheimili sem eru á biðlista eftir hentugra húsnæði. SFS2018100118

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir vinnu við það að taka saman yfirlit varðandi frístundaheimili sem eru á biðlista eftir hentugra húsnæði. Núna eru sjö frístundaheimili á bið eftir hentugra húsnæði og eru flest þeirra í vesturbæ Reykjavíkur. Húsnæðisvandi frístundaheimila bitnar á börnumnum sem þar dvelja og því starfsfólk sem þar vinnur. Þetta ástand á ekki að vera viðvarandi og því mikilvægt að það sé leyst.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Óskað er eftir að fulltrúar í skóla og frístundaráði verði upplýstir sem fyrst um það hvenær þau sjö frístundaheimili sem eru á biðlista eftir hentugra húsnæði fái lausn á sínum vanda. Hvernig er verið að vinna í því að finna lausn á húsnæðisvanda þessara frístundaheimila? Hvaða tímálinu er verið að vinna eftir miða við hvert og eitt frístundaheimili?

Frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihluta í skóla og frístundaráði þakka góða vinnu við svör vegna fyrirspurna um málefni húsnæðis frístundaheimila og frístundamiðstöðva. Þær upplýsingar sem þar birtast munu nýtast við þá vinnu við að tryggja frístundastarfí borgarinnar viðunandi starfsaðstæður. Ljóst er viða er úrbóta þörf og fulltrúar meirihlutans eru reiðubúnir í það verkefni.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva þakka fyrir fyrspurn til skóla- og frístundaráðs vegna stöðu á húsnæði frístundaheimila og úttektar frá Heilbrigðiseftirliti. Ljóst er að aðstaðan er ófullnægjandi á ýmsum stöðum í borginni hvort sem það lýtur að þörfum fyrir stærra rými eða út frá kröfum heilbrigðiseftirlits. Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva vilja ítreka mikilvægi þess að finna viðeigandi lausnir gagnvart þeim stöðum þar sem húsnæði eða heilbrigðis- og vinnuaðstæður er ekki í lagi. Frístundastarf á vegum borgarinnar er hluti af grunnþjónustu fyrir börn og unginga og því er mikilvægt að aðstaða og aðbúnaður sé þannig úr garði gerð að það henti öllum þjónustuþegum og starfsfólki. Fyrir liggur að gerð verði úttekt á húsnæði frístundastarfs á vegum borgarinnar en gott væri að fá tímaramma varðandi þá úttekt. Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva óska eftir úttektinni verði flýtt og að hún verði klár fyrir fjárfestingar og fjárhagsáætlunargerð borgarinnar fyrir árið 2020.

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu lengi starfsfólk Gufunesbæjar á að hafa vinnuaðstöðu í gánum. Leyfi var veitt til eins árs fyrir gánum, mun það verða endurnýjað? Eins þá er óskað eftir svörum við því hvað að gera við gamla Gufunesbæinn sem nú stendur auður.

SFS2019010155

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það í hvaða húsnæði frístundamiðstöðva hefur fundist mygla.

SFS2019010156

Fundi slitið kl. 14:35

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem
Katrín Atladóttir
Þorkell Heiðarsson

Hreindís Garðarsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir
Órn Þórðarson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 12. febrúar, var haldinn 153. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.32. Fundinn sátu Skúli Helgason (S), formaður, Alexandra Briem (P), Líf Magneudóttir (V), Pawel Bartoszek (C), Sanna Magdalena Mörtudóttir (J), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Eva Söldís Bragadóttir, Reykjavíkurráð ungmenna; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggssdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fyrirhugaðar framkvæmdir og viðhald á starfseiningum skóla- og frístundasviðs 2019. SFS2019020059

Agnar Guðlaugsson og Daníel Benediktsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 13.00 tekur Magnús Þór Jónsson sæti á fundinum.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra í frístundamiðstöðvum leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva þakkar fyrir kynningu frá umhverfis- og skipulagssviði um framkvæmdir á skóla- og frístundasviði árið 2019. Framkvæmdastjórar vilja benda á að skóla- og frístundasvið er eitt svið og mikilvægt að horfa heildstætt á alla aðstöðu sviðsins. Mikið af frístundastarfinu fer fram í samnýttu húsnæði með grunnskólum borgarinnar og allar úttektir frá USK þurfa að horfa á mannvirkin sem fjölnota mannvirkni þegar farið er í framkvæmdir og viðhald. Framkvæmdastjórum finnst óskýrt hvaða framkvæmdir í starfseiningum frístundamiðstöðva, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum á að fara í árið 2019. Mikið af húsnæði starfseininganna er ábótant og áríðandi að bregðast skjótt við. Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva óska eftir betra upplýsingastreymi milli USK og SFS þar sem settir eru fram skýrir verkferlar um samskipti og vinnsluhraða verkefna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði þakka fyrir góða kynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum á starfseiningum skóla- og frístundasviðs. Ljóst er að þó svo bætt hafi verið í fjárveitingar til viðhaldsverkefna þá er langt í land að búið sé að uppfylla þá gríðarlegu uppsöfnuðu viðhaldspörf sem er á starfseiningum skóla- og frístundasviðs. Þetta bitnar verst á börnum og starfsfólk á þeim starfsstöðvum sem eru að bíða eftir því að viðhald klárist. Fulltrúarnir vilja hvetja til þess að áfram verði haldið af fullum þunga að vinna upp þessa miklu uppsöfnuðu viðhaldspörf.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrí grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikið stendur til í framkvæmdum á komandi ári hvað varðar nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs. Alls verður varið tæplega 2,4 milljörðum króna í nýframkvæmdir, stærsti hlutinn í nýjar leikskóladeildir sem tengjast uppbyggingu leikskólapjónustu á komandi árum. Veruleg aukning verður á fjármagni til almenns viðhalds sem nemur í ár 2,5 milljörðum króna til leikskóla- og grunnskólahúsnæðis en það er tvöföldun á tveimur árum. Þá fara rúmar 150 milljónir í

sérstök átaksverkefni í leik- og grunnskólum. Alls er því varið um 4 milljörðum króna í fjárfestingar, almennt viðhald og endurbætur skólahúsnæðis á komandi ári.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sósíalistaflokkss Íslands sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. janúar 2019, um tillöguna:

Lagt er til að sá afsláttur sem námsmenn, einstæðir foreldrar og öryrkjar geta fengið af leikskólagjöldum barna sinna, nái einnig til gjalds vegna dvalar barna á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar

Greinargerð fylgir. SFS2018090152

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn einu atkvæði skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokkss Íslands. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ábendingar um að afsláttarreglur varðandi gjöld á frístundaheimilum nýtist illa foreldrum með eitt barn, eru gildar og þarfnaðar skoðunar. Ljóst er að endurskoða þarf afsláttarreglur skóla- og frístundasviðs í heild sinni, enda byggja þær á aðstæðum og umhverfi fyrrí tíma. Í dag telst starf grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva jafngilt og því eðlilegt að sömu reglur gildi um gjöld og afslætti á þessum þrem stöðum menntamála í borginni. Hvatt er til að umræddar gjaldskrár verði endurskoðaðar í heild fyrir næsta fjárhagsári, með samræmi og jafnan aðgang í huga.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Gjaldskrármál borgarinnar eru í stöðugri endurskoðun. Búið er að ákveða, í samræmi við samstarfssáttmála meirihlutans, að frá og með 1. janúar 2019 skuli hver fjölskylda einungis greiða eitt námsgjald þvert á skólastig. Ekki þykir rétt að ráðast í frekari breytingar á gjaldskrám á þessari stundu, en það kann að vera gert í framtíðinni, til dæmis í tengslum við næstu fjárhagsáætlunargerð.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokkss Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalistaflokkss Íslands telur að þjónusta borgarinnar gagnvart börnum eigi að vera gjaldfrjáls og þá sérstaklega á sviði skóla- og frístundasviðs. Meðan að slíkt á ekki við er mikilvægt að sá afsláttur sem einstæðir foreldrar, námsmenn og öryrkjar geta fengið af leikskólagjöldum barna, eigi einnig við inni á frístundaheimilum borgarinnar en staðan er ekki sú í dag. Slíkt gerir mörgum foreldrum í erfiðri efnahagslegri stöðu enn erfiðara fyrir þar sem þeir finna fyrir auknum fjárlátum þegar barn þeirra fer frá leikskólastigi og yfir á grunnskólastig. Nýlegar breytingar Reykjavíkurborgar gera það að verkum að hver fjölskylda greiðir einungis eitt námsgjald þvert á skólastig óháð fjölda barna. Slík breyting er jákvæð fyrir fjölskyldur með fleiri en eitt barn en gerir ekkert fyrir foreldra með eitt barn. Vonast er til þess að tekið verði tillit til foreldra í þessari stöðu og gjaldskrár endurskoðaðar til að auka samræmi.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. febrúar 2019, um tillögu að úthlutun þróunar- og nýsköpunarstyrkja vegna innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, drögum að reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast, drögum að reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs

Reykjavíkur Látum draumana rætast og reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar:

Skóla- og frístundaráð samþykkir reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ og reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Við gildistöku nýrra reglna falla úr gildi reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Greinargerð fylgir. SFS2019020035

Samþykkt og vísað til borgarráðs með sex atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Sjálfstæðisfloksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands situr hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Ný menntastefna Reykjavíkurborgar Látum draumana rætast sem samþykkt var í lok nóvember er nú að koma til framkvæmda og fyrsti áfangi innleiðingarinnar felur í sér stofnun þróunar- og nýsköpunarsjóðs sem úthlutar styrkjum til allra leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í borginni auk skólahljómsveita. Fjárveiting sjóðsins á árinu er 200 milljónir króna sem er margfalt hærra framlag en málaflokkurinn hefur haft til ráðstöfunar til þróunarverkefna á undanförnum árum. Þar má nefna sem dæmi að árið 2017 var 19 milljónum króna varið í þróunarverkefn starfsstöðva skóla- og frístundasviðs og fengu mun færri en vildu. Hér er því um að ræða kröftuga innspýtingu í skóla- og frístundastarf borgarinnar og verður spennandi að sjá afriksturinn þegar umsóknir taka að berast inn á komandi vikum.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs árið 2019, dags. 30. janúar 2019, yfirlit um styrkumsóknir almennra styrkja skóla- og frístundaráðs 2019 og reglur um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs. SFS2018090047

Tillaga úthlutunarnefndar um almenna styrki skóla- og frístundaráðs um að eftirtaldir aðilar hljóti styrki skóla- og frístundaráðs 2019:

- 1) Umsækjandi: Alexía Björg Jóhannesdóttir. Heiti verkefnis: Kynfræðsla pörupilta. Kr. 750.000.
- 2) Umsækjandi: Arna Hrönn Aradóttir. Heiti verkefnis: Hjólakraftur fyrir nemendur frá 1. – 10. bekk. Kr. 300.000.
- 3) Umsækjandi: Félag Litháa á Íslandi. Heiti verkefnis: Þrír litir. Kr. 200.000.
- 4) Jóhann Björnsson. Heiti verkefnis: Merkingarbært nám í „tilgangslausum skóla“. Kr. 250.000.
- 5) Umsækjandi: Kikka, K.M. Sigurðardóttir. Heiti verkefnis: Leikskólasögur. Kr. 400.000.
- 6) Umsækjandi: Klassísi listdansskólinn ehf. Heiti verkefnis: Dans fyrir alla. Kr. 500.000.
- 7) Umsækjandi: Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Heiti verkefnis: Eldvarnarátak. Kr. 300.000.
- 8) Umsækjandi: Móðurmál – Samtök um tvítyngi. Heiti verkefnis: Kennsluefni fyrir móðurmálshópa samtakanna. Kr. 200.000.
- 9) Umsækjandi: Móðurmál – Samtök um tvítyngi. Heiti verkefnis: Hýsing í Gegni. Kr. 200.000.
- 10) Umsækjandi: Muhammed Emin Kizilkaya. Heiti verkefnis: Panga stærðfræðikeppni 2018. Kr. 200.000.

- 11) Umsækjandi: Rauði krossinn í Reykjavík. Heiti verkefnis: Heilahristingur – heimanámsaðstoð. Kr. 250.000.
- 12) Umsækjandi: Rithöfundasamband Íslands. Heiti verkefnis: Skáld í skólum. Kr. 600.000
- 13) Umsækjandi: Veran, félag um vellíðan. Heiti verkefnis: Vellíðan í skólum, listin að leika og læra með nývitund og jóga. Kr. 300.000.
- 14) Umsækjandi: Waldorfleikskólinn Sólstafir. Heiti verkefnis: Lifandi tónlist í lifandi skólasamfélagi. Kr. 250.000.

Samþykkt.

Guðrún Edda Bentsdóttir og Elísabet Helga Pálmadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokkss Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að sjá styrkjauðlutanir skóla- og frístundaráðs en ýmsar mikilvægar styrkumsóknir fengu þó ekki styrk eða fá hluta upphæðarinnar sem þau sóttu um. Sósíalistar hefðu viljað sjá fleiri styrkumsóknir samþykktar og minna á tillögu þess efnis um að Reykjavíkurborg vinni að því að koma útsvari á fjármagnstekjur og aðstöðugjöld á fyrirtæki til að fjármagna öll þau mikilvægu verkefni sem sveitarfélöginn sinna. Þar gæti Reykjavíkurborg leitað til hinna sveitarfélaganna í landinu með það að markmiði að mynda samstöðu til að beita sér fyrir því að aðstöðugjöld verði aftur lögð á fyrirtæki og að útsvar verði lagt á fjármagnstekjur. Aðstöðugjöld voru veigamikill hluti af tekjustofni sveitarfélaganna og ef 1,3% aðstöðugjald hefði verið lagt á veltu tíu stærstu fyrirtækjanna sem voru með höfuðstöðvar í Reykjavík árið 2017 hefði borgarsjóður fengið um 9,7 milljarða (þessu er ætlað að gefa grófa mynd en þar þarf að skoða ýmsa þætti, í útsvari er t.d. jöfnunargjald til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sjálfsagt að reikna með einhverju slíku í aðstöðugjaldi). Fjármagnstekjur bera ekkert útsvar líkt og launatekjur. Mikilvægt er að fyrirtæki og fjármagnseigendur greiði í sameiginlegan sjóð okkar allra svo hægt sé að sinna öllum þeim mikilvægu verkefnum sem koma inn á bord borgarinnar.

5. Lögð fram hugmynd af vefsþeðinu Betri Reykjavík, dags. 31. janúar 2017, um skólagróðurhús við alla grunnskóla. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. febrúar 2019, um hugmyndina. SFS2017010167

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins og Sósíalistaflokkss Íslands sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir áhugaverða tillögu, en telur þó að af nokkrum ástæðum sé ekki mögulegt að samþykka hana að svo stöddu. Þar stendur fremst sú staðreynd að skólar borgarinnar eru lokaðir á sumrin, en það er helsti ræktartími gróðurhúsa. Þó er mikill vilji til að efla sjálfbæra ræktun í hverfum borgarinnar og gróðurhús gætu vel fallið að þeim áherslum í einhverjum hverfum.

6. Fram fer skipan í stýrihóp um framtíðarskipan tónlistarnáms. Samþykkt að skipa í stýrihópinn Eyþór Laxdal Arnalds, Elínu Oddnýju Sigurðardóttur og Alexöndru Briem sem jafnframt verður formaður hópsins. SFS2018120032
7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi ráðningu í stöðu leikskólastjóra í Stakkaborg, dags. 1. febrúar 2019. SFS2019020018

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastíóra Stakkaborgar Jónínu Einarsdóttir til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leikskólastíóra Ólafíu Björk Davíðsdóttur fyrir vel unnin störf.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi ráðningu í stöðu skólastjóra í Vættaskóla, dags. 30. janúar 2019. SFS2019020020

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastíóra Vættaskóla Þuriði Óttarsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fyrrum skólastjóra Jóhönnu S. Vilbergisdóttur fyrir vel unnin störf.

9. Lögð fram tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024, dags. 14. janúar 2019. Jafnframt lagðar fram reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg, dags. 1. desember 2015. SFS2019020034
10. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. desember 2018, um breytingar á skipuriti skrifstofu skóla- og frístundasviðs. SFS2018120101
11. Lagt fram yfirlit yfir starfshópa skóla- og frístundasviðs í janúar 2019. Jafnframt lagt fram yfirlit yfir starfshópa á vegum Ráðhúss sem skóla- og frístundasvið á fulltrúa í, dags. 5. febrúar 2019. SFS2016020039
12. Lagt fram yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs, dags. 29. janúar 2019. Jafnframt lögð fram erindisbréf samráðshóps um innleiðingu kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna FG í grunnskólum borgarinnar, starfshóps um samræmda talmeinaþjónustu við grunn- og leikskóla Reykjavíkur, starfshóps um samræmd viðmið um skólasókn, verkefnahóps vegna KFS greiningar – innkaup á námsefni og leikföngum, verkefnahóps vegna KFS greiningar, skólahljómsveitir og Tónlistarskólinn á Klébergi, starfshóps um markvissara samstarf frístundaheimila og félagsmiðstöðva við grunnskóla í Reykjavík og starfshóps um snjalltækjanotkun og skjátíma. SFS2017010020
13. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. febrúar 2019, um embættisafgreiðslu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, eitt mál. SFS2019020033
 - Kl. 14.30 víkja Guðrún Kaldal og Anna Metta Norðahl af fundinum.

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu margir leikskólakennarar störfuðu í leikskólum Reykjavíkurborgar árið 2018, 2017, 2016 og 2015.

SFS2019020061

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um úrbætur sem hafa verið gerðar á þeim 31. atriðum úr samantektar skýrslu sem gerð var eftir kjarasamninga við Félag grunnskólakennara. Hversu mörg atriði af þeim 31 atriðum sem lagt var til úrbóta er búið að framkvæma og hvað á eftir að framkvæma?

SFS2019020060

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokk í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu margir skólar og leikskólar hafa fengið athugasemdir/frávik/ábendingar frá Heilbrigðiseftirlitinu sem ekki hefur verið brugðist við.

SFS2019020062

17. Bruni í leikskólanum Árborg miðvikudaginn 6. febrúar 2019 og viðbrögð vegna hans.
SFS2019020063

- Kl. 15.00 víkja Eva Söldís Bragadóttir og Kristján Gunnarsson af fundinum.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir afbragðs góða vinnu og fumlaus vinnubrögð í tengslum við eldsvoða sem kom upp á leikskólanum Árborg í síðustu viku. Allir hafa lagst á eitt við að tryggja að sem minnst rask verði á starfseminni. Ber þá sérstaklega að þakka stjórnendum og starfsfólk Árbæjarskóla og Ársels en fljótt og örugglega gekk að koma börnum og starfsfólk Árborgar í öruggt skjól meðan unnið er að endurbótum í leikskólahúsnaðinu. Þökk sé áraðni, yfirvegun og fumlausum viðbrögðum starfsfólks og viðbragðsaðila tókst að koma í veg fyrir stórslys á börnum og fólk. Það er mikil mildi að ekki fór verr og að allt gekk upp þegar þurfti að rýma leikskólann. Héldust þar í hendur margir þættir; greiðvikni nágranna og starfsfólks stofnana hverfisins og eins skjót viðbrögð Strætó. Þessi bruni minnir okkur á mikilvægi fræðslu og forvarna í samstarfi við slökkviliðið og aðra viðbragðsaðila, og það hversu dýrmætt er að öll öryggismál á vinnustöðum séu í lagi og starfsfólk vel upplýst.

Fundi slitið kl. 15:04

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Pawel Bartoszek
Valgerður Sigurðardóttir

Líf Magneudóttir
Sanna Magdalena Mörtudóttir
Órn Þórðarson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 28. febrúar, var haldinn 154. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 9.05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S), formaður, Alexandra Briem (P), Katrín Atladóttir (D), Líf Magneudóttir (V), Paweł Bartoszek (C), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Eva Sóldís Bragadóttir, Reykjavíkuráð ungmenna; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffia Pálssdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. janúar 2019:

Svíðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að leikskólanir Suðurborg og Hólaborg verði sameinaðir í einn heildstæðan leikskóla, undir einni stjórn frá og með 1. apríl 2019 og að staða leikskólastjóra verði auglýst laus til umsóknar í febrúar 2019. Samhliða ráðningu leikskólastjóra verði myndaður innleiðingarhópur sem vinni með stjórnanda að sameiningunni og þeim breytingum á starfseminni sem henni fylgir. Í hópnum eigi sæti fulltrúar beggja starfsstöðva þ.e. fulltrúar stjórnenda og annarra starfsmanna auk fulltrúa fagskrifstofu og mannaúðsskrifsstofu skóla- og frístundasviðs. Hópurinn leiti samráðs og ráðgjafar foreldra og annarra aðila eftir málefnum hverju sinni. Hópurinn starfi frá 1. apríl 2019 til 1. október 2020. Jafnframt er lagt til að gerðar verði breytingar á rekstri móttuneyta leikskólanna með aukna rekstrarhagkvæmni að leiðarljósi t.d. að hádegismatur verði framleiddur í eldhúsi Suðurborgar og eldhúsið í Hólaborg verði móttökueldhús. Strax verði hafist handa, í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið, að meta aðstöðu í móttuneytum í báðum húsum með þetta í huga. Lagt verði mat á hvort og þá hvaða breytingar þarf að gera á aðstöðunni ásamt kostnaðarmati á aðgerðum þar með talinn kostnaður við að leggja upphitaðan stíg á milli húsanna.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. febrúar 2019, ásamt umsögn foreldra og foreldraráðs leikskólans Hólaborgar, dags. 19. janúar 2019, umsögn kennara Hólaborgar, dags. 24. janúar 2019, umsögn leikskólastjóra Hólaborgar, dags. 28. janúar 2019, umsögn foreldra í Suðurborg, ódags., umsögn starfsfólks Suðurborgar, dags. 30. janúar 2019, umsögn leikskólastjóra Suðurborgar, dags. 29. janúar 2019, bréf nokkura starfsmanna Suðurborgar, ódags. og vinnuskjal vegna Hólaborgar og Suðurborgar, dags. í febrúar 2019:

Svíðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að í ljósi þess sem fram kemur í umsögnum foreldra og starfsfólks leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar verði einvörðungu sameinuð yfirstjórn þessara tveggja leikskóla sem standa svo næri hvor öðrum. Með sameiningu yfirstjórnar er átt við að ráðinn verði einn leikskólastjóri sem stýri báðum leikskólunum en að ekki verði lagðar til breytingar á öðrum starfsheitum né áherslum í innra starfi. Til viðbótar við stjórnun leikskólans komi jafnframt 25% stöðuhlutfall til viðbótar inn í stjórnun leikskólanna sem nýtist stjórnendum til að ná betur utan um stjórn leikskólanna. Tillaga um sameinaða yfirstjórn felur fyrst og fremst í sér samrekstur leikskólanna tveggja. Innra starf leikskólanna verður óbreytt; ekki er gerð krafa um breytingar á rekstri móttuneyta, stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra standa óbreytt en til viðbótar kemur 25% staða sem stjórnandi ráðstafar, stöðugildi sérkennslustjóra standa óbreytt, ekki verður farið í að aldursskipta börnum á milli húsa og ekki verður tilfærsla á starfsfólki. Með sameinaðri yfirstjórn er lögð áhersla á að standa vörð um styrkleika og áherslur hvors leikskóla og ekki verður breyting á starfinu næst börnunum en hins vegar

nýtt þau tækifæri sem felast í rekstrarlegri samlegð leikskólanna sem standa svo nærrí hvor öðrum.

Greinargerð fylgir tillögunni. SFS2019010039

- Kl. 9.20 tekur Jón Ingi Gíslason sæti á fundinum.
- Kl. 9.25 tekur Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir sæti á fundinum.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisfloks fagna þeirra stefnubreytingu sem orðið hefur á sameiningaráformum í leikskólunum Suðurborg og Hólaborg. Sérstaklega er ánægjulegt að horft hafi verið til umsagna frá foreldrum og starfsfólk skólanna. Ný og breytt tillaga tekur á faglegu starfi og er það vel. Einn mikilvægasti en um leið viðkvæmasti þáttur í rekstri leikskóla eru starfsmannamál. Mjög áríðandi er að innleiðing breytingarinnar valdi ekki óróleika eða óvissu í starfsmannamálum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Breytingartillaga sviðsstjóra um sameinaða vfistjórn leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar í Breiðholti tekur mið af beim síónarmiðum sem koma fram í umsögnum foreldra og starfsmanna leikskólanna tveggja. Tillagan er sanngjörn málamiðlun og felur fyrst og fremst í sér sameiginlegan rekstur leikskólanna en ekki eru lagðar til breytingar á innra starfi leikskólanna, ekki verða frekari tilfærslur á starfsfólk eða börnum. Leikskólarnir Suðurborg og Hólaborg í Efra-Breiðholti standa hlið við hlið á sömu lóð með girðingu á milli. Skýr hagkvæmnirök hníga að bví að sameina vfistjórn bessara leikskóla. Það er líka skýrt tækifæri til umbóta á leikskólanum Suðurborg ekki síst með vísan til vtra mats leikskólans frá 2015 bar sem allmög atriði kölluðu á umbætur. Þá er rétt að halda til haga að leikskólinn Suðurborg hefur ekki gefið út skólanámskrá á grunni Aðalnámskrár leikskóla frá 2011 og ekki liggur fyrir starfsáætlun fvrir skólaárið 2018- 2019 heldur greinargerð um að unnið sé á grunni starfsáætlunar 2017-2018. Við bessar aðstæður er skynsamlegt að sameina vfistjórn og í bví felast tækifæri varðandi starfsþróun, valdeflingu starfsmanna, fræðslu og aukið samstarf leikskólanna.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. febrúar 2019, minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. janúar 2019, drögum að þjónustusamningi um framlag vegna barna í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík sem nýta frístundaheimili skólans og eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík, umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla um drög að þjónustusamningi, dags. 1. febrúar 2019 og bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 19. febrúar 2019:

Skóla- og frístundaráð samþykktir og vísar til borgarráðs tillögu sviðsstjóra um að gerður verði þjónustusamningur við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík vegna reksturs frístundaheimila þeirra, svo fremi sem þeir uppfylla skilyrði samkvæmt drögum að samningi og eru með viðurkenndan þjónustusamning um rekstur grunnskóla í Reykjavík. Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. febrúar 2019, og fyrirliggjandi draga að þjónustusamningi. Gerður er fyrirvari um endanlega útfærslu á samþykkt borgarstjórnar um að barnafjölskyldur greiði einungis námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að gera samninginn með þeirri breytingu þegar útfærsla liggur fyrir.

Samþykkt og vísað til borgarráðs. SFS2016100093

- Kl. 10.00 víkur Líf Magneudóttir af fundinum og Elín Oddný Sigurðardóttir tekur þar sæti.
3. Lögð fram fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2019. SFS2019020034

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra í grunnskólum, leikskólastjóra, stjórnenda frístundamiðstöðva og kennara í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar Félags skólastjórnenda í Reykjavík, leikskólastjóra, frístundamiðstöðva og Kennarafélags Reykjavíkur skora á skóla- og frístundaráð að leiðréttu áætlaðar fjárheimildir í fjárhagsáætlun sviðsins fyrir árið 2019 í samræmi við raunkostnað liðinna ára. Sérstaklega er bent á fjármagnsliði sem falla undir annan rekstrarkostnað, langtímaforföll, orlof utan lokunar og sértækan stuðning en í þeim liðum er verulegt ósamræmi sem hætta er á að komi niður á þjónustu við börnin í borginni. Auk þess treysta áheyrnarfulltrúar ráðinu fyrir því að á árinu komi réttmætar upphæðir til viðhalds sem falla til vegna innri leigu til framkvæmda á nauðsynlegu viðhaldi skólanna og frístundamiðstöðvanna í borginni. Þar þarf að koma til mikið á tak, nú í ár og á næstu árum.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða kynningu á fjárhagsáætlun ársins 2019. Mikilvægt er að fjárhagsáætlun sé byggð á öruggum grunni sem tryggir grunnskólum, frístundamiðstöðvum og leikskólum raunhæfa fjármögnun til rekstrar og viðhalds sem byggi á raunhæfum væntingum. Ráðið telur ástæðu til að farið verði yfir aðferðafræði við úthlutun rekstrarfjármagns og gerð fjárhagsáætlunar frá grunni.

Einnig lagðar fram bókanir sem skráðar voru í trúnaðarbók skóla- og frístundaráðs 9. október 2018.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírala og Vinstrri grænna lögðu fram svohljóðandi trúnaðarbókun á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2018:

Tillaga að fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir komandi ár endurspeglar áframhaldandi sókn í málafloknum. Framlög til sviðsins hækka um 1,7 milljarð frá fjárhagsáætlun þessa árs og rúma 4,5 milljarða frá ársreikningi síðasta árs. Mestu munar um hækkun launa í samræmi við nýgerða kjarasamninga við kennara og aðra starfsmenn. Forgangsverkefni komandi árs eru annars vegar innleiðing nýrrar menntastefnu sem stefnt er að því að afgreiða fyrir lok ársins og hins vegar aðgerðir til að bæta vinnuumhverfi starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva en mikil og góð vinna hefur verið lögð í tillögur þar um undanfarin tvö ár. Þar er bæði um að ræða umbætur sem tengjast innra starfinu, s.s. aukin framlög í fagstarfið, endurnýjun tölvukosts og annarra kennslutækja en sömuleiðis á ytra umhverfi, ekki síst í formi verulega aukins fjármagns til viðhalds og endurbóta á húsnæði skóla- og frístundastarfs í borginni.

Áheyrnarfulltrúi skólastjóra í grunnskólum lagði fram svohljóðandi trúnaðarbókun á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2018:

Áheyrnarfulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík lýsir fyrir hönd félagsmanna yfir áhyggjum af fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2019. Á uppgjöri fyrir árið 2017 er staðan þannig í mörgum grunnskólum borgarinnar að útgjöld þeirra fara þar fram úr fjárhagsáætlunum og miðað við fyrirliggjandi áætlun fyrir komandi ár er ljóst að niðurskurðarkrafa verður gerð milli ára, allavega í ákveðnum þáttum skólastarfs. Skólastjórnendur hafa lýst því ítrekað yfir að þeir muni í ákveðnum aðstæðum ekki ná tilætluðum árangri nema með niðurskurði sem bitnar verulega á þjónustu skólanna. Sérstaklega má þar horfa til almenns rekstrarliðar sem enn á ný verður ekki bættur að fullu, þrátt fyrir að undantekningalaust hafi grunnskólar borgarinnar ekki náð að halda sig þar innan áætlunar. Mikilvægt er að horft sé til lögbundinnar skyldu grunnskóla til að sinna þjónustu til handa nemendum sínum þegar fjárhagsáætlun er unnin og horfa þarf til þess þjónustuhlutverks í hvívetna við þá vinnu. Veitt þjónusta er í takt við það fjármagn sem sviðið dreifir og mjög mikilvægt að horfa til þess hvort að það fjármagn sem er til dreifingar

á árinu 2019 sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um grunnskóla og/eða þjónustukröfu nemenda og aðstandenda þeirra í Reykjavík.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva lagði fram svohljóðandi trúnaðarbókun á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2018:

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva fagna nýrri frístundastefnu og tækifærum sem með henni koma til þess að auka faglegt frístundastarf. Áhersla á aukið 10-12 ára starf og aukinn stuðning fyrir börn á aldrinum 10-16 ára í félagsmiðstöðvarstarfi eru sett á oddinn. Sjá minnisblað til borgarráðs 15.maí 2018

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/sbb_innleiding_n.pdf

Einnig er ánægjulegt að sjá að hluti af aðgerðum tengdum bættu fagumhverfi starfsmanna eru komnar inn í áætlun 2019. Mikilvægt er að styrkja fræðslukerfi og móttöku nýliða í frístundastarf. Einungis 35% starfsmanna í frístundastarfí er með uppeldismenntun og því skiptir það máli að þjálfa starfsmenn vel. Í útreikningum tengdum bættu starfsumhverfi kemur fram að fjárbörfin er 11 milljónir en í fjárhagsáætlun sem hér er kynnt er gert ráð fyrir 6 milljónum. Mönnunarvandi frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva er viðvarandi og því er mikilvægt að svara því ástandi sem uppi er. Mikilvægt er að tryggja að USK geri úttekt á húsnæði frístundastarfsins, sett verði fram skýr umbótaáætlun fyrir þær starfseiningar sem eru hvað verst staddir og ráð gert fyrir fjármagni til að styrkja aðbúnað og húsakost starfseininganna. Þessu tengt þarf að skoða fjárveitingar undir liðnum annar kostnaður sem ár er ekki í takt við þarfir til endurnýjunar á búnaði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi trúnaðarbókun á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2018:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkks áréttu að fjárhagsáætlun er almennt ætlað að gefa fyrirheit um raunverulegan rekstrarkostnað. Fram hefur komið í ábendingum fulltrúa stjórnenda á starfsstöðvum að áætlun fyrir næsta ár er að mörgu leyti ábótavant, kostnaður víða vanáætlaður og nánast ógerlegt að mæta hagræðingarkröfum. Enn fremur kom fram að innri leiga vegna húsnæðis er hærri en gerist í öðrum sveitarfélögum, sem skekkir samanburð og leiðir til hærri kostnaðar við skólagöngu reykviskra barna. Full ástæða er til að endurskoða vinnulag við fjárhagsáætlanagerð, til að áætlun endurspeglí væntan raunkostnað og sé í takti við það sem víðast tíðkast í öðrum sveitarfélögum.

4. Fram fer kynning á hverfisskipulagi Reykjavíkur vegna Ártúnsholts, Árbæjar og Seláss. SFS2019020034

Ævar Harðarson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. febrúar 2019, um öryggisbrest í rafræna upplýsingakerfinu Mentor í febrúar 2019. SFS2019020079

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð ítrekar bá eindregnu afstöðu sína að öll meðferð á persónupplýsingum barna, starfsfólks og foreldra verði að vera yfir allan vafa hafin. Ráðið lítur bað mjög alvarlegum augum að ekki hafi verið hægt að koma í veg fyrir bann öryggisbrest sem barna kom upp á fyrri stigum máls og leggur til að farið verði í umræðu um bau kerfi sem notuð eru af skólum borgarinnar og þær öryggisráðstafanir sem þar eru viðhafðar.

- Kl. 11.05 víkja Kristján Gunnarsson og Soffía Pálsdóttir af fundinum.
- 6. Lögð fram dagskrá Öskudagsráðstefnu skóla- og frístundasviðs sem fram fer 6. mars 2019. SFS2019020138
- Kl. 11.18 víkur Elín Oddný Sigurðardóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 11:20

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Pawel Bartoszek
Örn Þórðarson

Katrín Atladóttir
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 12. mars, var haldinn 155. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.35. Fundinn sátu Skúli Helgason (S), formaður, Alexandra Briem (P), Katrín Atladóttir (D), Líf Magneudóttir (V), Pawel Bartoszek (C), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra, sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Ásta Bjarney Elíasdóttir, skólastjórar í grunnskólum; Eva Söldís Bragadóttir, Reykjavíkurráð umgmenna; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarssdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

Ásta Bjarney Elíasdóttir er boðin velkomin á sinn fyrsta fund í skóla- og frístundaráði.

1. Lagt fram bréf borgarstjóra Reykjavíkurborgar til borgarráðs, dags. 14. janúar 2019, um skýrslu og tillögur starfshóps um miðlæga stefnumótun. Jafnframt lögð fram skýrsla starfshóps um miðlæga stefnumótun, dags. í október 2018. SFS2018100154

Svavar Jósefsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að setja af stað starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, skólahverfum Kelduskóla og Vættaskóla í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á nemendafjölda í einstökum starfsstöðvum á undanförnum árum. Starfshópurinn nýti í starfi sínu tillögur, kynningargögn og ábendingar sem fram hafa komið m.a. á fundum með starfsfólk og foreldrum og hafi það hlutverk að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi. Hlutverk hópsins verði jafnframt að huga að mótvægisáðgerðum sem nýtist nemendum og foreldrum þeirra í hverfinu. Starfshópinn skipi þrír fulltrúar frá hvorum skóla úr skólaráðum, þ.e. fulltrúi foreldra, kennara og stjórnanda, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar auk fulltrúa skóla- og frístundasviðs. Skrifstofustjórar grunnskóla- og frístundamála fagskrifstofu leiði hópinn auk þess sem starfsmaður hópsins komi frá skrifstofu. Starfshópurinn nýti í vinnunni rýnihópa valda með slembiúrtaki til að fá fram viðhorf nemenda, foreldra, íbúa og starfsmanna. Starfshópurinn hafi samráð við umhverfis- og skipulagssvið um skipulagsmál í norðanverðum Grafarvogi. Hópurinn skili niðurstöðum til sviðsstjóra eigi síðar en 29. apríl 2019.

Greinargerð fylgir tillögunni. SFS2019020105

Samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þróun nemendafjölda í norðanverðum Grafarvogi á undanförnum árum hefur verið með þeim hætti að mikil fækkun hefur orðið á nemendum í Kelduskóla Korpu og eru þar einungis 61 nemandi í skóla sem byggður var fyrir 170 nemendur. Nemendum hefur fækkað um 55% frá 2012 og er skólinn sá fámennasti í borginni og á öllu

höfuðborgarsvæðinu. Ástæða er til að bregðast við þessari þróun og leita lausna sem geta tryggt nemendum í skólanum meiri fjölbreytni og val varðandi námsframboð og félagslega stöðu. Mikilvægt er að meta vandlega fyrirliggjandi gögn og rýna mismunandi valkostir varðandi framtíðina og því leggjum við fram tillögu um stofnun starfshóps með fulltrúum stjórnenda, kennara, starfsfólks, foreldra og sviðsins sem fái ráðrúm til að leggja fram tillögur að lausn. Þar verði sérstaklega hugað að mótvægisáðgerðum sem tengist m.a. samgöngum, skólaakstri og öðru sem getur bætt hag viðkomandi barna og fjölskyldna þeirra með það að höfuðmarkmiði að styrkja skóla- og frístundastarfíð í hverfinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði harma það að til standi að loka og sameina grunnskóla í norðanverðum Grafarvogi. Ítrekaðar sameiningar hafa verið í grunnskólum Grafarvogs og hafa foreldrar ekki verið sáttir við framgöngu Reykjavíkurborgar. Þar sem efndir hafa ekki alltaf fylgt loforðum. Eins þá vilja fulltrúarnir benda á það að tölur sem nýttar eru í þessa vinnu frá skóla- og frístundasviði hafa ekki tekið mið af þeirri uppbyggingu sem borgarstjóri kynnti fyrir kosningar 2018, þá vantar líka inn í þessar tölur heildarfjölda barna á grunnskóalaaldri í Staðarhverfi og meðalaldur íbúa í þessum hverfum. Eins þá þarf að huga að því að umboðsmaður Alþingis hefur úrskurðað 2012 um að breytingar á Kelduskóla-Korpu hafi ekki verið í samræmi við skipulagsáætlanir hverfisins. Eins þá gerði Intellecta úttekt á sameiningum grunnskóla 2014 sem staðfestir það að mikil hafi verið ábótavant í þeim sameiningum sem Reykjavíkurborg hefur farið í. Því verður vonandi staldrað við núna og hlustað á foreldra og íbúa og vandað til verka.

Valgerður Sigurðardóttir víkur vegna vanhæfis undir þessum lið.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. mars 2019, varðandi tillögu að skóladagatali grunnskóla skólaárið 2020-2021 auk skóladagatals fyrir skólaárið. Skólaárið 2020-2021 er gert ráð fyrir að skólastarf hefjist 24. ágúst 2020 og að skólar taki vetrarleyfi 22., 23. og 26. október 2020 og 22. og 23. febrúar 2021. Lagt er til að umhverfisdagar verði 16. september 2020 og 26. apríl 2021. Skólaslit verði 10. júní 2021. SFS2019030055

Samþykkt.

Guðrún Edda Bentsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Fram fer umræða um málefni leikskólanna Hólaborgar og Suðurborgar. SFS2019010039

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Á síðasta fundi skóla- og frístundaráðs var samþykkt einróma breytingartillaga um sameiginlega yfirstjórn leikskólanna Hólaborgar og Suðurborgar í Breiðholti. Í kjölfarið hafa komið fram athugasemdir og gagnrýni starfsmanna og foreldra sem gáfu tilefni til frekari viðræðna um stöðuna. Fulltrúar skóla- og frístundaráðs funduðu með fulltrúum starfsfólks og foreldra í gær og var þar lögð áhersla á að mikilvægt væri að gefa þessum breytingum meiri tíma og undirbúning. Það eru málefnaleg sjónarmið sem við teljum eðlilegt að virða og höfum því óskað eftir því að borgarráð fresti því að taka málið til endanlegrar afgreiðslu, svo halda megi áfram samtali við starfsfólk og foreldra og freista þess að skapa meiri sátt um niðurstöðuna og útfærslu hennar með hag barna og fjölskyldna þeirra í fyrirrúmi.

5. Fram fer kynning um skráningu persónuupplýsinga um börn í upplýsingakerfi. SFS2019020079
 - Kl. 14.42 víkur Líf Magneudóttir af fundinum.
6. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. febrúar 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúua Sjálfstæðisflokkssins um brennanleg efni í byggingum í eigu Reykjavíkurborgar sem var lögð fram á 145. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2018100122

7. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. febrúar 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisfloksins um lóð leikskólans Hamra og ófrágengnar lóðir leik- og grunnskóla sem var lögð fram á 147. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2018110076
8. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um embættisafgreiðslu sviðsstjóra, dags. 7. mars 2019, eitt mál.
 - Kl. 15.02 víkur Guðrún Kaldal af fundinum.
9. Fram fer umræða um bruna í Seljaskóla.
10. Fram fer umræða um raka- og loftgæðavanda í Fossvogsskóla
 - Kl. 15.40 víkur Anna Metta Norðahl af fundinum.
 - Kl. 15.45 víkur Eva Sóldís Bragadóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 15:57

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Pawel Bartoszek
Örn Þórðarson

Katrín Atladóttir
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 26. mars, var haldinn 156. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.31. Fundinn sátu Skúli Helgason (S), formaður, Alexandra Briem (P), Katrín Atladóttir (D), Líf Magneudóttir (V), Pawel Bartoszek (C), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Elín Norðmann, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Jóhanna H. Marteinsdóttir, Kristján Gunnarsson og Soffia Pálsdóttir. Eygló Traustadóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning og umræða um raka- og loftgæðavanda í grunnskólum.

Ámundi V. Brynjólfsson, Agnar Guðlaugsson og Kristján Sigurgeirsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 13.02 tekur Guðrún Edda Bentsdóttir sæti á fundinum.
- 2. Lagðar fram skýrslurnar Gullborg - mat á leikskólastarfi, dags. í september 2018; Vinaminni - mat á leikskólastarfi, dags. í nóvember 2018; Laugasól - mat á leikskólastarfi, dags. í desember 2018; Langholtsskóli - ytra mat á grunnskólastarfi, dags. í október 2018 og Félagsmiðstöðin Tían - ytra mat á frístundastarfi, dags. í nóvember 2018. SFS2015060052

Auður Ævarsdóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. mars 2019, um tillögur starfshóps um markvisst verklag við útfærslu tillagna fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík, aðgerðabundin og tímasett markmiðaáætlun vegna tillagnanna og skýrsla starfshóps um markvisst verklag við útfærslu tillagna fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík, dags. í nóvember 2018. SFS2018110057

Frestað.

- Kl. 14.12 víkur Örn Þórðarson af fundinum.
- 4. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. febrúar 2019, um tillöguna:

Tillaga Flokks fólksins að Reykiavíkurborg beiti sér fyrir bví að öll börn sem sækja félagsmiðstöðvar eigi bess kost að taka bátt í ferðum eða viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar sem bau sækja án tillits til efnahags foreldra beirra. Flokkur fólksins vill að skerpt sé á reglum um starfsemi félagsmiðstöðva hvað betta varðar svo bað sé ekki á valdi leiðbeinanda hverju sinni hvernig dagskráin er. Kostnaðarsöm dagskrá leiðir án efa oft til bess að börn fátækra foreldra geta ekki tekið bátt. Lagt er til að börnum fátækra foreldra (foreldra sem eru undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytis) verði gert kleift að taka bátt í öllum dagskráliðum beim að kostnaðarlausu. Þetta er trvgasta leiðin til að gefa öllum börnum tækifæri til að taka fullan þátt í skipulagðri dagskrá félagsmiðstöðvanna án tillits til kostnaðar.

Greinargerð fylgir tillöggunni. SFS2018100130

Tillagan er felld. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt umsögn skóla- og frístundasviðs um tillöguna, dags. 12. febrúar 2019:

Félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar bjóða upp á félagsstarf fyrir 10-16 ára gömul börn. Á vef Reykjavíkurborgar kemur fram að enginn kostnaður fylgi því að mæta í félagsmiðstöð þegar það er opið hús. Einnig kemur fram að kostnaði á skemmtanir og aðra viðburði sé haldið í lágmarki. Í þeim tilvikum sem gjald er innheimt sé það staðgreitt eða innheimt eftir á. Óljóst er að sjá hvenær skemmtanir og aðrir viðburðir félagsmiðstöðva eiga sér stað og getur slíkt sett efnalitla foreldra og forráðamenn í mjög erfiða stöðu, þ.e.a.s. að þurfa að mæta óvæntum útgjöldum eða að geta ekki boðið börnum sínum að taka þátt í starfi félagsmiðstöðva. Því er lagt til að skóla og- frístundasvið kanni þann kostnað sem hefur verið innheimtur af foreldrum vegna skemmtana eða annarra viðburða hjá félagsmiðstöðvum síðasta árið og geri ráð fyrir þeim útgjaldaliðum í fjárhagsáætlun árið 2019, svo að sú starfsemi verði börnum gjaldfrjáls.

Greinargerð fylgir tillöggunni. SFS2018100037

Tillagan er felld. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá.

6. Lögð fram drög að samningi um samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun og nýsköpun í menntun. SFS2019030056

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Síðastliðin ár hefur skóla- og frístundasvið (SFS) verið í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands m.a. um rannsóknir, menntamiðju og símenntun starfsmanna sviðsins. SFS hefur gjarnan kallað til fulltrúa frá Menntavísindasviði í starfshópa á vegum sviðsins, t.d. við gerð menntastefnu Reykjavíkur og eins varðandi ráðgjöf varðandi val á stjórnendum skóla. Í menntastefnu Reykjavíkur er undirstrikað mikilvægi þess að starfsfólk á skóla- og frístundasviði fái rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Í stefnunni er tekið fram að starfsfólk SFS þurfi að eiga í þverfaglegu samstarfi m.a. við stofnanir sem stuðla að þróun menntunar. Menntastefna Reykjavíkur er því sá grundvöllur sem þessi samningur við Menntavísindasvið hvílir á en hann fjallar um samstarf varðandi starfsþróun starfsfólks á leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Samstarfið felst annars vegar í samvinnu um þróun námskeiða, ýmist einingabær eða sértæk og hins vegar um ráðgjöf og faglega leiðsögn.

7. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hversu mörg börn sem verða orðin 18 mánaða 1. september hafa ekki fengið úthlutað leikskólaplássi í haust?

SFS2019030198

8. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hver er staðan á tillögu sem samþykkt var 9. október síðastliðinn varðandi aukinn stuðning við dagforeldra í Reykjavík? Gott væri að fá svörin í þeim 9 liðum sem tillagan er í.

SFS2019030199

- Kl. 14.26 víkur Guðrún Edda Bentsdóttir af fundinum og Soffía Vagnsdóttir tekur þar sæti.

Fundi slitið kl. 14:29

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Líf Magneudóttir
Valgerður Sigurðardóttir

Katrín Atladóttir
Pawel Bartoszek

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 27. mars, var haldinn 157. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn höfst í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 9.07. Fundinn sátu Skúli Helgason (S), formaður, Katrín Atladóttir (D), Pawel Bartoszek (C) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðahl, starfsfolk í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingí Gíslason, kennarar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Daniel Benediktsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Rúnar Gunnarsson, Soffia Pálsdóttir og Soffia Vagnsdóttir. Eygló Traustadóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á fjárfestingaáætlun skóla- og frístundasviðs 2020-2024.
Guðlaug S. Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
 - Kl. 9.20 taka Alexandra Briem og Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.
 - Kl. 10.10 taka Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir og Örn Þórðarson sæti á fundinum.
2. Fram fer kynning á húsnæðismálum skóla- og frístundastarfs.
3. Fram fer umræða um fjárfestingaáætlun og húsnæðismál skóla- og frístundasviðs.
 - Kl. 10.37 víkur Pawel Bartoszek af fundinum.
 - Kl. 10.53 víkur Katrín Atladóttir af fundinum.
 - Kl. 11.19 víkur Anna Metta Norðahl af fundinum.

Fundi slitið kl. 11.27

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Pawel Bartoszek
Örn Þórðarson

Katrín Atladóttir
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 9. apríl, var haldinn 158. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Vísu í Hörpu í Reykjavík kl. 13.00. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Pawel Bartoszek (C), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum; Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum og Sindri Bjarkason, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffia Pálsdóttir og Soffia Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggssdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. mars 2019, ásamt umsögn skólaráðs Háaleitisskóla um tillöguna, dags. 8. mars 2019 og umsögn foreldrafélags Háaleitisskóla um tillöguna, dags. 26. mars 2019:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að sett verði á laggirnar stoðdeild þar sem þróað verður starf fyrir börn einna helst í 3. – 10. bekk sem þurfa sértækan stuðning við að hefja nám í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Í þessum hópi eru fyrst og fremst börn umsækjenda um alþjóðlega vernd og í einhverjum tilfellum börn sem hafa mjög rofna skólagöngu erlendis að baki. Deildin verður starfrækt við Háaleitisskóla – Álfatamýri frá og með skólaárinu 2019-2020.

Greinargerð fylgir tillögunni. SFS2019030066

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Sá hópur grunnskólanemenda sem sækir um alþjóðlega vernd er ekki einsleitur og það er afar mikilvægt að standa vel að því að taka á móti honum í skólakerfinu á forsendum hvers og eins. Undanfarin ár hefur hópurinn farið stækandi og samhlíða því er aukin þjónustuþörf fyrir þennan viðkvæma hóp. Það er ekki síður mikilvægt að hlúa að félagslegri stöðu hans eins og námslegri sama hversu lengi hann staldrar við á Íslandi. Stoðdeildin sem nú er verið að setja á laggirnar í Háaleitisskóla - Álfatamýri er hugsuð sem tímabundið úrræði fyrir grunnskólabörn sem hafa sótt um alþjóðlega vernd á meðan unnið er að mati á námslegri stöðu þeirra og félagsfærni og líðan. Í stoðdeildinni verður lögð áhersla á að vinna og byggja upp heildrænan skóladag í góðu samstarfi við frístundamiðstöðina Kringlumýri og annarra aðila í hverfinu. Búseta nemenda er víðsvegar í Reykjavík og verða samgöngur tryggðar fyrir þau í og úr skóla meðan á dvölinni í stoðdeildinni stendur. Markmiðið með stoðdeildinni er að undirbúa nemendur síðar meir til að sækja nám og félagsstarf í sínu hverfi.

2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. mars 2019, um tillögur starfshóps um markvisst verklag við útfærslu tillagna fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík, aðgerðabundin og tímasett markmiðaáætlun vegna tillagnanna og skýrsla starfshóps um markvisst verklag við útfærslu tillagna fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík, dags. í nóvember 2018. SFS2018110057

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Dröfn Rafnsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 13.37 tekur Anna Garðarsdóttir sæti á fundinum.

Áheyrnarfulltrúar kennara í grunnskólum og skólastjóra í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar Kennarafélags Reykjavíkur og Félags skólastjórnenda í Reykjavík fagna framkominni markmiðaáætlun vegna læsis. Áætlunin er ítarleg og tekur til ólíkra þáttu læsis og vinnu við að auka færni nemenda. Fulltrúar vilja áréttu það að þeir telja umrædda áætlun vera vegvísi í málaflokknum en horfa þarf til þeirra sérfræðinga sem sinna kennslunni í hverjum skóla þegar kemur að útfærslu hennar. Hver skóli þarf að fá að útfæra lestrarkennslu út frá meginstefnunni sem fram kemur í áætluninni en lykillinn að árangri í lestrarnámi er innleiðing hennar og þá innleiðingu verða kennrarar að leiða, hver í sinni kennslustofu í sínum skóla. Á þann hátt mun bestur árangur nást.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tekið er undir þau sjónarmið í skýrslunni að sérfræðibjónusta skóla tilheyri skóla- og frístundasviði en ekki velferðarsviði og að kennsluráðgjafar starfi samkvæmt stefnu sviðsins. Mikilvægt er að jafnræðis gæti milli skóla og hverfa hvað þessa þjónustu varðar og stytta þarf boðleiðir. Í því sambandi er nauðsynlegt að farið verði að tillögum fagráðsins um endurskoðun á skólabjónustu, hvað varðar hlutverk kennsluráðgjafa, sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðinga og staðsetningu þeirra undir skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Læsi er einn af fimm hæfniþáttum nýrrar menntastefnu og Miðja máls og læsis hefur það sérhæfða hlutverk að styðja við bakið á starfsstöðvum sviðsins varðandi eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings. Hér er lögð fram tillaga um nánari útfærslu á tillögum fagráðs sem lagði grunn að læsisstefnu borgarinnar þar með talið um áfangaskiptingu á metnaðarfullum markmiðum um bættan árangur nemenda.

3. Lagt fram nýtt rekstarleyfi fyrir Barnaheimilið Ós ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á rekstarleyfi Barnaheimilisins Óss, dags. 4. apríl 2019. SFS2017100143

Samþykkt og vísað til borgarráðs með þeirri breytingu að fram komi í rekstrarleyfi að það nái til 48 barna á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þarf af til 7 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Í samræmi við fyrrí ákvörðun skóla- og frístundaráðs eru gerðir samningar við Barnaheimilið Ós og Sælukot um sérstaka samninga vegna barna á aldrinum 12-18 mánaða. Samningarnir eru liður í aðgerðaráætluninni Brúum bilið, munu fjölgja þeim leikskólaplássum í borginni sem ætluð eru yngstu börnunum um rúmlega 30 og því ber að fagna.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytt framlag vegna opnunar ungbarnadeildar í Barnaheimilinu Ósi, dags. 20. mars 2019, bréf stjórnar Barnaheimilisins Óss varðandi breytingu á framlagi vegna opnun ungbarnadeildar, dags. 11. mars 2019, reglur um rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið vegna barna frá 18 mánaða til 6 ára sem tók gildi 1. janúar 2019 og reglur

um rekstrar- og húsnaðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið vegna barna 6/9 mánaða til 36 mánaða sem tók gildi 1. janúar 2019:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. mars 2019, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Barnaheimilisins Óss verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára verði 41. Jafnframt verði heimilt að greiða framlag vegna 7 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða á forsendum samninga vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða. Breytingin taki gildi 1. september 2019. Sviðsstjóra er falið að gera samninga við Barnaheimilið Os vegna framlagsins.

Samþykkt og vísað til borgarráðs. SFS2017100143

- Kl. 13.50 víkur Eygló Traustadóttir af fundinum.
- 5. Lagt fram nýtt rekstarleyfi fyrir leikskólann Sælukot ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á rekstarleyfi leikskólans Sælukots, dags. 20. mars 2019. SFS2019020055

Samþykkt og vísað til borgarráðs með þeirri breytingu að fram komi í rekstrarleyfi að það nái til 72 tveggja barna á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða.

- 6. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytt framlag vegna opnunar ungbarnadeilda í leikskólanum Sælukoti, dags. 20. mars 2019, bréf leikskólans Sælukots varðandi breytingu á framlagi vegna opnunar ungbarnadeilda, ódags, reglur um rekstrar- og húsnaðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið vegna barna frá 18 mánaða til 6 ára sem tók gildi 1. janúar 2019, reglur um rekstrar- og húsnaðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið vegna barna 6/9 mánaða til 36 mánaða sem tók gildi 1. janúar 2019 og samningur skóla- og frístundasviðs og leikskólans Sælukots um framlag vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum Sælukoti, dags. 29. nóvember 2018:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. mars 2019, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til leikskólans Sælukots verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 52 vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára á forsendum samninga vegna barna á þeim aldri og 20 vegna barna á aldrinum 12 til 18 mánaða á forsendum samninga vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða frá 1. september 2019. Sviðsstjóra er falið að gera samninga við leikskólann Sælukot vegna framlagsins.

Samþykkt og vísað til borgarráðs. SFS2019020055

- 7. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um aukið framlag til Skóla Ísaks Jónssonar vegna reksturs leikskóladeilda fyrir fimm ára börn, dags. 2. apríl 2019, beiðni Skóla Ísaks Jónssonar um aukið framlag, ódags., samningur skóla- og frístundasviðs og Skóla Ísaks Jónssonar um vistun reykvískra barna sem verða fimm ára á árinu sem þau hefja skólagöngu í leikskóladeild leikskólans að hausti, dags. 31. janúar 2019 og umsögn fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um beiðni Skóla Ísaks Jónssonar, dags. 25. mars 2019:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 2. apríl 2019, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra fimm ára barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Skóla Ísaks Jónssonar verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 65 barna frá 1. maí 2019 í stað 61 barns. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við nágildandi samning skólans, dags. 31. janúar 2019.

Samþykkt og vísað til borgarráðs. SFS2019040036

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt umsögn fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um breytingu á reglum vegna systkinaafsláttar, dags. 27. febrúar 2019:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að gerðar verði breytingar á ákvæðum er varða systkinaafslátt í reglum um leikskólapjónustu, reglum um þjónustu frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva með þeim hætti að barnafjölskyldur greiði námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig. Breytingarnar gildi frá 1. janúar 2019.

Greinargerð fylgir tillögunni. SFS2019040040

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er sérstakt metnaðarmál núverandi meirihluta Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna að búa vel að barnafólki með því að halda gjaldtöku í lágmarki fyrir þá þjónustu sem barnafolk þarf sérstaklega að sækja til borgarinnar. Þess vegna er mikilvægt skref stigið með því að hækka systkinaafslætti þvert á skólastig með því að foreldrar greiði einungis námsgjald fyrir eitt barn en gjaldið falli niður fyrir eldri systkini. Hér er mikið hagsmunamál á ferðinni fyrir fjölmargar barnafjölskyldur í borginni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisfloks í skóla- og frístundaráði fagna þessari tillögu um að hækka systkinaafslætti þvert á skólastig enda mikilvægt fyrir hagsmuni barnafjölskyldna í borginni. Jafnframt vilja fulltrúar Sjálfstæðisfloks minna á þá góðu leið að veita jöfn fjárfamlög úr borgarsjóði með hverjum nemanda sem lögheimili á í Reykjavík og sækir þar leikskóla/grunnskóla og/eða frístundaheimili. Skal sama upphæð opinbers fjár því fylgja hverju barni í skólakerfinu, óháð rekstrarformi viðkomandi leikskóla, grunnskóla eða frístundaheimilis.

9. Lögð fram tillaga og greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi breytingar á reglum um leikskólapjónustu, dags. 2. apríl 2019 ásamt umsögn fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um breytingu á reglum vegna systkinaafsláttar, dags. 27. febrúar 2019, reglum um leikskólapjónustu með breytingum og núgildandi reglum um leikskólapjónustu. SFS2019040037

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

10. Lögð fram tillaga og greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila, dags. 4. apríl 2019, ásamt umsögn fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um breytingu á reglum vegna systkinaafsláttar, dags. 27. febrúar 2019, reglum um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar með breytingum og núgildandi reglum um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar. SFS2019040038

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að starfsmenn frístundaheimila fái frí þegar grunnskólar borgarinnar fara í vetrarleyfi. Þannig er gætt jafhraðis milli starfsmanna skólanna enda stendur nemendum ekki til boða þjónusta frístundaheimilanna í vetrarleyfum.

Frestað.

11. Lögð fram tillaga og greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu félagsmiðstöðva, dags. 4. apríl 2019, ásamt umsögn fjármálastkrifstofu Reykjavíkurborgar um breytingu á reglum vegna systkinaafsláttar, dags. 27. febrúar 2019, reglum um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar með breytingum og núgildandi reglum um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar. SFS2019040039

- kl. 14:25 víkur Skúli Helgason af fundinum.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

- Kl. 14:37 víkja Magnús Þór Jónsson, Jón Ingi Gíslason og Sindri Bjarkason af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að húsnæðishluti reglanna grein 10 verði skýr fyrir 1. maí þegar nýjar reglur eiga að taka gildi þannig að aðstaða fyrir starfið verði tryggt.

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að gefa starfshóp er stofnaður var til þess að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, skólahverfum Kelduskóla og Vættaskóla lengri tíma til þess að útfæra sína vinnu. Til stendur að hópurinn skili niðurstöðum til sviðsstjóra eigi síðar en 29. apríl 2019. Líkt og bent er á í skýrslu Intellecta þá var stofnun nýs skóla- og frístundasviðs og sameiningarferli leikskóla og grunnskóla viðamikið verkefni sem hafði ekki fyrirfram augljósan og óumdeilanlegan ávinning. Þetta kemur fram í óháðri úttekt sem Intellecta gerði fyrir Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. Því er mikilvægt að vanda gríðarlega þá vinnu sem nú hefur verið sett af stað. Páskar og aðrir frídagarskerða verulega þann tíma sem þessi hópur hefur til þess að vinna og því leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokkss til að hópurinn fái tíma til 31. maí 2019.

Frestað. SFS2019020105

Fundi slitið kl. 14:42

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem
Marta Guðjónsdóttir
Örn Þórðarson

Líf Magneudóttir
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 23. apríl, var haldinn 159. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.33. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Katrín Atladóttir (D), Líf Magneudóttir (V), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúuar: Anna Metta Norðahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum; Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum og Sindri Bjarkason, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Elín Norðmann, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir. Eygló Traustadóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á niðurstöðum Heilbrigðiseftirlits á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs árið 2018. SFS2019030140

Berglind Ósk Þórólfssdóttir, Helgi Guðjónsson, Kolbrún Georgsdóttir, Rósa Magnúsdóttir, Agnar Guðlaugsson og Daníel Benediktsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.42 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 12.54 tekur Soffía Vagnsdóttir sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs þakkar starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir skilmerkilega og góða framsetningu á niðurstöðum eftirlits í leik- og grunnskólum og frístundaheimilum og samanburði á milli ára. Niðurstöðurnar sýna að margt hefur áunnist við að draga úr raka- og loftgæðavandamálum milli ára og staðan er betri varðandi ástand skólalóða og skólamötuneyta. Hins vegar er meira um frávik og ábendingar varðandi almenn þrif og viðhald sem þarf að taka á. Það er mikilvægt að starfsfólk á hverjum stað sé meðvitað um þá eftirlitsþætti sem þurfa að vera í lagi í umhverfi barna og að það sé í virku samtali við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telji það að eitthvað þarfist aðhlynningar eða viðhalds. Það þurfa allir að vera samtaka og viðbragðsgóðir í að gera úrbætur þegar eitthvað aflaga fer og því er góð upplýsingamiðlun og samtal milli stjórnenda, starfsfólks, Heilbrigðiseftirlitsins og sviða borgarinnar afar mikilvægt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði telja það verulegt áhyggjuefni hversu viðhaldi hafi illa verið sinnt á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs, sem berlega kemur í ljós í framlögðu yfirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Skólahúsnaði liggur víða undir skemmdum og hefur í för með sér heilsufársleg vandamál bæði fyrir starfsfólk og nemendur. Á þessum vanda verður að taka, enda eru leik- og grunnskólar rukkaðir um innri leigu sem á að standa straum af öllum viðhaldskostnaði. Það er mikilvægt að þeir peningar sem teknir eru af skólunum og eyrnamerkir viðhaldi komi til baka til þeirra.

2. Fram fer umræða um fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2020, trúnaðarmál. SFS2019020034
3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 22. janúar 2019 ásamt minnisblaði svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. mars 2019, um tillöguna:

Flokkur fólksins leggur til að kössum verði komið upp í miðrými skóla í Reykjavík, þar sem börn, foreldrar/forsjáraðilar og aðrir sem tengjast skólastarfini geti komið óskum sínum, tillögum, skilaboðum eða ábendingum á framfæri með einföldum hætti er varða skólastarfið. Tillaga þessi er hugsuð til að auðvelda börnum og forráðamönnum að hafa áhrif á skólastarfið og velferð barnanna í skólanum.

Greinargerð fylgir tillögunni. SFS2019010157

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstrri grænna leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að beina þeim tilmælum til stjórnenda í grunnskólum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkur að leita leiða til að tryggja að börn, foreldrar/forsjáraðilar og aðrir sem tengjast skóla- og frístundastarfi geti komið óskum sínum, tillögum, skilaboðum eða ábendingum á framfæri með einföldum hætti er varða skóla- og frístundastarfið, t.d. með hugmyndakössum. Tillaga þessi er hugsuð til að auðvelda börnum og foreldrum að hafa áhrif á starfið og velferð barna og ungmenna í samræmi við áherslur nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar um félagsfærni og sjálfseflingu barna og ungmenna þ.m.t. lýðræðislega virkni.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Valdefling barna og ungmenna er mikilvægt markmið nýrrar menntastefnu og í þeim anda samþykkjum við að beina þeim tilmælum til stjórnenda í grunnskólum og frístundamiðstöðvum að tryggja að börn og forráðamenn þeirra geti komið óskum, tillögum og ábendingum á framfæri varðandi skóla- og frístundastarfið.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 9. apríl 2019:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að gefa starfshópi er stofnaður var til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, skólahverfum Kelduskóla og Vættaskóla lengri tíma til þess að útfæra sína vinna. Til stendur að hópurinn skili niðurstöðum til sviðsstjóra eigi síðar en 29. apríl 2019. Líkt og bent er á í skýrslu Intellecta þá var stofnun nýs skóla- og frístundasviðs og sameiningarferli leikskóla og grunnskóla viðamikið verkefni sem hafði ekki fyrirfram augljósan og óumdeilanlegan ávinning. Þetta kemur fram í óháðri úttekt sem Intellecta gerði fyrir Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. Því er mikilvægt að vanda gríðarlega þá vinna sem nú hefur verið sett af stað. Páskar og aðrir frídagarár skerða verulega þann tíma sem þessi hópur hefur til þess að vinna og því leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokk til að hópurinn fái tíma til 31. maí 2019.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstrri grænna leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að framlengja skilafrest starfshóps um framtíðarskipan grunnskóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Hópnum var samkvæmt tillögu sem samþykkt var í skóla- og frístundaráði 12. mars síðastliðinn ætlað að skila niðurstöðum til sviðsstjóra eigi síðar en 29. apríl 2019. Starfshópurinn hefur óskað eftir rýmri tíma til að ljúka sinni vinna og er lagt til að skilafresturinn verði framlengdur til 20. maí 2019.

Samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstrri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins. SFS2019020105

- Kl. 14.30 víkja Jón Ingi Gíslason og Magnús Þór Jónsson af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúum Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði finnast það léleg vinnubrögð hjá meirihlutanum í skóla- og frístundaráði að geta ekki samþykkt bá tillögu er beir komu með á fundi skóla- og frístundaráðs 9. apríl 2019 um bað að framlengia frest starfshóps um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi. Það væri algerlega sársaukalaust fyrir meirihlutann í skóla- og frístundaráði að vinna í viðkvæmum málum með minnihlutanum bannig að betri samstaða og samráð geti náðst. Öll erum við jú að vinna með hagsmuni barna í Reykjavík að leiðarljósi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Starfshópur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi hefur óskað eftir viðbótarfresti til að skila niðurstöðum og er hér með samþykkt að koma til móts við þær óskir með því að framlengja til 20. maí. Það gefur tækifæri til að taka vinnu starfshópsins til meðferðar á fundi skóla- og frístundaráðs 28. maí og þar með mæta óskum íbúa og foreldra um að ekki verði of mikill dráttur á niðurstöðu þessa máls.

- Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 28. febrúar 2019, um tillöguna:

Flokkur fólksins leggur til að gerðar verði breytingar á forgangsreglum í leikskóla bannig að einstætt foreldri sem er með fullt forræði yfir barninu fái forgang í þeim tilfellum sem hitt foreldrið tekur ekki fæðingarorlof. Í bessum tilfellum barf hið einstæða foreldri að fara út á vinnumarkaðinn bremur mánuðum fyrr en ella, b.e. begar barnið er 6 mánaða. Ef forsiárlaust foreldri tekur ekki fæðingarorlof situr forsjárfareldrið ekki við sama borð og foreldrar sem deila með sér fæðingarorlofi.

Tillagan er felld. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá. SFS2019010146

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð tekur undir þær áhyggjur sem fram koma í tillöggunni, en lítur svo á að heppilegra sé að yfirfara inntökureglur leikskóla borgarinnar heildrænt og þá verði þessi sjónarmið höfð með í þeirri vinnu.

- Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. apríl 2019, um tillöguna:

Flokkur fólksins leggur til að borgin fjármagni að fullu Vináttuverkefni Barnaheilla fyrir bá leik- og grunnskóla sem bess óska. Rökin með bessari tillögu hafa verið reifuð oft áður og skemmt er að nefna að góð revnsla er af verkefninu sem hjálpar börnum að fyrirbyggja og leysa úr ýmsum tilfinningalegum og félagslegum vanda.

Tillagan er felld. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá. SFS2018090085

- Lögð fram hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík, dags. 5. febrúar 2019, um verkefnið Vináttu og sambærileg forvarnarverkefni gegn einelti.

Tillagan er felld. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá. SFS2019020017

- Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. apríl 2019, um summaropnanir í leikskólum Reykjavíkurborgar sumarið 2019. SFS2018090095

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að tilraunaverkefni um sumaropnanir leikskóla sé unnið í góðri sátt leikskólastjórmenda og annarra starfsmanna leikskólanna. Þess verði gætt að orlofstaka starfsfólks þessara leikskóla sé til jafns við það sem almennt gerist. Sömuleiðis að tryggt verði fjármagn til að mæta hugsanlegum kostnaðarauka sem gæti fylgt þessu tilraunaverkefni. Tölurnar sýna að þau börn sem nýta sumaropnanir eru að mestu leyti börn í þeim leikskólum sem eru opnir. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins telja það ekki góðs viti og vona að fylgst verði vel með þessu verkefni í framhaldinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Ákveðinn hópur foreldra hefur um árabil óskað eftir meiri sveigjanleika varðandi sumaropnum leikskóla. Með tilraunaverkefninu er verið að koma til móts við bessi sjónarmið og verður lagt mat á framvindu bess eftir sumarið þar sem leitað verður eftir sjónarmiðum foreldra, starfsfólks og stjórnenda.

9. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. apríl 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 153. fundi skóla- og frístundaráðs, um fjölda leikskólakennara í leikskólum Reykjavíkurborgar. SFS2019020061

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins í skóla- og frístundaráði hafa áhvoggjur af fækken leikskólakennara hiá leikskólum Reykjavíkurborgar. Meðan stöðugildum starfsmanna fer fiölgandi bá fækkar stöðugiltum leikskólakennara og voru bau árið 2018 259 en 348 árið 2015. Fulltrúarnir telja að ráðast verði í átaksverkefni sem miðar að hví að fiölgia leikskólakennurum hiá leikskólum Reykjavíkurborgar. Þar má horfa til annarra sveitarfélaga sem hafa átt auðvelt með það að ráða til sín leikskólakennara og því sem vel er gert hjá þeim.

10. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. apríl 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 156. fundi skóla- og frístundaráðs, um úthlutun leikskólaplássa. SFS2019030198

Fundi slitið kl. 15:12

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Líf Magneudóttir
Valgerður Sigurðardóttir

Katrín Atladóttir
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir
Örn Þórðarson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 14. maí, var haldinn 160. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 9.02. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Líf Magneudóttir (V), Paweł Bartoszek (C), Sanna Magdalena Mörtudóttir (J), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar og Jón Ingi Gíslason, kennara í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Jóhanna H. Marteinsdóttir, Kristján Gunnarsson og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan Starfsþróun grunnskólakennara í Reykjavík: Viðhorf skólastjörnenda, dags. í apríl 2019. SFS2019050089

Ingvar Sigurgeirsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 9.18 tekur Sigríður Björk Einarsdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 9.30 tekur Magnús Þór Jónsson sæti á fundinum.

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra í grunnskólum og kennara í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar Félags skólastjörnenda í Reykjavík og Kennarafélags Reykjavíkur fagna samantektarskýrslu Ingvars Sigurgeirssonar um viðhorf skólastjóra til starfsþróunar grunnskólakennara borgarinnar. Í henni er farið yfir ólíkar hugmyndir sem fulltrúar félaganna telja brýnt að verði tekna upp og ræddar á samráðsvettvangi stjórnna félaganna með það að markmiði að efla kennara í störfum þeirra og virkja sérfræðikunnáttu samstarfsfólkí sínu og nemendum til heilla.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokkus leggja fram svohljóðandi bókun:

Starfsþróun er gríðarlega mikilvægur hluti af skapandi lærðómssamfélagi og nú liggur fyrir yfirgrípsmikil úttekt Ingvars Sigurgeirssonar og Lilju M. Jónsdóttur á starfsþróun grunnskólakennara í Reykjavík þar sem byggt er á viðhorfum skólastjörnenda í borginni. Skýrslan er mikilvægt innlegg í umbætur á fyrirkomulagi starfsþróunar í borginni þar sem er lofsvert að framboð á starfsþróun er mikið en styrkja þarf námskeiðahald í tilteknun greinum s.s. stærðfræði og náttúrugreinum. Mikilvægt er að grunnskólanir í Reykjavík öðlist stærri hlutdeild í úthlutuðu fjármagni úr stærstu þróunarsjóðunum og að eftirfylgd með fjármagni sé betri. Sérstaka athygli vekur að engar upplýsingar liggja fyrir um nýtingu fjármagns til starfsþróunar í Vonarsjóði. Mikilvægt er að nýta tækifærið sem felst í nýjum samstarfssamningi skóla- og frístundasviðs og menntavísindasviðs Háskóla Íslands til að nýta betur það fjármagn sem varið er til starfsþróunar kennara. Þá er nauðsynlegt að taka málið upp og leita eftir sjónarmiðum kennaraforyrstunnar og eiga gott samstarf við forystu kennara og skólastjörnenda um næstu skref.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að settur verði á fót starfshópur um framtíðarskipan stjórnunar í leikskólunum Suðurborg og Hólaborg með teymisstjórnun og aukið samstarf að leiðarljósi, í anda nýrrar menntastefnu Reykjavíkur. Áður samþykkt tillaga skóla- og frístundaráðs frá 28. febrúar 2019 um sameinaða yfirstjórn leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar er dregin til baka. Auglýstar verði stöður leikskólastjóra beggja leikskóla og faglegt sjálfstæði þeirra áréttar

en lögð áhersla á aukið samstarf þeirra á sviðum fagstarfs, stjórnunar, mannauðsmála og rekstrar. Verkefni starfshópsins verði að móta og leggja fram tillögur varðandi aukið samstarf, breytta verkaskiptingu og betri nýtingu mannauðs og fjármagns í leikskólunum tveimur. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum stjórnenda, starfsfólks og skóla- og frístundasviðs. Hópurinn skal jafnframt hafa samráð við foreldraráð beggja leikskóla. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir 1. desember 2019.

Greinargerð fylgir tillögunni. SFS2019010039

Samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins og Sósíalistaflokks Íslands sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar skóla- og frístundasviðs, ásamt fulltrúum ráðsins, hafa átt í góðu samtali við stjórnendur, kennara og foreldra í Suðurborg og Hólaborg í kjölfar umræðu sem spratt upp vegna tillögu um sameiginlega yfirstjórn leikskólanna, sem samþykkt var í ráðinu 28. febrúar 2019. Niðurstaða þessa samráðs er að meirihlutinn leggur til að málið verði sett í nýjan farveg, fyrri tillaga lögð til hliðar en sett af stað vinna við að móta framtíðarskipan stjórnunar í leikskólunum tveimur sem samræmist áherslum nýrrar menntastefnu um skapandi lærðómssamfélag og áformum um skipulagsbreytingar í anda dreifstýringar þar sem miðlægur stuðningur skóla- og frístundasviðs færst í auknum mæli nær vettvangi. Starfshópnum er falið að að útfæra slíkar hugmyndir um samstarf og teymisstjórnun leikskólanna með það að markmiði að léttu á lagi af leikskólastjórum, styrkja millistjórnendur í hlutverkum sínum og nýta betur fjármagn og mannauð í leikskólunum tveimur. Leikskólarnir verða áfram undir stjórn tveggja leikskólastjóra og er stefnt að því að samlegðaráhrifin af auknu samstarfi og teymisstjórnun muni skila bættu starfsumhverfi, betri rekstri og blómlegu leikskólastarfi fyrir börnin í hverfinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins í skóla- og frístundaráði vilja leggja mikla áherslu á það að öll vinna um framtíðarskipan stjórnunar í leikskólunum Suðurborg og Hólaborg verði vönduð, fagleg og í góðu samstarfi við alla hagsmunaaðila. Það hefur komið mikil og skýr andstaða frá foreldrum og starfsmönnum vegna þessara vinnu. Stöðugleiki í skólastarfi og starfsmannamálum er afar mikilvægar þáttur í stjórnun skóla, mikil ánægja hefur komið fram með þjónustu skólanna sem byggir á ólíkri faglegri nálgun og eykur fjölbreytileika og valkostí í skólamálum í hverfinu. Raddir foreldra, starfsfólks og íbúa í hverfinu eru ákaflega mikilvægar og nauðsynlegt að hlustað sé á þær af virðingu og skilningi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Jákvætt er að sjá að áður samþykkt tillaga um sameinaða yfirstjórn leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar hafi verið dregin til baka en hún mætti andstöðu á meðal starfsfólks leikskólanna en ólík stefna er rekin á leikskólunum og starfsfólk leikskólanna lagðist gegn hugmyndum um samrekstur. Fulltrúi Sósíalistaflokkssins telur mikilvægt að raddir þeirra sem vinna á umræddum leikskólum og hafa þekkingu af aðstæðum komi að mótu framtíðarskipan innan leikskólanna. Í þessari tillögu kemur fram að faglegt sjálfstæði leikskólanna verði áréftað sem er jákvætt en að lögð verði áhersla á aukið samstarf þeirra á sviðum fagstarfs, stjórnunar, mannauðsmála og rekstrar. Fulltrúi Sósíalistaflokkssins leggur áherslu á mikilvægi þess að raddir starfsfólks og foreldra komi að framtíðarskipan leikskólanna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins óska eftir upplýsingum um það hversu margir starfsmenn hafa hætt á leikskólunum Hólaborg og Suðurborg eftir að Reykjavíkurborg upplýsti um áform

sín um það að sameina þessa two skóla. Eins er óskað eftir upplýsingum um það hversu margir starfsmenn hafa sagt upp störfum en hafa ekki látið af störfum síðan þessi áform voru kynnt.

3. Lagt fram erindisbréf stýrihóps um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík. SFS2018120032 Samþykkt.
4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um sumarstörf í leikskólum 2019, dags. 8. maí 2019. SFS2018030076

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið fagnaðarefnni hve góð viðbrögð hafa verið við verkefninu Sumarstörf í leikskólum sem sett var á laggirnar í fyrrasumar. Mikil ánægja hefur verið með verkefnið bæði af hálfu viðkomandi ungmenna og leikskólastjórnenda og nú liggur fyrir að búið er að ráða 84 sumarstarfsmenn úr þeim 250 umsóknum sem bárust um störfin. Sérstaklega er skemmtilegt að verkefnið virðist þegar hafa kveikt áhuga ungs folks á því að velja nám í leikskólakennarafræðum.

- Kl. 10.28 taka Guðrún Kaldal og Soffía Pálsdóttir sæti á fundinum.
- 5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um leyfi til daggæslu barna í Reykjavík 2018, dags. 2. maí 2019 ásamt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005. SFS2019050083

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Siálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði hafa áhyggjur af beirri miklu fækkun sem hefur orðið í stétt dagforeldra. Dagforeldrar gegna veigamiklu hlutverki til bess að brúa bil á milli fæðingarorlofs og bess tíma þegar foreldrar fá úthlutuðu plássi á leikskólum Reykjavíkurborgar. Dagforeldrar eru mikilvæg viðbót við valkosti foreldra og geta í mörgum tilvikum verið hentugri kostur en hefðbundnr leikskólar. Dagforeldrar geta líka hentað til að iafna sveiflur þegar ásókn vex vegna stórra árganga eða breytinga í íbúasamsetningu hverfa. Hlúa þarf frekar að mikilvægu starfi og en um leið viðkvæmu starfsumhverfi dagforeldra.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum á árinu 2018, dags. 8. apríl 2019. SFS2019050082

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihluta í skóla- og frístundaráði þakka yfirferðina. Jafnframt er því beint til ráðherra að endurskoða reglugerð um daggæslu í heimahúsum. Falla ætti frá stífri kröfu um þrjár óboðaðar eftirlitsheimsóknir og leggja áherslur á fjölbreyttari og sveigjanlegri stuðnings- og eftirlitsaðgerðir þegar kemur að daggæslu í heimahúsum.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. maí 2019, um þátttöku Reykjavíkurborgar í fundinum Borgir framtíðar sem haldinn verður í London 6. og 7. júní 2019. SFS2019050093
8. Lögð fram dagskrá Höfuð í bleyti 2019, uppskeruhátiðar frístundamiðstöðvanna í Reykjavík. SFS2019050087
9. Fram fer kynning á könnun á viðhorfum foreldra barna í frístundaheimilum Reykjavíkurborgar 2018. SFS2019050094

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir og Ásgeir Björgvinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 11.02 víkur Kristján Gunnarsson af fundinum.
10. Lögð fram skýrslan Foreldrakönnun: Sumarstarf frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva 2018, dags. í janúar 2019. SFS2019050095

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir og Ásgeir Björgvinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Fram fer kynning á sumarstarfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva 2019. SFS2019050096
12. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um ráðningu í stöðu skólastjóra Foldaskóla, dags. 7. maí 2019. SFS2019050084

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Foldaskóla Kistrúnu Guðjónsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi skólastjóra Báru Jóhannsdóttur fyrir vel unnin störf.

13. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um ráðningu í stöðu leikskólastjóra Funaborgar, dags. 2. maí 2019. SFS2019050085

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Funaborgar Agnesi Jónsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar.

14. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um ráðningu í stöðu leikskólastjóra Rauðaborgar, dags. 9. maí 2019. SFS2019050086

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Rauðaborgar Dagbjörtru Svövu Jónsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leikskólastjóra Ástu Birnu Stefánsdóttur fyrir vel unnin störf.

- Kl. 11.58 víkur Sigríður Björk Einarsdóttir af fundinum.
15. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. maí 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 153. fundi skóla- og frístundaráðs, um stöðu tillagna um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara. SFS2019020060

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir þá miklu og vönduðu vinnu sem hefur verið lögð í það að svara þessari mikilvægu fyrirspurn um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara. Margt hefur unnið en ennþá eru nokkrir liðir sem ekki eru hafnir, þar sem fjárveiting hefur ekki verið tryggð. Það er gríðarlega mikilvægt og brynt að fjármagni sé úthlutað í þessa liði sem fyrst svo að vinna geti hafist við þessar tillögur sem enn bíða þess að hrint verði í framkvæmd. Framlagt yfirlit er mikilvægt gagn fyrir kjörna fulltrúa að sinna hlutverki sínu í skóla- og frístundaráði.

16. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. maí 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 153. fundi skóla- og frístundaráðs, um athugasemdir frá Heilbrigðiseftirlitinu sem ekki hefur verið brugðist við. SFS2019020062

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir þá vinnu sem liggur á bak við það að taka saman þessar upplýsingar. Það vekur athygli að sjá að 22 leikskólar á samtals 26 starfsstöðvum og 12 grunnskólar hafa sent upplýsingar um að ekki hafi verið brugðist við síðustu athugasemnum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 2018. Þessar upplýsingar voru sendar til umhverfis- og skipulagssviðs en engin viðbrögð fengist þaðan. Það er grafalvarlegt að ekki hafi verið brugðist hratt og vel við athugasemnum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Skóla- og frístundaráð ber mesta ábyrgð á aðstæðum á sínum starfsstöðvum og þarf í því ljósi að setja fram skýlausa kröfu um að brugðist sé án tafa við öllum athugasemnum Heilbrigðiseftirlitsins, af hendi þeirra sem sjá um framkvæmdir eða viðbrögð á starfsstöðvum sínum.

17. Fram fer umræða um bruna í Seljaskóla 12. maí 2019. SFS2019050114

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð þakkar stjórnendum, starfsfólki, nemendum og forráðamönnum þeirra í Seljaskóla fyrir að hafa sýnt ótrúlega þrautseigju, fumleysi og fagleg vinnubrögð við erfiðar aðstæður vegna brunans í Seljaskóla. Nauðsynlegt er að tryggja öryggi barna og starfsfólks bæði til bráðabirgða og langframa og vinna við að kortlegga þá valkosti er þegar í fullum gangi. Einnig verður unnið hratt og örugglega í nánu samstarfi skólasamfélagsins og sviðsins að því að tryggja menntun og frístundastarf barna næsta haust.

- Kl. 12.13 víkur Anna Metta Norðahl af fundinum.
- Kl. 12.20 víkja Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir og Helgi Grímsson af fundinum.

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir því að öryggisúttekt verði gerð í öllum leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

SFS2019050116

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir því að athugað verði hvort að mygla finnist í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

SFS2019050117

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss óska eftir sundurliðun á því hversu miklu fjármagni hefur verið veitt til viðhaldsframkvæmda í öllum leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Óskað er eftir þessum tölum sundurliðuðum per skóla á árunum 2018, 2017, 2016 og 2015.

SFS2019050118

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvað hafa margar viðbótardeildir verið opnaðar síðan í febrúar 2019 við leikskóla Reykjavíkur?

SFS2019050119

22. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hefur verið opnuð ungbarnadeild við leikskólann Sunnuás? Ef svo er ekki, hverjar eru þá skýringarnar á því?

SFS2019050120

Fundi slitið kl. 12:46

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Pawel Bartoszek
Valgerður Sigurðardóttir

Líf Magneudóttir
Sanna Magdalena Mörtudóttir
Örn Þórðarson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 28. maí, var haldinn 161. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 11.35. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Katrín Atladóttir (D), Líf Magneudóttir (V), Pawel Bartoszek (C), Rannveig Ernudóttir (P), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggssdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 22. janúar 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tillöguna, dags. 15. maí 2019:

Lagt er til að strax verði brugðist við þeim athugasemdum/frávikum/ábendingum frá Heilbrigðiseftirliti sem átta frístundaheimili hafa fengið og ekki hefur verið brugðist við. Það er óboðlegt að athugasemdum/frávikum/ábendingum frá Heilbrigðiseftirlitinu sé ekki sinnt strax.

Samþykkt. SFS2018100119

- Kl. 11.40 taka Guðrún Gunnarsdóttir og Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir sæti á fundinum.
- 2. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs 28. mars 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tillöguna, dags. 16. apríl 2019:

Lagt er til að starfsemi skólaráða í grunnskólum Reykjavíkur verði könnuð með það að leiðarljósi að skoða hversu lýðræðisleg starfsemi þeirra er með tilliti til þess að hlustað sé á rödd nemenda og tekið mark á þeirra framlagi til betra samfélags í grunnskólum borgarinnar.

Samþykkt. SFS2019040027

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um stöðu innritunar í leikskóla í maí 2019, dags. 27. maí 2019. SFSS2019030198

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Góð staða er á innritun barna í leikskóla borgarinnar fyrir haustið. Búið er að bjóða langstærstum hluta þeirra barna sem verða 18 mánaða 1. september næstkomandi eða rúmlega fimmtán hundruð börnum pláss í leikskóla. Einungis 48 börn sem eru 18 mánaða og eldri eru á biðlista skv. nýjustu tölum. Þá er byrjað að bjóða yngri börnum pláss, sem verða 14-17 mánaða í haust og hefur þegar rúmlega 100 börnum verið boðið í leikskóla, sem sagt meirihluta barna sem eru með umsókn á þessum aldri. Betur gengur að fylla laus pláss á leikskólum borgarinnar samhliða úrbótum á vinnuumhverfi s.s. að fækka börnum á hvern starfsmann.

4. Lagt fram ársuppgjör skóla- og frístundasviðs 2018. SFS2018090028
- Kl. 12.54 víkur Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkars áréttar að fjárhagsáætlun er almennt ætlað að gefa fyrirheit um raunverulegan rekstrarkostnað. Fram hefur komið í ábendingum fulltrúa stjórnenda á starfsstöðvum að áætlun fyrir næsta ár er að mörgu leyti ábótavant, kostnaður víða vanáætlaður og nánast ógerlegt að mæta hagræðingarkröfum. Enn fremur kom fram að innri leiga vegna húsnæðis er hærri en gerist í öðrum sveitarfélögum, sem skekkir samanburð og leiðir til hærri kostnaðar við skólagöngu reykvískra barna. Full ástæða er til að endurskoða vinnulag við fjárhagsáætlanagerð, til að áætlun endurspeglar væntan raunkostnað og sé í takti við það sem víðast tilkast í öðrum sveitarfélögum. Vönduð og raunhæf fjárhagsáætlun sem endurspeglar raunverulegan rekstur skóla borgarinnar, bætir kostnaðarvitund stjórnenda og styrkir þá um leið til að mæta þeirri ábyrgð og þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Misskilnings gætir í bókun Siálfstæðismanna bví undir þessum lið var fiallað um ársuppgjör liðins árs en ekki fjárhagsáætlun næsta árs. Á hitt ber að líta að sviðið hefur óskað eftir auknum fiárheimildum til að mæta halla á auknum rekstrarkostnaði, sem ekki hefur verið verðbættur að fullu undanfarin ár.

5. Lagt fram yfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs yfir 1. m.kr. janúar til desember 2018. SFS2018060175
6. Lagt fram yfirlit yfir ferðir starfsmanna skóla- og frístundasviðs og kjörinna fulltrúa, október til desember 2018, dags. 14. maí 2019. SFS2018060173
7. Lagt fram yfirlit yfir styrki skóla- og frístundaráðs árið 2017. SFS2019050121

Guðrún Edda Bentsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Fram fer kynning á stöðu framkvæmda við grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Ámundi V. Brynjólfsson, Agnar Guðlaugsson og Kristján Sigurgeirsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um ráðningu í stöðu skólastjóra við Rimaskóla, dags. 16. maí 2019. SFS2019030153

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Rimaskóla Þórönnu Rósu Ólafsdóttur til hammingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi skólastjóra Helga Árnasyni fyrir vel unnin störf.

10. Lagt fram yfirlit yfir fundi skóla- og frístundaráðs ágúst til desember 2019, með fyrirvara um breytingar. SFS2017050059
 11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. maí 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 152. fundi skóla- og frístundaráðs, um myglu í húsnæði frístundamiðstöðva. SFS2019010156
 12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. maí 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 152. fundi skóla- og frístundaráðs, um lausn húsnæðisvanda sjö frístundaheimila. SFS2018100118
- Kl. 13.55 víkja Magnús Þór Jónsson og Anna Metta Norðahl af fundinum.

- Kl. 14.00 víkja Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffia Vagnsdóttir af fundinum.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva skora á skóla- og frístundaráð og borgaryfirvöld í Reykjavík að koma með framtíðarlausn í húsnæðismálum frístundmiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Mikilvægt er að skóla- og frístundaráð fái skýr svör frá umhverfis- og skipulagssviði og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar varðandi hvað gera eigi í málefnum þeirra starfsstaða sem glíma við óviðunandi húsnæði og/eða eru í tímabundnu húsnæði vegna myglu eða annars sem hefur áhrif á aðstöðuna. Til að geta uppfyllt gæðakröfur sem að fylgja samþykktum stefnum, frístundastefnu og menntastefnu þá þarf aðbúnaður að vera í lagi. Framkvæmdastjórar óska eftir að úttekt á öllu húsnæði frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem fyrirhugað hefur verið að ráðast í frá því 15. maí 2018, R14120116 og ráðstafanir gerðar þar sem aðstöðunni er ábótavant. Starfshópur um bætt starfsumhverfi í frístundastarfí skilaði skýrslu 25. apríl 2018 og gert var ráð fyrir að tillögur úr þeirri skýrslu kæmu til framkvæmda haustið 2018 og árið 2019. Vinna þarf tímálínu varðandi framkvæmdir og forgangsraða þannig að hafist verði handa þar sem aðstaðan er verst. Mikilvægt er að umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofa eigna og atvinnuþróunar sem hafa það hlutverk að sjá um að útvega skóla- og frístundasviði viðunandi húsnæði sé skýrt og það séu til skýrir verkferlar.

Fundi slitið kl. 14:10

Skúli Helgason

Katrín Atladóttir
Rannveig Ernudóttir
Valgerður Sigurðardóttir

Líf Magneudóttir
Pawel Bartoszek
Örn Þórðarson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 11. júní, var haldinn 162. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.35. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Katrín Atladóttir (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Paweł Bartoszek (C), Rannveig Ernudóttir (P) og Sanna Magdalena Mörtudóttir (J). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðahl, starfsfólk í leikskólum; Eva Sóldís Bragadóttir, Reykjavíkuráð ungmenna; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarssdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan Menntastefna Reykjavíkur til 2030, mótn stefnu og innleiðing á fyrstu mánuðum, dags. í júní 2019. SFS2017010019

Fríða Bjarney Jónsdóttir, Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, Guðrún Hjartardóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinna, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ný menntastefna Reykjavíkur var samþykkt samhljóða í borgarstjórn á afmæli Barnasáttmálands 20. nóvember 2018. Stefnumótunarferlið tók 2 ár og er talið að allt að tíu þúsund manns hafi komið að verkinu í þéttu samráðsferli þar sem niðurstaðan er fjölpætt stefna með sterka tilvísun í aðalnámskrá og Barnasáttmálanum þar sem áherslan er á að byggja upp alhliða þroska, hæfni og færni barna sem þekkja styrkleika sína, trúu á eigin getu og fá stuðning og leiðsögn um hvernig þau geti látið drauma sína rætast. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að hefja innleiðingu menntastefnunnar og var Nýsköpunarmiðja menntamála sett á fót til að styðja starfsstöðvar um alla borg við innleiðingu stefnunnar. Þar er fylgt þeiri sýn að mikilvægt sé að viðhalda þeiri sterku áherslu á viðtækt samráð og forystuhlutverk skólasamfélagsins sem var lykillinn að þeiri viðtæku samstöðu sem skapaðist um mótn stefnunnar og megináherslur hennar um hæfniþættina fimm: félagsfærni, sjálfseflingu, sköpun, læsi og heilbrigði.

- Kl. 12.43 tekur Magnús Þór Jónsson sæti á fundinum.
- 2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. júní 2019, um úthlutun úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Látum draumana rætast ásamt yfirliti yfir umsóknir í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs og reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs vegna styrkja í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs, trúnaðarmál. SFS2019040020

Frestað.

Anna Metta Norðahl, Haraldur Sigurðsson, Magnús Þór Jónsson og Jón Ingi Gíslason víkja af fundinum vegna vanhæfis.

- 3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 9. apríl 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. maí 2019, um tillöguna:

Lagt er til að starfsmenn frístundaheimila fái frí þegar grunnskólar borgarinnar fara í vetrarleyfi. Þannig er gætt jafnræðis milli starfsmanna skólanna enda stendur nemendum ekki til boða þjónusta frístundaheimilanna í vetrarleyfum.

Frestað. SFS2019040038

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs á fundi borgarráðs 14. febrúar 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. júní 2019, um tillöguna:

Lagt er til að borgaryfirvöld samþykki að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu bjóðanna um sjálfbæra bróun sem snúa að borgum og með formlegum hætti. Sérstaklega skal hugað að innleiðingu heimsmarkmiðanna í allt leik- og grunnskólastarf borgarinnar. Heimsmarkmiðin eiga erindi til nemenda á öllum skólastigum og ekki síst til leikskólabarna. Mikilvægt er að borgaryfirvöld samþykki að hefja markvissa vinnu að uppfraða börnin um heimsmarkmiðin strax í leikskóla. Allt efni er hægt að fá að kostnaðarlausu hjá Félagi Sameinuðu bjóðanna og á netinu. Grunnskólar eru hvattir til að nýta sér betta og að leggja áherslu á heimsmarkmiðin í sinni almennu kennslu, starfi og leik. Nú þegar ættu að vera komin veggspjöld með heimsmarkmiðunum í alla skóla landsins, á öllum skólastigum. Hægt er að nýta veggspjöld til að gera markmiðin sýnilegri og bannig verði bau nýtt í auknum mæli til að leggja áherslu á mikilvægi hvers einasta heimsmarkmiðs enda eiga bau erindi inn í alla okkar tilveru. Það er von Flokks fólksins að skólar finni fyrir hvata úr öllum áttum til að innleiða heimsmarkmiðin og að sá hvati komi þá allra helst frá Reykjavíkurborg.

Tillagan er felld. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins og Sósíalistaflokks Íslands sitja hjá. SFS2019020092

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Vinna við innleiðingu menntastefnunnar er í fullum gangi og sú stefna endurspeglar með mjög markvissum hætti þá grundvallarsýn sem birtist í heimsmarkmiðunum. Rétt þykir að setja innleiðingu menntastefnu í forgang og það er mat okkar að ekki sé skynsamlegt að ráðast í viðamikið innleiðingarferli á hliðstæðum markmiðum samhlíða þeirri vinnu. Af þeim praktísku ástæðum greiðum við atkvæði gegn tillögunni, þótt málefnið sé sannarlega mikilvægt. Þá skal því halddið til haga að ýmsar starfsstöðvar sviðsins eru í reynd að innleiða heimsmarkmiðin að eigin frumkvæði, m.a. undir merkjum Réttindaskóla Sameinuðu bjóðanna.

5. Lögð fram hugmynd af vefsþæðinu Betri Reykjavík, dags. 7. mars 2019, um að lagfæra skólalóð Vogaskóla. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. apríl 2019, um hugmyndina. SFS2019030068

Tillagan er felld. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins og Sósíalistaflokks Íslands sitja hjá.

6. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. júní 2019, um samþykkt borgarráðs á tillögu borgarstjóra um hækjun á hámarksþiðni nemendafjölda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Waldorfskólans Sólstafa ásamt fylgiskjölum. SFS2019030078

7. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. júní 2019, um samþykkt borgarráðs á tillögu borgarstjóra um að Hjallastefnunni Grunnskólam ehf. verði heimilað að hefja kennslu í 5. bekk við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík frá og með skólaárinu 2019-2020. SFS2019020123

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði fagna því að Barnaskólinn í Reykjavík fái nú leyfi til skólastarfs á miðstigi. Sjálfstæðir skólar, og þar með taldir Hjallastefnuskólar, hafa verið litrík viðbót við skólaflóruna í Reykjavík. Leyfi til

skólastarfs á miðstigi er því jákvætt skref í átt til aukinnar fjölbreytni og fleiri valkosta í borginni.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. maí 2019, um hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2018-2019. SFS2019010076
9. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. maí 2019, um nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs 2019. SFS2019050001
10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. júní 2019, um barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar 2019. SFS2019060055
11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. maí 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 152. fundi skóla- og frístundaráðs, um vinnuaðstöðu starfsfólks frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar. SFS2019010155

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva harma þann seinagang sem tengist aðstöðumálum Gufunesbæjar. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir framkvæmdastjóra Gufunesbæjar og frá yfirmönnum SFS til SEA og USK-sins hafa engin svör borist hvorki er varðar tillögur um að bæta bráðabirgðaaðstöðuna í skrifstofugámunum né framtíðaruppgbyggingu á svæðinu. Framkvæmdastjórar ítreka að svör fáist sem allra fyrst en því miður er þetta ekki einsdæmi er varðar óljósa stöðu húsnæðis og aðstöðu frístundastarfsins hjá SFS.

- Kl. 14.50 víkur Anna Metta Norðahl af fundinum.
- 12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júní 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 152. fundi skóla- og frístundaráðs, um stærð hjartarýmis frístundaheimila og félagsmiðstöðva. SFS2018110077
- 13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði harma það að ekki hafi tekist að klára Dalskóla. Starfsfólk og börn þurfa því áfram að vera í vinnuaðstöðu sem fylgir mikið rask. Það er því mikilvægt að takmarka öll óþægindi bæði fyrir börn og starfsfólk. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss óska því eftir að börn og starfsfólk fái góðan og næringarríkan mat sem uppfyllir viðmið Landlæknisembættisins og lög um grunnskóla kveða á um, á meðan á þessum framkvæmdum stendur. Það er mjög mikilvægt að tryggja það að svo verði þó svo að það sé kostnaðarsamt vegna framkvæmda. Börn og starfsfólk í Dalskóla hafa sýnt mikla þolinmæði og þrautseigu á þessum framkvæmdatíma. Skóla- og frístundaráð verður því að tryggja að heitar máltíðir geti verið afgreiddar í skólanum fram að áramótum eða þangað til mótnuneyti skólans verði fullklárað og hægt er að fara að elda á staðnum.

Frestað. SFS2019060106

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð beinir því til forsætisnefndar að breyta samþykkt um ráðið á þá leið að Samtökum sjálfstætt rekinna skóla verði heimilað að skipa áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráð. Eðlilegt er að sjálfstætt starfandi skólar sem sinna lögbundnum verkefnum sem ráðið hefur eftirlitsskyldur með hafi áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins.

Frestað. SFS2019060107

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu ráðninga í kennarastöður í grunnskóum Reykjavíkur fyrir skólaárið 2019-2020. Óskað er upplýsinga um stöðu ráðninga á frístundaheimili í grunnskóum Reykjavíkur fyrir skólaárið 2019-2020. Óskað er upplýsinga um stöðu ráðninga á leikskóum Reykjavíkur.

SFS2019060108

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvort allir grunnskólar Reykjavíkur hafi fullnægt markmiðum aðalnámskrár hvað tónmenntakennslu varðar skólaárið 2018-2019. Þá er jafnframt óskað svara við því hvort allir grunnskólar borgarinnar hafi á að skipa tónmenntakennurum.

SFS2019060109

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig hyggjast skólayfirvöld í Reykjavík bregðast við því alvarlega ástandi sem komið er upp í Hagaskóla þar sem húsnæðið er orðið heilsuspíllandi bæði fyrir nemendur og starfsmönnum þar sem koltvísýringur hefur mælst of hár í lofti og kennslustofurnar orðnar of litlar miðað við nemendafjölda. Samkvæmt niðurstöðum mælinga verkfræðistofunnar Mannvits er meðalstyrkur koltvísýrings í lofti í öllum skólastofum of hár og uppfyllir ekki kröfur nágildandi byggingareglugerðar. Þá standast kennslustofur í elstu byggingum Hagaskóla ekki reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis þar sem hver og ein kennslustofa er ekki nema 47 fermetrar en samkvæmt reglugerð á kennslustofa með 22-28 nemendum að vera minnsta kosti 60 fermetrar.

SFS2019060110

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Komið hefur í ljós að mygla í þaki Fossvogsskóla er talsvert meiri en talið var í fyrstu og hefur leitt til þess að þaksperrur eru skemmdar vegna raka og þær þurfi að fjarlægja. Í ljósi þess má búast við að framkvæmdir við skólann geti tafist. Óskað er upplýsinga um hvort umræddum framkvæmdum verði lokið fyrir skólabyrjun í haust og ef ekki til hvaða ráðstafanna verði gripið.

SFS2019060111

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu framkvæmda og viðgerða við Breiðholtsskóla og hvenær þeim ljúki.

SFS2019060112

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu framkvæmda og viðgerða við Seljaskóla og hvenær þeim ljúki.

SFS2019060113

Fundi slitið kl. 15:12

Skúli Helgason

Katrín Atladóttir
Marta Guðjónsdóttir
Rannveig Ernudóttir

Líf Magneudóttir
Pawel Bartoszek
Sanna Magdalena Mörtudóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 25. júní, var haldinn 163. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.34. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Katrín Atladóttir (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Paweł Bartoszek (C), Rannveig Ernudóttir (P) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum; Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum, Sindri Bjarkason, Reykjavíkuráð ungmenna og Þorgerður L. Diðriksdóttir, kennarar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Elísabet Helga Pálmadóttir, Eygló Traustadóttir, Jóhanna H. Marteinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggssdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, dags. í júní 2019. SFS2019020105

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi málsméðferðartillögu:

Tillögum sem fram koma í skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi er vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Í umsögn verði meðal annars, með vísan til þess sem fram kemur í tillögu 2, fjallað um áform um þéttingu byggðar í Staðahverfi og lagt mat á raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæði í Staðahverfi sem styður við bindandi markmið gildandi aðalskipulags Reykjavíkurborgar. Auk þess er sérstaklega óskað eftir því að lagt verði raunhæft mat á tímalínu mögulegrar uppbyggingar.

Samþykkt.

Guðlaug Gísladóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Starfshópi um framtíðarskipan skólastarfs í norðanverðum Grafarvogi er þakkað fyrir mikla og góða vinnu, vandaða greiningu á stöðunni og helstu valkostum. Það er einróma niðurstæða starfshópsins að núverandi fyrirkomulag sé ekki vænlegt til framtíðar. Tillögur starfshópsins eru tvær, annarsvegar að tveir skólar verði fyrir nemendur á yngsta og miðstigi í Borgum og Engi og hinsvegar einn sameinaður ungingaskóli í Víknýsköpunarskóli. Þar með verði skólahald aftagt í Kelduskóla-Korpu þar til nemendafjöldi hefur náð 150 nemendum. Skýrsla starfshópsins undirstrikar að sterkt menntunarleg, félagsleg og fjárhagsleg rök eru fyrir þessari tillögu. Síðari tillagan byggir á þeirri forsendu að ráðist verði í verulega uppbyggingu á þróunarsvæði í Staðahverfi. Mikilvægt er að fá faglegt mat og greiningu umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar á því hversu raunhæft og fýsilegt er að ráðast í slíka uppbyggingu á næstu árum sem styður við bindandi markmið gildandi Aðalskipulags borgarinnar. Samþykkt er að óska eftir því mati og að það liggi fyrir á komandi hausti, svo hægt verði að taka endanlega afstöðu til tillagnanna. Jafnframt er mikilvægt að strax verði hafist handa við undirbúnning þeirra samgöngubóta sem eru mikilvægt forsenda tillagna um breytingar sem hér eru lagðar fram.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Enn eina ferðina hefur verið gerð tilraun til þess að koma skólastarfi í Grafarvogi í uppnám án þess að fyrir lægju nægjanlegar forsendur þegar farið var af stað með hugmyndir um að loka Korpuskóla. Farið var í vegferðina þrátt fyrir að fyrir lægi ítarleg úttekt

ráðgjafafyrirtækisins Intellecta vegna sameininga skóla og leikskóla í Grafarvogi sem hafi leitt í ljós ýmsa vankanta á framkvæmd fyrri sameininga. Í skýrslunni voru sett fram ígrunduð varnaðarorð og rökstudd gagnrýni á sameiningarnar. Bent var á að samráð hafi verið ófullnægjandi og framtíðarsýn hafi skort. Nýta mætti betur þann lærðóm sem fá má af umræddri skýrslu. Kröftug mótmæli íbúa og foreldra ásamt athugasemdum minnihlutans í skóla- og frístundaráði þrýstu á um stofnun starfshóps til að skoða sameiningarhugmyndir nánar, fyrir það ber að þakka. Sömuleiðis er starfshópnum þökkuð vönduð og fagleg vinna. Mikilvægt er að niðurstöður skýrslu starfshópsins fái góða og almenna kynningu í hverfunum og allar ákvarðanir verði í framhaldinu teknar í sátt og samráði við íbúa og foreldra skólabarna á skólasvæðinu.

2. Lagt fram minnisblað svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019, um úthlutun úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Látum draumana rætast ásamt yfirliti yfir umsóknir í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs og reglur um styrkeitingar skóla- og frístundaráðs vegna styrkja í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs. SFS2019040020

Tillaga úthlutunarnefnda þróunar- og nýsköpunarstyrkja skóla- og frístundaráðs um að eftirtaldir aðilar hljóti styrki ráðsins árið 2019:

- 1) Umsækjandi: Ársel, íbróttafélagið Fylkir, Ártúnsskóli, Norðlingaskóli Dalskóli, Ingunnarskóli, Sæmundarskóli, Þjónustumiðstöð Árbæjar. Heiti verkefnis: Rafíþróttir í 110 og 113. Kr. 3.500.000.
- 2) Umsækjandi: Kringlumýri, Miðberg, Háskóli Íslands, Vinnuskólinn. Heiti verkefnis: Mikilvægi gagnreyndra aðferðar í félagsmiðstöðvastarfi. Kr. 500.000
- 3) Umsækjandi: Miðberg, Gufunesbær, Kringlumýri, Tjörnin, Örvkiabandalag Íslands. Heiti verkefnis: Ungmennaráð sértækra félagsmiðstöðva í Reykjavík. Kr. 1.000.000.
- 4) Umsækjandi: Hagaskóli, Laugalækjarskóli, Frosti, Háskóli Íslands. Heiti verkefnis: Allir með – valnámskeið. Kr. 1.800.000.
- 5) Umsækjandi: Hlíðaskóli, Eldflaugin, Barnaskóli Hjallastefnunnar, Suðurhlíðarskóli, Gleðibankinn, Tiarnarskóli, Landakotsskóli, Melaskóli, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Heiti verkefnis: Skólagfélagsfærni PEERS. Kr. 4.000.000.
- 6) Umsækjandi: Tjörnin, Gleðibankinn, Hlíðaskóli. Heiti verkefnis: Rafíþróttaver. Kr. 2.000.000.
- 7) Umsækjandi: Tjörnin, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Lögreglan, Barnavernd, Kringlumýri, Ársel, Gufunesbær, Miðberg, allar félagsmiðstöðvar í Reykjavík. Heiti verkefnis: Föruneytí félagsmiðstöðvar. Kr. 2.500.000.
- 8) Umsækjandi: Biartahlíð, Háskóli Íslands, Stakkaborg. Heiti verkefnis: Vísindaleiki - Varmi og hitastig. Kr. 500.000.
- 9) Umsækjandi: Undraland, Tjörnin, Háskóli Íslands. Heiti verkefnis: Efling siðfræðikennslu í frístundastarfi. Kr. 1.100.000.
- 10) Umsækjandi: Kringlumýri, Réttarholtskóli, Fossvogsskóli, Breiðagerðisskóli, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, íbróttafélagið Víkingur, Skátafélagið Garðbúar, foreldrafélag Réttarholtskóla, foreldrafélag Fossvogsskóla, foreldrafélag Breiðagerðisskóla. Heiti verkefnis: Svefn, orkudrykkir og rafrettur. Kr. 1.400.000.
- 11) Umsækjandi: Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli, Háskóli Íslands, Simbað, Regnbogaland, Kastali. Heiti verkefnis: Markviss íslenskukennsla fiðtyngdra nemenda með áherslu á ríkan orðaforða, sterka sjálfsmynd og félagsfærni í leik og starfi. Kr. 2.000.000.
- 12) Umsækjandi: FabLab Reykjavík, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Seljaskóli, Háskóli Íslands, Fiölbautaskólinn í Breiðholti, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, RG Menntaráðgjöf, Vísindasmiðja Háskóla Íslands. Heiti verkefnis: Skapandi námssamfélag í Breiðholti. Kr. 6.500.000
- 13) Umsækjandi: Borg, Breiðholtskóli, Bakkaborg, Bakkasel, Bakkinn, KVAN, Háskóli Íslands. Þjónustumiðstöð Breiðholts. Heiti verkefnis: Það þarf heilt þorp, samstarfsverkefni um félagsfærni og sjálfsfelingu. Kr. 5.500.000.
- 14) Umsækjandi: Ingunnarskóli, Vesturbæjarskóli, Selásskóli. Heiti verkefnis: Austur-Vestur, sköpunar- og tæknismiðjur Kr. 5.700.000.

- 15) Umsækjandi: Reynisholt, Borg, Brákarborg, Stakkaborg, Tiörn, RannUng. Heiti verkefnis: Leikur, stvðjandi samskipti og lærdómssamfélög. Kr. 5.000.000.
- 16) Umsækjandi: Tiörnin, 100og1, Austurbæjarskóli, Háskóli Íslands. Heiti verkefnis: Draumasviðið, tækifærri sköpunar. Kr. 2.000.000.
- 17) Umsækjandi: Klettaskóli. Heiti verkefnis: Lausnir varðandi tjáskipti nemenda í Klettaskóla. Kr. 2.000.000.
- 18) Umsækjandi: Gufunesbær, Brosbær, Galdraslóð, Hvergiland, Kastali, Regnbogaland, Simbað, Tígrisbær, Ævintýraland, Miðstöð útvistar og útináms, Háskóli Íslands. Heiti verkefnis: Útvist og útinám. Kr. 3.000.000.

Samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá.

Guðrún Edda Bentsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn hefur lagt á það mikla áherslu að tryggja nýtt fjármagn til þróunarverkefna til að innleiðing nýrrar menntastefnu fari hratt og vel af stað. Þess vegna er varið 200 milljónum í nýjan þróunar- og nýsköpunarsjóð Látum draumana rætast, 150 milljónir runnu beint til einstakra leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva og 50 milljónir fara í stærri samstarfsverkefni. Allir starfsstaðir 171 að tölu sendu inn umsókn og fengu fjármagn úr A hluta sjóðsins. Alls bárust 40 umsóknir um samstarfsstyrki úr B hluta sjóðsins og fá 18 þeirra styrki í þessari fyrstu úthlutun. Hæstu styrkina fá verkefnin *Skapandi námssamfélag í Breiðholti, Austur-Vestur* samstarfsverkefni þriggja grunnskóla í Grafarvogi, Vesturbæ og Árbæ um sköpunar- og tæknismiðjur í grunnskólastarfí, *Það þarf heilt þorp*, samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og frístundar um félagsfærni og sjálfseflingu og loks *Leikur, stvðjandi samskipti og lærdómssamfélag* sem er samstarfsverkefni sex leikskóla í borginni.

Anna Metta Norðdahl, Guðrún Kaldal og Magnús Þór Jónsson víkja af fundinum vegna vanhæfis undir þessum lið.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2019, um staðfestingu skóladagatala grunnskóla Reykjavíkurborgar skólaárið 2019-2020 ásamt útdrätti úr skóladagatölum grunnskóla Reykjavíkurborgar 2019-2020. SFS2018020107

Samþykkt.

Guðrún Edda Bentsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019, um breytingar á reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og akstur nemenda með hópbifreiðum og tillaga að breytingum á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, drög að reglum um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar, nágildandi reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópbifreiðum, nágildandi reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. nóvember 2018 og umsagnir skólasamfélags Árbæjarskóla, ódags., skólaráðs Foldaskóla, dags. 11. mars 2019, foreldra í Suðurhlíðum, ódags., skólaráðs Réttarholtskóla, dags. 12. febrúar 2019 og skólaráðs Fossvogsskóla, dags. 27. febrúar 2019:

Samþykktar eru nýjar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar sem búa í meira en 1,5 km. göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum miðað við örugga gönguleið frá heimili að skólalóð. Jafnframt falli úr gildi reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í menntaráði 3. nóvember 2005.

Samþykkt er breyting á 6. gr. reglna um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, með þeim hætti að fram komi að þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga þess kost að fá ókeypis strætókort eru nemendur í 1.-10. bekk sem búa (eiga lögheimili) í meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum, til samræmis við reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Breytingarnar skulu taka gildi 22. ágúst 2019. Þó skulu nýjar reglur ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2020 fyrir nemendur í 1.-4. bekk Hlíðaskóla með lögheimili í Suðurhlíðum og nemendur í 1.-4. bekk Melaskóla með lögheimili í Skerjafirði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja til að málinu verði frestað. Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrí grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins.

Tillagan er samþykkt og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá. SFS2018110156

Guðrún Edda Bentsdóttir og Hjalti Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrí grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Með nýjum reglum eiga nemendur kost á að fá ókeypis strætókort sé vegalengdin frá heimili þeirra að skóla meiri en 1,5 km. Lagður verður af akstur með rútum í þremur skólahverfum en á móti geta viðkomandi nemendur nýtt strætókortið án endurgjalds allt árið um kring. Þær breytingar sem snúa að breytingum á skólaakstri yngstu barna í Skerjafirði og Suður-Hlíðum taka þó ekki gildi fyrr en um næstu áramót. Markmiðið með þessum breytingum öllum er að auka jafnræði og gagnsæi og að sömu reglur gildi fyrir alla nemendur. Þá er breytingin til þess fallin að bæta aðgengi yngstu kynslóðarinnar að almenningssamgöngum sem styður við markmið stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að betur hefði mátt standa að kynningu á breytingum á reglum á afhendingu strætókorta til nemenda í grunnskólum. Breytingin snertir alla foreldra skólabarna sem málið varðar. Umsagnir skólaráða og foreldrafelaga gefa ágæta mynd en eru ekki trygging fyrir því að allir foreldrar séu upplýstir um breytingarnar og hvaða áhrif þær hafa. Akstur með skólabílum fyrir börn sem búa í lengri fjarlægð en 1,5 km. frá skóla verður aflagður og sýnt að það muni hafa mikil áhrif á ferðir skólabarna. Í ljósi athugasemda frá nokkrum skólum þykir rétt að skoða málið nánar og leyfa umsögnum allra hagsmunaaðila að koma að áður en reglurnar verði endanlega samþykktar, slíkt hefði verið í anda íbúalýðræðis og samráðs.

Skúli Helgason víkur af fundinum vegna vanhæfis og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir tekur þar sæti undir þessum lið.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019, um ákvörðun um fjölda nemenda sem greitt verður framlag vegna til Arnarskóla ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. nóvember 2018, um meðferð umsókna foreldra reykviskra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla. SFS2018110109

Hrund Logadóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrí grænna leggja fram svohljóðandi tillögu ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. júní 2019, um viðmið um hámarksfjölda reykviskra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekina grunnskóla utan Reykjavíkur, bréfi Alþjóðaskólans á Íslandi,

dags. 20. maí 2019, varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem greitt er framlag með vegna náms í International School of Iceland og umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 20. júní 2019, um viðmið um hámarkasfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2019 - 2020 verði eftirfarandi:

Waldorfskólinn Lækjarbotnum; 64 reykvískir nemendur.

International School of Iceland; 30 reykvískir nemendur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ; 5 reykvískir nemendur.

Grunnskólinn NÚ, Framsýn; 15 reykvískir nemendur.

Ákvörðun um viðmið er tímabundin og gildir til 1. júlí 2020, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrrkomulaginu. Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárhheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Samþykkt og vísað til borgarráðs. SFS2019050183

7. Lagt fram minnisblað Skúla Helgasonar, Katrínar Atladóttur og Fríðu Bjarneyjar Jónsdóttur, dags. 20. júní 2019, um þátttöku Reykjavíkurborgar á fundinum Borgir framtíðar sem haldinn var í London dagana 6. og 7. júní 2019, dagskrá ráðstefnunnar Borgir framtíðarinnar og dæmi um áherslur sem kynntar voru á fundinum Cities of the future. SFS2019050093

Fríða Bjarney Jónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Fram fer kynning á Skrekk, hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík 2018. SFS2018100016

Harpa Rut Hilmarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 15.27 víkur Magnús Þór Jónsson af fundinum.
 - Kl. 15.36 víkur Sigríður Björk Einarsdóttir af fundinum.
9. Lagt fram fjárhagsuppgjör skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2019. SFS2019060141
 - Kl. 15.52 víkur Guðrún Kaldal af fundinum.
 10. Lagt fram yfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs yfir 1 m.kr. á tímabilinu janúar – mars 2019. SFS2019060142
 11. Lagt fram yfirlit yfir ferðir starfsmanna skóla- og frístundasviðs og kjörinna fulltrúa á tímabilinu janúar – mars 2019. SFS2019060143
 - Kl. 15.57 víkur Sindri Bjarkason af fundinum.
 12. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. júní 2019, um ráðningu í stöðu skólastjóra við Norðlingaskóla. SFS2019060139

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Norðlingaskóla Aðalbjörgu Ingadóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi skólastjóra Sif Vígþórsdóttur fyrir vel unnin störf.

13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. júní 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 160. fundi skóla- og frístundaráðs, um uppsagnir á leikskólunum Hólaborg og Suðurborg. SFS2019050120

- Kl. 16.05 víkja Kristján Gunnarsson, Jóhanna H. Marteinsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir og Þorgerður L. Diðriksdóttir af fundinum.
- Kl. 16.10 víkur Katrín Atladóttir af fundinum.

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að skýrsla Mannvits um ástand skólahúsnæðis frá í apríl sl. verði lögð fyrir skóla- og frístundaráð til upplýsingar um ástand þeirra skóla sem verkfræðistofan hefur tekið út. Það er ekki viðunandi að kjörnir fulltrúar sem hafa ríka eftirlitsskyldu fái fréttir utan úr bæ um innihald skýrslunnar og úttekt verkfræðistofunnar á ástandi einstakra skóla eins og gerst hefur í tilfelli Hagaskóla.

SFS2019060223

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um erindi sem sent var sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og borgarstjóra fyrir þremur árum um ástand skólahúsnæðis Hagaskóla. Mikilvægt er að skóla- og frístundaráð sé betur upplýst um stöðu mála í Hagaskóla en fram hefur komið að stundum séu kennslustofur rennandi blautar, töluvert sé um silfurkottur og skemmdum sem bendi til raka.

SFS2019060224

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu fram fyrirspurnir á fundi skóla- og frístundaráðs 11. júní sl. varðandi framkvæmdir við Hagaskóla, Breiðholtskóla, Fossvogsskóla og Seljaskóla og bjuggust við svörum á þessum fundi þar sem þetta er síðasti fundur fyrir sumarleyfi og ráðið kemur ekki saman fyrr en rétt fyrir skólabyrjun í haust. Nauðsynlegt er að fyrir liggi svör til að hægt verði að bregðast við og gera ráðstafanir ef ekki næst að ljúka framkvæmdum fyrir skólabyrjun.

SFS2019060225

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um hvenær skýrsla um ástand fimm grunnskóla í Reykjavík verður lögð fram til kynningar. Þegar hefur komið fram á fundi borgarstjórnar að umrædd skýrsla er í vinnslu og er skilgreind sem „vinnuplagg á borði borgarstjóra“. Mikilvægt er að skýrslan komi fram sem fyrst til að hægt verði að kynna niðurstöður hennar fyrir þeim aðilum sem málið varðar og ábyrgð á því bera.

SFS2019060226

- Kl. 16.18 víkur Líf Magneudóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 16:20

Skúli Helgason

Marta Guðjónsdóttir
Rannveig Þrún Þórðarson

Pawel Bartoszek
Örn Þórðarson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 30. júlí, var haldinn 164. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 14.00. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Gunnlaugur Bragi Björnsson (C), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Kristján Gunnarsson, staðengill sviðsstjóra og Soffía Vagnsdóttir. Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á stöðu framkvæmda við grunnskóla Reykjavíkurborgar. SFS2019070076
- Kl. 14.06 tekur Alexandra Briem sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisfloks í skóla- og frístundaráði þakka fyrir jákvæðar undirtektir og skjót viðbrögð skóla- og frístundasviðs við beiðni um aukafund vegna stöðu framkvæmda við grunnskóla í Reykjavík. Afar mikilvægt er fyrir fulltrúa í skólanefndum að vera upplýstir um ástand skólahúsnæðis í sveitarfélagi sínu, sbr. e. lið 6. gr. laga nr. 91 frá 2008, þar sem segir að eitt af meginhlutverkum skólanefnda sveitarfélaga sé að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu. Fjöldi ábendinga hafa borist um að skólahúsnæði sé víða ekki tilbúið til að kennsla megi hefjast í samræmi við áður samþykktar starfsáætlunar. Þessi aukafundur í skóla- og frístundaráði er liður í því að veita sem bestar upplýsingar um stöðu mála og getur því gefið tækifæri að setja aukinn þrýsting á viðhaldsmál og breyta forgangsröðun í framkvæmdum á vegum borgarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisfloks þakka sérstaklega öllu hlutaðeigandi starfsfólki borgarinnar fyrir þá miklu vinnu sem unnin hefur verið við þær umfangsmiklu framkvæmdir og fjölda viðhaldsverkefna á skólahúsnæði í Reykjavík á síðustu vikum.

- Kl. 14.26 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir ítarlega og góða kynningu á helstu framkvæmdum við skólahúsnæði í sumar. Ljóst er að unnið er mikið og gott starf við að bæta aðbúnað nemenda og starfsfólks á viðkomandi stöðum og að almennt viðhald á skólahúsnæði er í traustum farvegi. Full ástæða er til að þakka skólastjórnendum, kennurum, öðru starfsfólki skólanna, foreldrum og nemendum auk starfsfólks skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs fyrir þeirra hlut í að bregðast við þeim vanda sem upp hefur komið og auðsýnda þolinmæði í krefjandi stöðu. Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á að mikilvægt er að bæta húsakost í Norðlingaskóla til að mæta auknum nemendafjölda, sem enn mun aukast á komandi árum í tengslum við uppbyggingu í hverfinu. Ráðið styður heilshugar áform um framkvæmdir við gang á Norðlingabraut, sem myndi bæta verulega nýtingu þess húsnæðis sem í dag þjónar þremur árgöngum í skólanum. Brýnt er að taka ákvörðun um þessa framkvæmd hið fyrsta og leggur skóla- og frístundaráð áherslu á að málið verði afgreitt á næsta fundi borgarráðs.

Agnar Guðlaugsson og Daníel Benediktsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15:17

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Líf Magneudóttir
Valgerður Sigurðardóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson
Marta Guðjónsdóttir
Örn Þórðarson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 13. ágúst, var haldinn 165. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.33. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Elín Oddný Sigurðardóttir (V), Katrín Atladóttir (D), Pawel Bartoszek (C), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 21. júní 2019, þar sem tilkynnt er að Marta Guðjónsdóttir taki sæti í skóla- og frístundaráði í stað Valgerðar Sigurðardóttur og bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 27. júní 2019, þar sem tilkynnt er að Valgerður Sigurðardóttir taki sæti í skóla- og frístundaráði í stað Katrínar Atladóttur og að Katrín Atladóttir verði varamaður í skóla- og frístundaráði. SFS2019060216
2. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 21. júní 2019, þar sem tilkynnt er um nýja samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð og drög að breyttum viðaukum við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. SFS2019060217
- Kl. 13:00 taka Ásta Bjarney Elísasdóttir og Sigríður Björk Einarsdóttir sæti á fundinum.

Helga Björk Laxdal tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 29. mars 2019, þar sem tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um aukið nemendalyðræði er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. maí 2019, um tillöguna. SFS2019040004

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ásdísar Maríu Hrafnisdóttur og Bryndísar Ýrar Sigurþórsdóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisráð, að auka nemendalyðræði í grunnskólum Reykjavíkur með því að gefa nemendum möguleika á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans.

Greinargerð fylgir.

Frestað.

Ásdís María Hrafnisdóttir, Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 29. mars 2019, þar sem tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um táknmálskennslu í grunnskólum er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. júní 2019, um tillöguna. SFS2019040003

Lögð fram svohljóðandi tillaga Aldísar Lóu Benediktsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálskennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eigi síðar en vorönn 2020.

Greinargerð fylgir.

Frestað.

Aldís Lóa Benediktsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á starfsemi Námsflokka Reykjavíkur.

Iðunn Antonsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Lagt fram samkomulag Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og Veitna, dags. 4. apríl 2019, um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík.

Guðmundur Benedikt Friðriksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Lögð fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 30. nóvember 2018, þar sem svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. júní 2019 og umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 29. október 2018, varðandi tillögu um gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn efnaminni foreldra:

Lagt er til að borgarráð samþykki að skóla- og frístundasvið hafi aðgang að upplýsingum um tekjur og framfærslu forráðamanna þeirra barna sem sækja frístundaheimili og afgreiði málefni þeirra innan sviðsins. Þetta kallar á endurskoðun á verklagsreglum og ferlinu öllu. Með þessari breytingu yrði væntanlega létt á ferlinu, það gert skilvirkara fyrir notendur þess. Þessi tillaga er lögð fram í tengslum við umsögn skóla- og frístundasviðs við tillögu Flokks fólksins um að börn foreldra sem eru undir fátaktarmörkum fái gjaldfrjálst frístundaheimili fyrir börn sín.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssitja hjá.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. júlí 2019, um ráðningu í stöðu skólastjóra við Vogaskóla. SFS2019060139

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Vogaskóla Snædísí Valsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi skólastjóra Jónínu Ólöfu Emilsdóttur fyrir vel unnin störf.

9. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. júlí 2019, um ráðningu í stöðu leískólastjóra Suðurborgar. SFS2019070078

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leískólastjóra Suðurborgar Berglindi Hallgrímsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leískólastjóra Elínborgu K. Þorláksdóttur fyrir vel unnin störf.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. júlí 2019, um ráðningu í stöðu leískólastjóra Hólaborgar. SFS2019070079

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leískólastjóra Hólaborgar Sigrúnu Grétarsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leískólastjóra Pálú Pálsdóttur fyrir vel unnin störf.

11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. júlí 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 160. fundi skóla- og frístundaráðs, um leikskóladeildir. SFS2019050119
12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. júlí 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 160. fundi skóla- og frístundaráðs, um ungbarndadeild við leikskólann Sunnuás. SFS2019050120
13. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. ágúst 2019, varðandi stöðu ráðninga í frístundahheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum á skóla- og frístundasviði 12. ágúst 2019. SFS2018080035

Fundi slitið kl. 15:45

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Katrín Atladóttir
Valgerður Sigurðardóttir

Elín Oddný Sigurðardóttir
Pawel Bartoszek
Órn Þórðarson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 20. ágúst, var haldinn 166. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Kerhólum á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 13.20. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Marta Guðjónsdóttir (D), Pawel Bartoszek (C) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Haukur Viðar Alfreðsson, Haukur Þór Haraldsson, Ingibjörg Gísladóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Róbert Rafn Birgisson, Sigríður María Hreiðarsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Eygló Traustadóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á áherslum og forgangsröðun skóla- og frístundaráðs 2020-2024.
2. Fram fer kynning á fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs 2020.
 - Kl. 13.35 tekur Valgerður Sigurðardóttir sæti á fundinum.
3. Fram fer umræða og hugmyndavinna um hagræðingartækifæri í rekstri skóla- og frístundasviðs.
 - Kl. 15.30 víkja Guðmundur G. Guðbjörnsson, Haukur Viðar Alfreðsson, Róbert Rafn Birgisson og Sigríður María Hreiðarsdóttir af fundinum.
4. Fram fer umræða og hugmyndavinna um þau verkefni skóla- og frístundasviðs sem standa þarf vörð um.

Fundi slitið kl. 17:00

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Pawel Bartoszek
Örn Þórðarson

Marta Guðjónsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 27. ágúst, var haldinn 167. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.32. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Geir Finnsson (C), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðahl, starfsfólk í leikskólum; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Jóhanna H. Marteinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffia Pálsdóttir og Soffia Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan Grunnskólar Reykjavíkur: Úthlutun fjárhagsramma og rekstur, dags. í júlí 2019. SFS2019080108

Hallur Símonarson og Guðjón H. Guðmundsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.43 tekur Guðrún Kaldal sæti á fundinum.
- Kl. 12.55 taka Guðrún Gunnarsdóttir og Sigríður Björk Einarsdóttir sæti á fundinum.

Vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins þakka fyrir vel unna skýrslu Innri endurskoðunar um úthlutun fjárhagsramma og rekstur grunnskóla borgarinnar. Skýrslan staðfestir það sem bent hefur verið á árum saman og kjörtímbil eftir kjörtímbil að fjármagn til skólanna hefur verið vanáætlað með þeim afleiðingum að skólanir fara ítrekað fram úr fjárhagsramma sínum. Þá kemur jafnframt fram í skýrslunni að viðhaldi skólanna hefur ekki verið sinn sem skyldi sl. 10 ár vegna niðurskurðar. Tekið er undir meginniðurstöður skýrslunnar að mismunandi skilningur virðist vera á milli skólastjórnenda og skóla- og frístundasviðs annars vegar og fjárveitingavalds borgarinnar hins vegar um hvað er nauðsynlegt fjármagn til reksturs á grunnskólum borgarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lýsa miklum áhyggjum á þessu alvarlega skilnings- og áhugaleysi meirihluta borgarstjórnar á nauðsynlegrí fjárveitingu til skólamála. Kallað er eftir tafarlausri leiðréttingu á ósamræmi milli fjárútlutunar og nauðsynlegrar fjárbærar, ósamræmi sem hefur látið viðgangast allt of lengi með tilheyrandi rekstrarvanda skólastjórnenda og erfiðleikum í skólastarfí í borginni. Grunnskólar borgarinnar standa almennt fyrir því að nánast allir rekstrarliðir fá of knappt fjármagn segir í vandaðri og vel unninni skýrslu innri endurskoðunar, við það verður ekki unað lengur og er beinlínis virðingarleysi gagnvart þeim mikilvæga málaflokkki sem skólastarf er.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs þakkar Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fyrir mikilvæga skýrslu um fjárhag og rekstur grunnskólanna í borginni. Skýrslan staðfestir það sem svíðið hefur haldið fram um árabil að þörf er á auknu fjármagni til grunnskólanna í borginni, úthlutunarlíkan vegna ráðstöfunar fjármagns er úrelt, svigrúm skólanna til hagræðingar er afar takmarkað og fjármagn til sérkennslu og kennslu barna með annað móðurmál en íslensku þarf að auka til að mæta þjónustubörf. Nauðsynlegt er að mati meirihluta ráðsins að úthlutanir til grunnskóla byggi á réttum grunni og raunhæfum væntingum með tilliti til þeirrar þjónustu sem skólunum er ætlað að veita. Ljóst er af skýrslunni að núverandi líkan dugir ekki til þess og kallar á gagngera yfirferð. Innri endurskoðun tekur undir sjónarmið ráðsins um að gera þurfi nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi skólabjónustunnar á vegum þjónustumiðstöðvanna með það að markmiði að

störf sérfræðinga þjónustumiðstöðvanna fari í mun ríkari mæli fram innan veggja skólanna. Það er eitt af mikilvægustu verkefnum haustsins að koma þeim málum í skýran farveg. Skóla- og frístundaráð mun nú vísa skýrslunni til borgarráðs og leggur áherslu á mikilvægi þess að rýna ábendingar Innri endurskoðunar vel í þeirri vinnu sem framundan er við að móta fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næsta ár.

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra í grunnskólum og kennara í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Félags skólastjórnenda í Reykjavík og Kennarafélags Reykjavíkur fagna framkominni skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar varðandi úthlutun fjárhagsramma og rekstur grunnskóla borgarinnar. Skýrslan er mjög fagmannlega unnin, dregur upp raunsanna mynd af úthlutun til málaflokkssins í borginni og er mikilvægt innlegg í fyrirliggjandi vinnu við endurskoðun úthlutunarlíkans borgarinnar. Fulltrúarnir leggja áherslu á það að horft verði til gildandi grunnskólalaga og þeirra krafna sem gerðar eru um skólastarf og skóla- og frístundaráð tryggi það fjármagn sem þarf til að allir skólar borgarinnar nái að sinna sínum faglegu og lögbundnu skyldum þegar nýtt úthlutunarlíkan liggur fyrir. Skýrla Innri endurskoðunar er lykilgagn í endurskoðunarvinnu vegna þess líkans.

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, þakkar fyrir góða kynningu á skýrslu, Grunnskólar Reykjavíkur, Úthlutun fjárhagsramma og rekstur. Leikskólastjórar óska eftir að farið verði í sambærilega úttekt á fjárhagsramma og rekstri leikskóla Reykjavíkur.

2. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu ásamt minnisblaði sviðsstjóra dags. 21. júní 2019, drögum að reglum um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar, reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópbifreiðum, umsögn skólaráðs Kelduskóla, dags. 19. ágúst 2019 og umsögn skólaráðs Melaskóla, dags. 18. ágúst 2019:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2019 þar sem samþykktar voru nýjar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar og breytingar á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar verði endurupptekin og málinu vísað að nýju til umsagnar foreldrafélaga þeirra skóla sem breyting mun hafa áhrif á. Frestur til að senda inn umsagnir verði veittur til 15. september 2019. Ráðið mun taka málið til efnislegrar meðferðar að nýju að loknu umsagnarferli.

Greinargerð fylgir. SFS2018110156

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks taka undir sjónarmið foreldra að falla eigi frá því að afleggja skólaakstur en þannig verði öryggi skólabarna best tryggt til og frá skóla. Foreldrar barna í Skerjafirði og í Grafarvogi hafa bent á að ekki eru til staðar öruggar göngu- og hjólateiðir fyrir nemendur eða beintengdur strætó frá þessum hverfum að skóla auk þess sem um hættulegar umferðargötur er að fara. Á Suðurgötunni hafa því miður orðið banaslys á gangandi vegfarendum og í kjölfar slíks hörmulegs slyss á skólabarni var skólaakstur tekinn upp. Með það í huga og áralanga baráttu íbúa fyrir skólaakstri til að tryggja öryggi skólabarna telja fulltrúar Sjálfstæðisflokks brýnt að forgangsraðað verði í þágu öryggis skólabarna með því að skólaakstur standi nemendum áfram til boða. Komið hefur í ljós að ábendingar fulltrúa Sjálfstæðisflokks á skóla- og frístundaráðsfundi 25. júní sl. og 18. júlí

í borgarráði um að betur hefði mátt standa að samráði við foreldra áttu fullan rétt á sér og að mikilvægt væri að ákvarðanir verði ekki teknar fyrr en öllum aðilum málsins hefði gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Í jós hefur komið að þegar breytingar á reglum um skólaakstur voru samþykktar fyrr í sumar vantaði umsagnir sumra skólaráða og því þarf að taka upp málið á ný.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð hefur samþykkt að senda tillögur um breytingar á fyrirkomulagi skólaaksturs og afhendingu strætókorta til umsagnar foreldrafélaga sem málið varðar. Þessi ákvörðun er tekin í ljósi mistaka sem urðu í umsagnarferlinu og rétt er að biðjast velvirðingar á. Foreldrafélögin fá frest til 15. september til að skila inn umsögnum og síðan mun ráðið taka málið aftur til meðferðar, m.a. með hliðsíón af sjónarmiðum í umsögnum skólaráða og foreldrafélaga. Næstu vikur verða m.a. notaðar til samskipta við Strætó um leiðir til að koma til móts við óskir borgarinnar og foreldra um tryggt öryggi nemenda, ekki síst yngstu barnanna.

Skúli Helgason og Valgerður Sigurðardóttir víkja af fundinum vegna vanhæfis og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir tekur þar sæti undir þessum lið.

3. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð leggur til að haldin verði Barnabókamessa í þriðja sinn í samstarfi Reykjavíkur Bókmennaborgar UNESCO og Félags íslenskra bókaútgefenda þar sem kynntar verði nýjar íslenskar barna- og unglingsbækur. Fulltrúum skólasafna grunnskóla og leikskóla í borginni verði gefinn kostur á því að kynna sér bækurnar, ræða við höfunda og útgefendur og þeim verði tryggt sérstakt fjármagn til að kaupa titla að eigin vali fyrir bokasöfn starfsstöðvanna á sérstöku kynningarverði. Barnabókamessan verði haldin dagana 11.-12. nóvember 2019 undir stíku Laugardalsvallar. Lagt er til að sérstök fjárveiting til grunnskóla og leikskóla vegna Barnabókamessunnar verði alls 9 milljónir, sem rúmast innan fjárhheimilda skóla- og frístundasviðs.

Greinargerð fylgir. SFS2019080088

Samþykkt.

Bryndís Loftsdóttir og Margrét Björnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Barnabókamessa er sameiginlegt framtak skóla- og frístundasviðs og Félags bókaútgefenda til að auka áhuga barna og ungmenna á lestri. Messan verður nú haldin í þriðja sinn í nóvember og þar gefst grunnskólum og leikskólum tækifæri til að bæta bókakost sinn á sérstöku kynningarverði og bjóða grunnskólanemum og leikskólabörnum að lesa og njóta nýútkominna barna- og unglingsbóka. Skólnir fá sérstakt fjármagn í þessu skyni, alls 9 milljónir króna sem er kærkomin viðbót við hefðbundna úthlutun til bókakaupa skólanna.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. ágúst 2019, um niðurstöður viðhorfskönunar foreldra leikskólabarna 2019. SFS2019080106

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er afar ánægjulegt að sjá niðurstöður spurninga í viðhorfskónnun til foreldra barna sem sækja leikskóla í Reykjavík fyrir árið 2019. Foreldrar eru afar ánægðir með starf leikskólans og telja að börnum sínum líði vel í því faglega starfi sem þar er unnið. Hlutfall þeirra sem eru í heildina lítið ánægðir með leikskólann og svara heildaránægjufullyrðingunni mjög eða frekar sammála eru 93,8% en 3,6% svara hvorki né. Almennt ríkti ánægja og jákvæðni í garð leikskólanna í Reykjavík og ber að þakka starfsfólk fyrir góð störf þó vissulega megi ekki líta framhjá því að alltaf er svigrúm til úrbóta þar sem við á. Því eru þessar viðhorfskannanir afar mikilvægt tæki til að gera leikskólana í Reykjavík enn betri.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Niðurstöður spurninga í viðhorfskónnun til foreldra barna í leikskólum Reykjavíkur leiðir í ljós að á heildina lítið eru foreldrar ánægðir með leikskólana. Prátt fyrir manneklu og aukið álag á starfsfólk hefur tekist að halda uppi góðu og faglegu starfi í leikskólunum sem ber að þakka stjórnendum, leikskólakennurum og starfsfólk fyrir þeirra góða starf.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 9. apríl 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, um tillöguna, dags. 20. ágúst 2019:

Lagt er til að starfsmenn frístundaheimila fái frí þegar grunnskólar borgarinnar fara í vetrarleyfi. Þannig er gætt jafnrædis milli starfsmanna skólanna enda stendur nemendum ekki til boða þjónusta frístundaheimilanna í vetrarleyfum.

Tillöggunni er vísað frá. SFS2019040038

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkss telja jákvætt að komið sé til móts við starfsfólk frístundaheimila í vetrarleyfum grunnskóla þannig að þeir starfsmenn sem eiga börn eigi þess kost að taka leyfi á vetrarfrísdögum til að vera með börnum sínum í vetrarfriðinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs er í aðalatriðum sammála því að almennt sé gott að koma til móts við óskir starfsfólks um leyfi þar sem það er hægt. Eins og fram kemur í minnisblaði sviðsins er líttill raunmunur á aðstöðu vegna vetrarleyfa og nú þegar er reynt að koma til móts við slíkar óskir eftir getu. Ekki er talin þörf á sérstöku inngrípi til að ganga lengra en þegar er gert.

6. Lagðar fram reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. ágúst 2019 og eyðublaði vegna umsókna um stofnstyrk vegna daggæslu barna í heimahúsi. SFS2019080087

Samþykkt og vísað til borgarráðs og jafnframt að frá samþykkt reglnanna geti þeir sem uppfylltu skilyrðin þann 1. janúar 2019 eða síðar sótt um stofnstyrk.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er hluti af stefnu núverandi meirihluta að efla dagforeldrakerfið í borginni og bæta gæði þess samhliða markvissri uppbyggingu á leikskólapjónustu í borginni í tengslum við aðgerðaáætlunina Brúum bilið. Einn liður í því að styrkja dagforeldrabjónustuna er að hvetja til fjölgunar dagforeldra með því að bjóða nýjum dagforeldrum svokallaða

stofnstyrki. Nýir dagforeldrar geta sótt um að fá 300 þúsund krónur í stofnstyrk og með samþykkt reglna um hann á þessum fundi er aðgerðin formlega komin til framkvæmda.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 11. júní 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tillöguna, dags. 20. ágúst 2019:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði harma það að ekki hafi tekist að klára Dalskóla. Starfsfólk og börn þurfa því áfram að vera í vinnuaðstöðu sem fylgir mikið rask. Það er því mikilvægt að takmarka öll óþægindi bæði fyrir börn og starfsfólk. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss óska því eftir að börn og starfsfólk fái góðan og næringarríkan mat sem uppfyllir viðmið Landlæknisembættisins og lög um grunnskóla kveða á um, á meðan á þessum framkvæmdum stendur. Það er mjög mikilvægt að tryggja það að svo verði þó svo að það sé kostnaðarsamt vegna framkvæmda. Börn og starfsfólk í Dalskóla hafa sýnt mikla þolinmæði og þrautseigu á þessum framkvæmdatíma. Skóla- og frístundaráð verður því að tryggja að heitar máltíðir geti verið afgreiddar í skólanum fram að áramótum eða þangað til mótneyti skólans verði fullklárað og hægt er að fara að elda á staðnum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Skóla- og frístundaráð áréttar að tryggt verði að nemendur og starfsfólk Dalskóla fái heitar máltíðir í skólanum með tímabundnum úrræðum þar til mótneyti hins nýja skóla verður tilbúið til notkunar í byrjun næsta árs.

Samþykkt. SFS2019060106

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla og frístundaráði fagna því að tillaga þeirra frá 11. júní um það að setja upp mótneyti við Dalskóla hafi hlutið hljómgrunn og að mótneyti verði starfsrækt í Dalskóla á meðan framkvæmdir standa þar yfir. Enda mikilvægt að tryggja að börn og starfsfólk Dalskóla fái góðan og næringarríkan mat sem uppfyllir viðmið Landlæknisembættisins og lög um grunnskóla kveða á um. Fulltrúarnir þakka fyrir þá miklu vinnu sem hefur verið lögð í það að koma þessu til framkvæmdar.

8. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. ágúst 2019 við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem lögð var fram á 162. fundi skóla- og frístundaráðs um stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði. SFS2019060109

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss ítreka það að hafa þarf hraðar hendur varðandi ráðningar til þess að geta veitt þá þjónustu sem foreldrar hafa verið að sækja um fyrir börn sín. Það á eftir að ráða í 237 stöðugildi hjá skóla- og frístundasviði. Ótækt er að enn séu 1328 börn á biðlista í frístund. Fulltrúarnir leggja áherslu á að þung vinna verði áfram lögð í að klára ráðningar og biðlistum verði eytt. Enda bitna allar tafir á innritun mjög illa á börnum og foreldrum þeirra. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss þakka starfsfólk skóla- og frístundasviðs fyrir góða vinnu við að ráða í þær lausu stöður í leikskólum, skólum og frístundaheimilum sem búið er að ráða í.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrstu tölur um ráðningarmál sýna að búið er að ráða í 96-98% stöðugilda í leikskólum og grunnskólum og 76% í frístundastarfinu. Þetta eru í heildina betri staða en í fyrra og mun betri en næstu 2 ár bar á undan. Þetta er sérlega athvglisvert í liðsi bess að stöðugildum í leik og grunnskólum fjölgar um 44 á milli ára m.a. vegna fjölgunar barna. Þessu ber að

fagna og staðfestir árangur beirra aðgerða í mönnunarmálum sem ráðið og sviðið hafa samþykkt og ráðist í á undanförnum árum.

- Kl. 15.40 víkur Líf Magneudóttir af fundinum.
- 9. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu miklu fjármagni síðustu 5 ár (síðasta kjörtímabil + þetta fyrsta ár af þessu) hafi verið veitt til skóla- og frístundasviðs. Óskað er eftir því að fá þetta skilgreint niður á ár. Hafa þessar hækkanir náð að brúa þær hækkanir sem hafa orðið á vísitöllum og verðbólgu?

SFS2019080134

- 10. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss óska eftir því að vita hvernig dreifing á námsgögnum hefur gengið eftir í upphafi þessa skólaárs, var öllum námsgögnum dreift áður en skólastarf hófst?

SFS2019080135

- 11. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig verður sundkennslu háttáð, á nýhofnu skólaári, í þeim skólum þar sem nemendur hafa þurft að sækja hana í önnur hverfi eða jafnvel í önnur sveitarfélög?

SFS2019080136

- 12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir sundurliðun eftir leikskólum hversu margir leikskólakennrar eru þar að störfum og upplýsingum um hvort einhverjar deildir leikskólanna séu án starfandi leikskólakennara.

SFS2019080137

- Kl. 15.50 víkur Magnús Þór Jónsson af fundinum.
- Kl. 15.55 víkja Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigríður Björk Einarsdóttir og Jóhanna H. Marteinsdóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 16:03

Alexandra Briem
Marta Guðjónsdóttir
Örn Þórðarson

Skúli Helgason

Geir Finnsson
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 10. september, var haldinn 168. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.30. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Egill Þór Jónsson (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheymarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffia Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 22. ágúst 2019, þar sem tilkynnt er að Diljá Ámundadóttir Zoëga taki sæti í skóla- og frístundaráði og að Geir Finnsson taki sæti sem varamaður í ráðinu. Jafnframt lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 6. september 2019, þar sem tilkynnt er að Egill Þór Jónsson taki sæti í skóla- og frístundaráði. SFS2019060216
 - Kl. 12.38 tekur Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir sæti á fundinum.
 - Kl. 12.48 tekur Soffia Pálsdóttir sæti á fundinum.
2. Lögd fram skyrslan Heilsa og lífskjör skólanema á Íslandi, dags. í desember 2018. SFS2019090021

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, Kristján Ketill Stefánsson, Almar Halldórsson, Ársæll Már Arnarsson og Sigrún Sveinbjörnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkks í skóla- og frístundaráði þakka fyrir kynningar á rannsókn vegna líðan nemenda í grunnskólum. Það er mikilvægt að unnið sé markvisst með þessar niðurstöður þar sem virkni, líðan og skóla- og bekkjarandi nemenda í 6. – 10. bekk í Reykjavík hefur dalað lítilega á undanförnum 3 árum. Enn fremur eru niðurstöður um dalandi sjálfsálit og aukning í einelti hjá börnum áhyggjuefnini. Það þarf að sporna við því að hver nýr árgangur (6. bekkur) síðustu 3 ár hefur sýnt aðeins verri útkomu enn sá fyrr. Mikinn breytileika má finna milli skóla og því nauðsynlegt að nýta þessar niðurstöður og bregðast strax við með umbótaáætlunum og þá sérstaklega í þeim skólum sem koma verst út.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans þakka fyrir kynningu á könnunum á líðan og heilsu nemenda. Sérstaklega skal hrósa fyrir hve alvarlega og vel hugað var að persónuverndarsjónarmiðum þegar svona viðkvæman hóp er um að ræða. Því má fagna að svör eru almennt mjög jákvæð, en þó áhyggjuefni að svör versna milli ára þvert á spurningar og í öllum landshlutum. Áhugavert að heyra mögulegt orsakasamhengi við þróun þjóðfélagsmála, efnahagshruns og meðfylgjandi streitu á uppvaxtarárum þeirra barna sem fæddust 2004-2007, þó erfitt sé að staðfesta slíkt. Áhyggjuefni er að sjá að einelti sé að aukast og veruleg notkun á rafrettum kallar á sérstök viðbrögð. Mikilvægt er að brugðist sé við þeirri þróun og er það til marks um gagnsemi þess að fylgjast vel með líðan og heilsu. Þau gögn gefi vísbendingar snemma, áður en ástand versnar verulega. Aðstæður og svörum milli skóla eru töluvert mismunandi og tilefni til að meta þarfir þeirra út frá aðstæðum.

3. Diljá Ámundadóttir Zoëga er kosin varafirmaður skóla- og frístundaráðs.
4. Lögð fram Matarstefna Reykjavíkurborgar 2018-22, dags. í apríl 2018. SFS2019090022

Heiða Björg Hilmisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Matarstefna Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á vormánuðum 2018 er metnaðarfull og byggir á heildstæðri sýn á matarmenningu í borginni allri. Markmiðin eru skýr: að auka fjölbreytni í fæðuframboði og auka hollustu og gæði matar m.a. út frá hugmyndafræði sjálfbærni. Stefnan boðar aðgerðir til að nýta matinn betur og minnka þar með matarsóun og almennt vinna að bættri matarmenningu í borginni. Mikilvægt er að innleiða sem fyrst lykiláðgerðir sem fylgia stefnunni s.s. um að grænmetisréttir standi til boða í skólamötuneytum, matreiðslufólk fái þjálfun í matreiðslu grænmetisréttu og starfsfólk mótnueytanna eigi kost á fræðslu og starfsþróun í tengslum við aukna fjölbreytni skólamáltíða. Nú hefur verið skipaður stýrihópur um næstu skref við innleiðingu stefnunnar, m.a. með forgangsröðun aðgerða sem er mikilvægt til að tryggja að markmið stefnunnar nái fram að ganga.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins telja löngu tímabært að hefja innleiðingu matarstefnunnar, enda var matarstefnan samþykkt samhljóða á fundi borgarstjórnar 15. maí í fyrra eða fyrir rúmlega ári síðan. Hafist var handa um stefnumótun skólamáltíða í mars 2016. Síðan eru liðin þrjú og hálft ár. Nú á að skipa enn einn stýrihópinn til að innleiða stefnuna. Þetta sýnir metnaðarleysi meirihlutans og ranga forgangsröðun þegar kemur að börnum í borginni. Mikilvægt er að meirihlutinn standi einhuga að baki matarstefnunni, sem augljóslega samrýmist manneldiskarðum Lýðheilsustöðvar og Landlæknisembættisins, í stað þess að varpa fram óábyrgum hugmyndum, tvist og bast, sem fara gegn manneldiskarðum. Það verður ekki séð að innleiðing stefnunnar krefjist sérstakrar samþykktar. Það hefði átt að gerast sjálfkrafa fyrir rúmlega ári síðan þegar stefnan var samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn er einhuga um að innleiða þegar samþykktta stefnumörkun í matarmálum borgarinnar. Afvegaleiðing fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins og aðdróttanir um að ekki ríki samstaða í þeim efnunum er rakinn þvættingur og ekki til þess fallinn að skapa samvinnu og traust um jafn mikilvægt mál og Matarstefnu Reykjavíkur, lýðheilsu fólks og baráttuna gegn loftslagsvánni. Orðræða fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins er ámælisverð. Þrátt fyrir að þeim sé bent á hið sanna í málínu þráskallast þeir við í pólitiskum tilgangi og gegn betri vitund.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Því er vísað til főðurhúsanna að fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins séu með aðdróttanir um að ekki ríki samstaða í meirihlutanum um matarstefnuna. Fésbókarfærsla fulltrúa Vinstri grænna segir allt sem segja þarf um samstöðuleysi meirihlutans í þessum efnunum: „Við ættum að draga verulega úr framboði dýraafurða eða hætta alfarið að bjóða upp á þær í mótnueytum borgarinnar..“

5. Lögð fram drög að áherslum og forgangsröðun skóla- og frístundaráðs 2019-2022, trúnaðarmál. SFS2019020034

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram bókun sem skráð er í trúnaðarbók.

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskólum leggur fram bókun sem skráð er í trúnaðarbók.

6. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu ásamt Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025:

Lagt er til að svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að skipa starfshóp um frekari innleiðingu á stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík, sem var samþykkt 3. október 2017. Starfshópur sem skipaður var í kjölfar samþykktar stefnunnar skilaði af sér innleiðingaráætlun til ársloka 2019 með óskum um að skipaður væri annar starfshópur til að vinna að innleiðingaráætlun til ársins 2025. Í frístundastefnunni er mikil áhersla lögð á að virkja börn og unginga til þáttöku í skipulögðu frístundastarfi og er skóla- og frístundasvið með starfsemi fyrir aldurshópinn sem sækir þjónustu til frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva. Mikilvægt er að fylgja frístundastefnunni varðandi þann aldurshóp og koma með tillögur um innleiðingu hennar til 2025 varðandi starfsþætti sem snúa að skóla- og frístundastarfi skóla- og frístundasviðs. Einnig er lagt til að starfshópurinn leggi mat á árangur þeirra innleiðingar sem þegar hefur farið fram er varða verkefni frístundastarfs skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt. SFS2019090024

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva lýsa yfir ánægju með að skipa eigi starfshóp um frekari innleiðingu á stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík, sem var samþykkt 3. október 2017. Mikilvægt er að innleiðingu frístundastefnunnar sé fylgt eftir allt til 2025 og að meta eigi árangur innleiðingarnar.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 11. júní 2019 ásamt minnisblaði svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. september 2019, um tillöguna:

Skóla- og frístundaráð beinir því til forsætisnefndar að breyta samþykkt um ráðið á þá leið að Samtökum sjálfstætt rekinna skóla verði heimilað að skipa áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráð. Eðlilegt er að sjálfstætt starfandi skólar sem sinna lögbundnum verkefnum sem ráðið hefur eftirlitsskyldur með hafi áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum Sjálfstæðisflokkssins. SFS2019060107

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss harma að tillagan hafi verið felld, enda eðlilegt að sjálfstætt starfandi skólar sem sinna lögbundnum verkefnum sem ráðið hefur eftirlitsskyldur gagnvart hafi áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans samþykjkja í grunnatriðum það sjónarmið, með vísun í framsett minnisblað, að til séu margir hópar sem störf ráðsins hafa áhrif á og sem gætu haft bæði hag af aðkomu að fundum og átt jákvæð og gagnleg innlegg í mál sem hér eru rædd. Fundir ráðsins eru þó nú þegar mjög fjölmennir og ætti að bæta fleiri áheyrnarfulltrúum í hópinn yrðu þeir fljótt nær því að kallast ráðstefnur. Almennt er þó jákvætt að það sé skoðað með hvaða hætti aðkoma nýrra aðili að fundum sé sem gagnlegust og uppyggilegust. Því er eðlilegt að það sé skoðað með jákvæðum augum að í einhverjum tilfellum sé þeim aðilum

boðið að sitja fundi þegar málefni sem þeim tengjast beint eru rædd. Sá skýri fyrirvari þarf þó að vera að staða einkarekinna skóla er ólík öðrum skólum borgarinnar að því leyti að þar er um að ræða lögaðila sem eru í samningsbundnum rekstri fyrir skóla- og Frístundasvið og þiggja fyrir það greiðslur. Ekki verður tekið undir það sjónarmið að fulltrúar slíkra aðila eigi heima á þeim fundum þar sem samningar, skilmálar eða afstaða sviðsins eða borgarinnar gagnvart þeim sem gagnaðila eru til umræðu.

8. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. ágúst 2019 við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Floks fólksins sem lögð var fram í borgarráði 15. ágúst 2019 um viðbrögð við erindum varðandi skólaráð Kelduskóla. SFS2019080073
9. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um embættisafgreiðslu sviðsstjóra, dags. 3. september 2019, eitt mál. SFS2019020033
10. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að könnun verði gerð á notkun útikennslustofa í borginni með það að markmiði að hægt verði að nýta þær betur. Kortlagning þeirra verði nýtt til að hvetja til frekari notkunar þeirra og til samnýtingar milli hverfa, skóla og leikskóla. Pannig gefst tækifæri fyrir fleiri skóla, leikskóla og frístundaheimili að nýta útikennslustofurnar enda er útinám hluti af aðalnámskrá.

Frestað. SFS2019090103

11. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hve margir af starfsmönnum frístundaheimila og frístundamiðstöðva eru háskólanemar? Svarið óskast sundurliðað eftir háskólum og eftir sviðum, í tilfelli Háskóla Íslands.

SFS2019090104

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu margir leikskólar hafa orðið að senda börn heim vegna manneklu frá 1. september 2019. Hversu mörg börn hafa verið send heim og í hvað margar klukkustundir.

SFS2019090105

13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir því að fá upplýsingar um það hversu mörg börn eru á biðlista eftir leikskólavist og hafa ekki fengið boð um vistun.

SFS2019090106

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu mörg börn eru á biðlista eftir því að komast inn á frístundaheimili.

SFS2019090107

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það í hvað mörg stöðugildi á eftir að ráða hjá frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, leikskólum og grunnskólum Reykjavíkurborgar.

SFS2019060108

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að skýrsla sem átti að skila í nóvember 2017 um húsnæðismál tengd reglum um félagsmiðstöðvar og frístundaheimili verði kláruð og niðurstöður kynntar ráðinu. Mikilvægt er þó að ráðsmönnum sé strax á næsta fundi kynnt hvar verkefnið er statt.

SFS2018100120

- Kl. 15.36 víkja Haraldur Sigurðsson, Soffía Pálsdóttir og Anna Metta Norðahl af fundinum.
- Kl. 15.45 víkja Guðrún Gunnarsdóttir, Sigríður Björk Einarsdóttir, Magnús Þór Jónsson, Soffía Vagnsdóttir, Soffía Pálsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Helgi Grímsson, Jón Ingi Gíslason og Kristján Gunnarsson af fundinum.

Fundi slitið kl. 15:50

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Egill Þór Jónsson
Marta Guðjónsdóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga
Líf Magneudóttir
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 13. september, var haldinn 169. fundur skóla- og frístundaráðs, vinnufundur. Fundurinn hófst í fundarherberginu Kerhólum á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 13.08. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Árni Jónsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Eygló Traustadóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2020.
 - Kl. 13.20 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.
 - Kl. 15.10 víkja Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Diljá Ámundadóttir Zoëga af fundinum.

Fundi slitið kl. 15:23

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Marta Guðjónsdóttir
Örn Þórðarson

Diljá Ámundadóttir Zoëga
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 13. september, var haldinn 169. fundur skóla- og frístundaráðs, vinnufundur. Fundurinn höfst í fundarherberginu Kerhólum á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 13.08. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Árni Jónsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarssdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Eygló Traustadóttir ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2020.
 - Kl. 13.20 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.
 - Kl. 15.10 víkja Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Diljá Ámundadóttir Zoëga af fundinum.

Fundi slitið kl. 15:23

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Marta Guðjónsdóttir
Örn Þórðarson

Diljá Ámundadóttir Zoëga
Valgerður Sigurðardóttir

VELFERÐARRÁÐ OG SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 20. september, var haldinn 170. fundur skóla- og frístundaráðs og 359. fundur velferðarráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Kerhólum á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 13.05. Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar velferðarráðs: Heiða Björg Hilmisdóttir formaður (S), Alexandra Briem (P), Aron Leví Beck (S), Ásgerður J. Flosadóttir (F), Líf Magneudóttir (V), Sanna Magdalena Mörtudóttir (J) og Órn Þórðarson (D). Af hálfu starfsmanna velferðarsviðs sátu fundinn: Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri, Dís Sigurgeirs dóttir, Þórdís Linda Guðmundsdóttir, Kristjana Gunnarsdóttir, Óskar Dýrmundur Ólafsson og Katrín Harpa Ásgeirsdóttir. Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar skóla- og frístundaráðs: Skúli Helgason formaður (S), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Egill Þór Jónsson (D), Marta Guðjónsdóttir (D), Ólafur Guðmundsson (D), Rannveig Ernudóttir (P) og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar í skóla- og frístundaráði: Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólam og Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólam. Af hálfu starfsmanna skóla- og frístundasviðs sátu fundinn: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffia Pálsdóttir og Soffia Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 12. september 2019 ásamt jafnréttisskimun, dags. 12. september 2019 og bréfi starfsfólks frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, dags. 18. september 2019:

Skóla- og frístundaráð og velferðarráð samþykkja að hefja sameiginlegt þróunarverkefni í Breiðholti, *Betri borg fyrir börn. Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.*

Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfí borgarinnar. Þá verður lögð áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Fera á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfí og fera stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs.

1. Stofnuð verði skóla- og frístundadeild innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem heyri undir skóla- og frístundasvið. Starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Breiðholti heyri undir skóla- og frístundadeildina. Deildin veiti m.a. ráðgjöf um almenna starfs- og kennsluhætti, skipulag skóla- og frístundastarfs, auk þeirrar sérfræðiþjónustu sem hefur verið veitt í hverfinu á undanförnum árum. Stjórnendur deildarinnar verði næstu yfirmenn leikskólastjóra, grunnskólastjóra og forstöðumanna félagsmiðstöðva og frístundaheimila í Breiðholti.
2. Stofnað verði mannauðs- og rekstrarteymi innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem sinni mannauðsþjónustu, fjármálalegri ráðgjöf og umsýslu og utanumhaldi með rekstri húsnaðis starfseininga sviðanna í hverfinu. Teymið heyri undir hverfisstjóra Breiðholts.
3. Teymisvinna á milli skóla- og frístundadeilda og annarra sérfræðinga þjónustumiðstöðvar Breiðholts verði þétt og markviss með það að markmiði að styðja við skóla- og frístundastarf og fjölskyldur í Breiðholti. Deildarstjórar í þjónustumiðstöð Breiðholts eiga í markvissu samstarfi og funda reglulega um sameiginleg málefni deildanna með hverfisstjóra. Unnið verði á grundvelli verkefna og verkefnastjórnunar þar sem starfað verði í þverfaglegum teymum.

4. Skrifstofa frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs í Breiðholti verði færð í skóla- og frístundadeildina og teymi rekstrar og mannauðs. Leigu í núverandi húsnæði skrifstofu frístundamiðstöðvarinnar verði sagt upp.

Verkefnið rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Flutt verði miðlæg stöðugildi frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs í Borgartúni, starfsfólk úr frístundamiðstöð auk þess sem starfsfólk í þjónustumiðstöð Breiðholts verður flutt undir skóla- og frístundadeildina. Velferðarsvið leggur til húsnæði og búnað að Álfabakka 10.

Þróunarverkefninu verði hleypt af stokkunum seinni hluta árs 2019 og standi í allt að tvö ár. Formenn skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs ásamt sviðsstjórum og hverfisstjóra þjónustumiðstöðvar Breiðholts munu halda reglulega samráðsfundi til að fylgja eftir markmiðum verkefnisins og kynna framgang þess í skóla- og frístundaráði og velferðarráði. Að þróunartíma loknum verður metið hvort yfirfæra eigi verkefnið á alla borgina. Matsferli verður hluti af undirbúnings- og innleiðingarferli.

Greinargerð fylgir.

- Kl. 13:33 tekur Magnús Þór Jónsson sæti á fundinum.
- Kl. 14:00 tekur Agnes Sif Andrésdóttir sæti á fundinum.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands í velferðarráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalistaflokksins fagnar öllu því sem færir þjónustuna nær börnum borgarinnar og fjölskyldum þeirra líkt og umrædd tillaga fjallar um. Fulltrúinn telur mikilvægt að skoða orðalag sem notað er í kynningu tillögunnar út á við, þar má t.d. nefna að hugtök líkt og „snemmtæk íhlutun“ geta virkað fræðileg á marga og mikilvægt að skýrt sé hvað sé verið að tala um, þ.e.a.s. að grípa snemma inn í aðstæður þegar þörf er á og veita þá þjónustu sem þörf er á. Hér í tillöggunni er fjallað um mikilvægi þess að velferðarsvið og skóla- og frístundasvið vinni vel saman í að veita sem bestu þjónustu og slíkt er gríðarlega mikilvægt. Þá er mikilvægt að allir sem komi að þeirri þjónustuveitingu, þ.e.a.s. starfsfólk ið og aðrir sem koma að málunum fái að koma að breytingum í þjónustuveitingunni og ljá sína rödd í því ferli. Það er mikilvægt að allar svona stórar breytingar sem hér um ræðir séu unnar í samráði við starfsfólk ið. Þá er einnig mikilvægt að geta aðlagað þjónustuna og breytt ef þörf er á til að geta sniðið að þörfum og væntingum þeirra sem nota þjónustuna.

Fulltrúi Flokks fólksins í velferðarráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Betri borg fyrir börn. Hugmyndin er góð og sannarlega þörf enda langt í land að borgin sé góð fyrir öll börn. Talað er um markvissara samstarf en við lestar er ekki alveg ljóst hvernig þetta samstarf á að vera? Gott hefði verið að taka raunveruleg dæmi í lýsingunni á skipulaginu, hvernig þetta kemur til með að virka nákvæmlega fyrir börnin og foreldrana, hvernig er aðgengi, forgangsröð, verkferli, tilvísanir, tímarammar og fleira. Til að samþykkja svona þarf maður að sjá þetta fyrir sér.

Ljóst er að hér er verið að búa til nýtt kerfi og vissulega lítur þetta allt vel út á blaði. En praktíski hlutinn er óljós. Setning eins og „færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Hér vill fulltrúi Flokks fólksins fá nokkur raundæmi. Það er ekki nóg að segja bara „markvissara samstarf“. Eins og þetta lítur út núna er eins og verið sé að renna blint í sjóinn. Sennilega þarfnaст þessi hugmynd mun meiri vinnu, útfærslu alveg ofan í smæstu einingar. Ef farið er af stað með eitthvað loðið og óljóst er hætta á að skapist óreiða og óvissa?

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins í velferðarráði og skóla- og frístundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan *Betri borg fyrir börn* er tímabær og jákvætt skref í að veita heildstæða þjónustu og færa hana nær íbúum. Meginmarkmið tillögunar gengur út á markvisst samstarf og samþættingu milli Skóla- og frístundasviðs og Velferðarsviðs borgarinnar. Hins vegar er gagnrýnivert að starfsfólk var boðað á fund og tilkynnt um breytingar án þess hafa haft nokkurra aðkomu að útfærslunni. Boðað samráð við innleiðinguna sjálfa verður hins vegar að teljast eftirásamráð sem verður að teljast slæm breytingastjórnun. Mikilvægt er að samtal við íbúa og fulltrúa skólasamfélagsins, sem boðað er í tillögunni, verði ekki orðin tóm, heldur öflugt og skilvirk. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins í skóla- og frístundaráði og velferðarráði fagna þeim fyrirheitum sem tillagan gefur um bætta þjónustu við börn í borginni.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírala og Vinstrri grænna í velferðarráði og skóla- og frístundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið fagnaðarefni að skóla- og frístundaráð og velferðarráð og fagsviðin tvö taki nú höndum saman um að auka samstarf sitt með það að markmiði að bæta þjónustu við börn í borginni og aðstandendur þeirra. Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið setja nú á fót sameiginlegt þróunarverkefni: *Betri borg fyrir börn* sem hefur m.a. þann tilgang að færa þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs. Samhliða er settur á fót sameiginlegur stýrihópur fagráðanna sem mun hafa það hlutverk að skoða heildstætt hvernig megi samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þarfir með það að markmiði að auka gæði og skilvirkni þjónustunnar og stuðla að því að hún skili viðkomandi börnum framförum. Mikilvægt er að hafa gott samráð við stjórnendur og annað starfsfólk og aðra hagsmunaaðila í hverfinu sem málinu eru viðkomandi við útfærslu og innleiðingu þessara breytinga.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva fagna því að ráðist verði í að gera tilraun í Breiðholti með markvissara samstarfi milli fagfólks sem sinnir málefnum barna og fjölskyldna og færa þjónustuna nær vettvangi í skólum, frístundastarfi og heimilum.

Kynning á nýju verklagi fyrir stjórnendum frístundamiðstöðva fór fram þriðjudaginn 17. september sl. og í framhaldi af þeirri kynningu hafa vaknað upp ýmsar spurningar varðandi breytingarnar sem að mikilvægt er að ræða og hafa samráð um við fagaðila og þjónustuþega í hverfinu. Mikilvægt er að skipurit verði skýrt til að minnka óvissu og óöryggi sem að ávallt eru hluti af breytingum.

SFS201909153/VEL2019090024

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa og velferðarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírala og Vinstrri grænna:

Lagt er til að settur verði á fót sameiginlegur stýrihópur skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem hafi það hlutverk að skoða hvernig megi tryggja heildstæða stoðþjónustu fyrir börn með sérþarfir, með það að markmiði að bæta þjónustu við börnin og forráðamenn þeirra gera hana markvissari og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Þar verði til skoðunar sérkennsla og stuðningur í skólum og frístundastarfi, skólapjónustan og

sérstaklega hugað að samstarfi kennara, skólastjórnenda, sérfræðinga skólapjónustu og starfsfólks sviðanna við að tryggja börnum markvissa þjónustu sem skilar þeim árangri og framförum. Stýrihópurinn hafi m.a. það hlutverk að fylgjast með framgangi verkefnisins Betri borg fyrir börn í Breiðholti og leggja mat á fýsileika þess að yfirfæra verkefnið á aðra borgarhluta. Hópnum verði m.a. falið að móta tillögur um leiðir til að meta árangur af sérkennslu, stuðningi og skólapjónustu með það fyrir augum að auka gæði og virkni þjónustunnar fyrir viðkomandi börn. Í stýrihópnum eigi sæti formenn skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs og sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Hópurinn kalli til ráðgjafar fulltrúa úr skólasamféluginu og fagaðila eftir þörfum.

Samþykkt og vísað til borgarráðs. SFS2019090155/VEL2019090026

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna í velferðarráði og skóla- og frístundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið fagnaðarefni að skóla- og frístundaráð og velferðarráð og fagsviðin tvö taki nú höndum saman um að auka samstarf sitt með það að markmiði að bæta þjónustu við börn í borginni og aðstandendur þeirra. Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið setja nú á fót sameiginlegt þróunarverkefni: Betri borg fyrir börn sem hefur m.a. þann tilgang að færa þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs. Samhliða er settur á fót sameiginlegur stýrihópur fagráðanna sem mun hafa það hlutverk að skoða heildstætt hvernig megi samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þarfir með það að markmiði að auka gæði og skilvirkni þjónustunnar og stuðla að því að hún skili viðkomandi börnum framförum. Mikilvægt er að hafa gott samráð við stjórnendur og annað starfsfólk og aðra hagsmunaaðila í hverfinu sem málinu eru viðkomandi við útfærslu og innleiðingu þessara breytinga.

- Kl. 14:33 víkur Líf Magneudóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 14:40

Heiða Björg Hilmisdóttir
Skúli Helgason

Alexandra Briem
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir
Sanna Magdalena Mörtudóttir
Diljá Ámundadóttir Zoëga
Ólafur Guðmundsson

Aron Leví Beck
Ásgerður Jóna Flosadóttir
Órn Þórðarson
Egill Þór Jónsson
Marta Guðjónsdóttir
Rannveig Ærnudóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 24. september, var haldinn 171. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.34. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Egill Þór Jónsson (D), Marta Guðjónsdóttir (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffia Pálsdóttir og Soffia Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um öryggismál í grunnskólum í tengslum við atvik í Austurbæjarskóla. SFS2019090277

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að eftirlit við grunn- og leikskóla í borginni verði endurskoðað sem og allir öryggisferlar. Starfsmenn og kennarar auðkenni sig t.d. með nafnspjaldi eins og þekkist víða í stofnunum og fyrirtækjum til að tryggja betur öryggi nemenda. Skóla- og frístundasviði yrði falin útfærsla þessara auðkenna. Þá er lagt til að kannaðir verði kostir þess að koma upp öryggismyndavélum við skólana og að þeim skólum sem þess óska standi slíkur búnaður til boða.

Greinargerð fylgir.

Frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Alvarlegt atvik í Austurbæjarskóla þar sem utanaðkomandi einstaklingur braut gegn barni í skólanum kallar á sérstaka yfirferð á þeim ráðstöfunum sem gerðar eru í skólum til að tryggja öryggi nemenda. Mikilvægt er að skoða fljótt og vel hvort auka megi viðbúnað til að lágmarka líkur á að slík atvik endurtaki sig. Við búum í opnu samfélagi og viljum halda því áfram en öryggi barna í skólum verður að tryggja. Skóla- og frístundaráð mun fara ítarlega yfir verkferla, viðbúnað og upplýsingagjöf á næsta fundi sínum og ræða leiðir til úrbóta.

2. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 19. september 2019, þar sem tilkynnt er að Sigríður Arndís Jóhannsdóttir taki sæti í skóla- og frístundaráði í stað Lífar Magneudóttur og að Sara Björg Sigurðardóttir og Líf Magneudóttir taki sæti sem varamenn í ráðinu í stað Sigríðar Arndísar Jóhannsdóttur og Elínar Oddnyjar Sigurðardóttur. SFS2019060216
3. Fram fer kynning á starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs árið 2020, trúnaðarmál. SFS2019090193

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram bókun sem skráð er í trúnaðarbók.

- Kl. 13.05 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.
- 4. Lagt fram minnisblað mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar, dags. 19. september 2019, um viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2019. SFS2019090193

Harpa Hrund Berndsen tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar eru mjög jákvæðar og er hækken á nær öllum þáttum milli ára. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá að starfsmenn skóla- og frístundasviðs eru að jafnaði jákvæðari og er skor þeirra hærra en meðaltal borgarinnar á öllum lykil árangursþáttum sem hækka allir milli ára. Þeir veikleikar sem þó sitja eftir snúa að þáttum sem geta grafið undan áhrifaríku starfi ef ekki er úr þeim bætt, þeir eru fyrst og fremst starfsmannaaðstaða og vinnuálag, og þörf á átaki til að bæta úr þeim liðum. Þó ber að líta til þess að lykilþættir sem snúa að starfsánægju, árangursríkum stjórnunarháttum, hvetjandi og jákvæðu starfsumhverfi og hæfi og áhugasemi starfsfólks mælast sterkir. Þeir þættir sem hækka mest milli ára á sviðinu eru vinnuaðstaða, sveigjanleiki í starfi og starfsmannastöðugleiki. Mikilvægt er að rýna vel niðurstöðurnar og hvernig megi bæta enn um betur ekki síst varðandi grunnskólann. Sérstakt áhyggjuefni er þó að þrátt fyrir að tölur um einelti og áreitni frá samstarfsfólk lækki milli ára þvert á borgina, þá hækka þær tölur á skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu. Nauðsynlegt er að það sé kannað hvað veldur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins þakka fyrir kynningu á niðurstöðum viðhorfskönnunar meðal starfsmanna skóla- og frístundasviðs. Fylgja þarf vel eftir niðurstöðum könnunarinnar og aðstoða þær starfsstöðvar sem skora lágt í könnuninni og eru að lækka milli ára. Mikilvægt er að starfsstöðvarnar bregðist við og geri umbótaáætlunar í þeim þáttum sem koma illa út og eru að lækka milli ára. Athygli vekur að niðurstöður þriggja lægstu þátta könnunarinnar eru hæfilegt vinnuálag, starfsmannastöðugleiki og vinnustaðstaða en lítil breyting hefur orðið í þessum þáttum milli ára. Ljóst er að fara þarf í aðgerðir til að draga úr vinnuá lagi, auka starfsmannastöðugleikann og bæta vinnuaðstöðuna.

- Kl. 13.24 tekur Magnús Þór Jónsson sæti á fundinum.
- 5. Fram fer kynning á aðgerðum til að bæta heilsu og líðan starfsfólks á skóla- og frístundasviði. SFS2019090199
- 6. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 29. mars 2019, þar sem tillögu Reykjavíkuráðs ungmenna um aukið nemendalyðræði er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. maí 2019, um tillöguna. SFS2019040004

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ásdísar Maríu Hrafnisdóttur og Bryndísar Ýrar Sigurþórsdóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisráð, að auka nemendalyðræði í grunnskólum Reykjavíkur með því að gefa nemendum möguleika á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans.

Greinargerð fylgir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Skóla- og frístundaráð hvetur til þess að fulltrúar nemenda í skólaráðum í grunnskólum borgarinnar fái tækifæri til að tjá álit sitt og taka þátt í umfjöllun um ráðstöfun fjármagns skólans, öryggi, húsnæði, aðbúnað og almenna velferð nemenda í skólastarfinu. Til að svo megi verða mælir ráðið með því að fulltrúum nemenda í skólaráðum verði tryggður

viðeigandi stuðningur í samræmi við Handbók um skólaráð með því að þeir hafi sérstakan stuðningsaðila sem aðstoðar þá við að undirbúa hvern fund og vinna úr niðurstöðum hans.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata fagna þessari tillögu og þeim áhuga á skólasamfélagini og þess vilja til virkrar þátttöku sem í henni birtist. Nauðsynlegt er að rödd nemenda heyrist bar sem ákvarðanir um rekstur og starfsemi skólans eru teknar. Það er áhyggjuefnir ef skólaráð eru ekki í öllum tilfellum slíkur vettvangur eins og lagt var upp með að þau yrðu. Lögð er áhersla á að skólaráð skuli vera virk og starfa í samræmi við handbók um þau sem gefin var út 2017. Sjá þarf til þess að nemendum séu kynnt skólaráðin og þeim veittur sá stuðningur sem þarf til að komast inn í þau mál skólans sem þau láta sig varða, ekki síður fjármál en önnur. Þar sem fjármagn til skólanna er á forræði skólastjórnenda þyrfti kanna hvernig hægt væri að útfæra nánari aðkomu nemenda. Mikilvægt er til að farið verið í könnun á starfsemi skólaráða, virkni þeirra og eftirfylgd með handbók. Í kjölfarið verði ráðist í endurskoðun á þeiri handbók og farið í vinnslu nýrrar samþykktar um hlutverk skólaráða í samráði við fulltrúa þeirra, þá sérstaklega nemenda, með áherslu á að efla upplýsingagjöf til nemenda og möguleika þeirra á virkri þátttöku.

7. Fram fer kynning á stöðu framkvæmda við starfsstaði skóla- og frístundasviðs. SFS2019070076
Agnar Guðlaugsson og Kristján Sigurgeirsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
8. Lögð fram svohljóðandi tillaga fjölmenningarráðs sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs á fundi borgarstjórnar og fjölmenningarráðs 30. apríl 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2019, um tillöguna:

Lagt er til að efla og fjölda brúarsmiðum á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem sinna starfi með börnum af erlendum uppruna ásamt því að veita skólum og foreldrum ráðgjöf.

Greinargerð fylgir. SFS2019050100

Samþykkt að vísa til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2020.

9. Lögð fram drög að samningi Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps um þjónustu og greiðslur milli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi en njóta leikskólabjónustu, eru í grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla Reykjavíkurborgar á Klébergi ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. september 2019, um samninginn og fylgiskjolum. SFS2019010142

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. september 2019, um stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði 16. september 2019. SFS2018080035

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Vel hefur gengið að manna laus stöðugildi undanfarinn mánuð í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfinu. Nú eru eftir 38 ómönnuð grunnstöðugildi í leikskólum í stað riflega 60 fyrir mánuði. Rétt er að hafa í huga að búið er að fjölgja um 34 stöðugildi milli ára vegna aðgerða til að bæta starfsumhverfið á leikskólum en engu að síður fjölgar ekki ómönnuðum stöðugildum frá sama tíma í fyrra. Í grunnskólum eru nú 22 lausar stöður í stað 40 fyrir

mánuði og í frístund vantar nú að fylla í tæp 40 stöðugildi í stað 102 fyrir mánuði. Þar með er búið að ráða í yfir 91% stöðugilda í frístund og 98-99% stöðugilda í leikskólum og grunnskólum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir þá vinnu sem fór í það að svara fyrirspurn vegna stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði. Ekki hefur tekist að ráða í 129 stöðugildi hjá skóla- og frístundasviði sem veldur því að börn hafa verið send heim af leikskóla vegna manneklu og ekki hefur verið hægt að taka inn öll börn á leikskóla sem var lofað plássi. Auk þess eru 174 börn á biðlista eftir vistun á frístundaheimili. Fulltrúarnir leggja áherslu á það að áfram verði lögð áhersla á það að þung vinna verði lögð í ráðningar enda bitna allar tafir illa á börnum og foreldrum þeirra.

11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. september 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um leikskóla sem hafa sent börn heim vegna manneklu, frá 168. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019090105

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir greinargott svar við fyrirspurninni. Harma þeir að einn leikskóli hafi á þessu hausti þurft að senda börn heim vegna manneklu og vonast fulltrúarnir til þess að það vel gangi að ráða í þau lausu stöðugildi sem eru á skóla- og frístundasviði.

12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. september 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um biðlista eftir leikskólavist, frá 168. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019090106

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir greinargott svar við fyrirspurninni. Vonast fulltrúarnir til þess að vel gangi að ráða í lausar stöður svo að hægt sé að bjóða þeim 49 börnum sem eru á biðlista pláss sem fyrst.

13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. september 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um biðlista eftir dvöl á frístundaheimili, frá 168. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019090107

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir greinargott svar við fyrirspurninni. Vonast fulltrúarnir til þess að vel gangi að ráða í lausar stöður svo að hægt sé að bjóða þeim 174 börnum sem eru á biðlista pláss sem fyrst.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans vilja áréttu bað að miðað við nýjustu upplýsingar eru 105 börn á biðlista eftir vistun á frístundaheimili en ekki 174. Það er mikilvægt að hér komi fram að ómislegt hefur verið gert síðan tiltekið svar við fyrirspurninni var skráð. Tölur á borð við bessar eru flæðandi, enda á starfsfólk sviðsins hrós skilið fyrir skilvirk og hröð handtök á stuttum tíma.

14. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. september 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um ráðningar á skóla- og frístundasviði, frá 168. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019090108

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir þá vinnu sem fór í það að svara fyrirspurn vegna stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði. Ekki hefur tekist að ráða í 129 stöðugildi hjá skóla- og frístundasviði sem veldur því að börn hafa verið send heim af leikskóla vegna manneklu og ekki hefur verið hægt að taka inn öll börn á leikskóla sem var lofað plássi. Auk þess eru 174 börn á biðlista eftir vistun á frístundaheimili. Fulltrúarnir leggja áherslu á það að áfram verði lögð áhersla á það að þung vinna verði lögð í ráðningar enda bitna allar tafir illa á börnum og foreldrum þeirra.

15. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. september 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um sundkennslu haustið 2019, frá 167. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019080136
16. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. september 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um stöðu tillagna um aukinn stuðning við dagforeldra í Reykjavík, frá 156. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019030199

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði þakka fyrir svarið. Það er mikilvægt að fá góða skýringu á því hver staðan er á auknum stuðningi við dagforeldra í Reykjavík sem voru samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 9. október 2018. Fulltrúarnir leggja áherslu á það að áfram verði haldið af krafti til þess að klára alla þessa níu þætti sem samþykktir voru.

- Kl. 15.45 víkja Anna Metta Norðahl og Guðrún Kaldal af fundinum.

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði leggja það til að skóla- og frístundasvið skoði þann möguleika á að breyta húsnæði Kelduskóla – Korpu í sameiginlegan leik- og grunnskóla með tilliti til kostnaðarmats. Enn fremur verði vilji skólasamfélagsins og foreldrafélagsins kannaður. Þegar hefur verið samþykkt að hefja rekstur svipaðra skóla í Reykjavík. Reykjavíkurborg ætlar að bjóða upp á nýja skólagerð fyrir börn á aldrinum 2 ára til 16 ára þar sem styrkleikar leikskóla, grunnskóla og frístundar fléttast saman í skóla sem geta dregið fram það besta í hverju barni. Álíka tillaga um rekstur Kelduskóla Korpu kom fyrst fram hjá starfshópi um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðarhverfi í Grafarvogi í apríl 2016.

Frestað. SFS2019090285

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvernig frímínútnagæslu er hátt að við grunnskóla borgarinnar og hvaða reglur gildi um slíka gæslu? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir skólum.

SFS2019090287

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvort atvik sem varða öryggi barna í leik- og grunnskólum og á frístundaheimilum séu skráð og hvernig sé unnið með þær upplýsingar.

SFS2019090288

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvernig umferðaröryggi barna er tryggt við skóla borgarinnar. Við hvaða grunnskóla eru gangbrautarljós eða sérmerktar upplýstar gangbrautir og hvaða skólar eru með gangbrautavörslu.

SFS2019090289

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvort reglulega fari fram umferðartalning við grunnskóla borgarinnar á starfstíma skólanna?

SFS2019090290

22. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig hefur skóla- og frístundasvið brugðist við og tekið á því þegar skólar og starfsstaðir lækka á milli ára í starfsánægjukönnunum?

SFS2019090291

23. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu innleiðingar verkefnisins Aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfí sem fór af stað á síðasta kjörtímabili.

SFS2019090292

Fundi slitið kl. 16:00

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Egill Þór Jónsson
Sigriður Arndís Jóhannsdóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga
Marta Guðjónsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 8. október, var haldinn 172. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.32. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Sanna Magdalena Mörtudóttir (J), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir aheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum; Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum og Saga María Sæþórsdóttir, Reykjavíkurráði ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Elísabet Helga Pálmadóttir, Eygló Traustadóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Guðrún Edda Bentsdóttir, Jóhanna H. Marteinsdóttir og Soffía Pálsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Alexandra Briem er kosin varaformaður skóla- og frístundaráðs.
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs sem merkt er trúnaðarmál, dags. 3. október 2019:

Skóla- og frístundaráð felur svíðsstjóra að setja af stað starfshóp sem hafi það verkefni að móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn skoði í vinnu sinni þá öryggisferla sem eru til staðar í dag og geri tillögu að samræmdum ferlum. Kannaðir verði m.a. kostir þess að nýta öryggismyndavélar í auknum mæli við starfsstöðvar, merkingar starfsfólks og hafa strangari aðgangsstýringar. Jafnframt verði skoðaður þáttur forvarna og fræðslu varðandi öryggismál til barna, ungmenna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Starfshópurinn hafi samráð við Ofsbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar í vinnu sinni. Tillögur starfshóps verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð eigi síðar en 1. febrúar 2020.

Greinargerð fylgir. SFS2019090277

Samþykkt.

Heiða Björg Hilmisdóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirs dóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er grundvallaratriði að börn og ungmenni séu varin eins og kostur er fyrir áreitni, ofbeldi og einelti í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Nýlegt tilvik í Austurbæjarskóla bar sem utanaðkomandi einstaklingur braut gegn nemanda kallar á að farið sé vandlega yfir verkferla og viðbragðsáætlanir skóla og nauðsynlegt er að ræða opinskátt til hvaða aðgerða megi grípa til að draga úr líkum á að slík tilvik eigi sér stað. Það verður verkefni bess starfshóps sem nú mun taka til starfa og mun hann m.a. fara yfir atriði eins og merkingar starfsfólks, kosti og galla bess að setja upp öryggismyndavélar á skólalóðum, strangari aðgangsstýringar, tilkynningaskyldu gesta o.s.frv. Þá verði sérstaklega hugað að forvörnum og fræðslu varðandi öryggismál gagnvart börnum, ungmennum og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Eins liggur beint við að stýrihópurinn leiti leiða til að koma í veg fyrir bjófnað á eignum nemenda og kennara, en bó bað sé ekki jafn aðkallandi og öryggi þeirra sjálfra er sjálfsagt að slík skoðun eigi heima í sömu stefnumótun.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Í ljósi nýliðins alvarlegs atviks í einum grunnskóla þar sem brotið var á barni af utanaðkomandi aðila sem komst inn í skólann er mikilvægt að aðgengi og öryggismál skólanna verði tekin til gagngeggs endurskoðunar sem allra fyrst. Í stað þess að setja slíka endurskoðun í nefnd hefði verið heppilegra að fela skóla- og frístundasviði að gera úttekt á öryggisferlum og móta tillögur til úrbóta sem kæmu fljóttlega til framkvæmda. Mikilvægt er að gefin séu út samræmd viðmið og reglur í því skyni að tryggja betur öryggi barna í skólahúsnaðinu og á skólalóðinni. Til að öryggi nemenda verði betur tryggt höfum við sjálfstæðismenn í skóla- og frístundaráði komið með tillögu um að starfsmenn auðkenni sig með nafnspjaldi og að öllum skólum borgarinnar standi til boða að koma upp öryggismyndavélum við skólana enda hafa þær sannað gildi sitt í þeim skólum sem nú þegar hafa á að skipa slíkum búnaði.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 24. september 2019:

Lagt er til að eftirlit við grunn- og leikskóla í borginni verði endurskoðað sem og allir öryggisferlar. Starfsmenn og kennrarar auðkenni sig t.d. með nafnspjaldi eins og þekkist viða í stofnunum og fyrirtækjum til að tryggja betur öryggi nemenda. Skóla- og frístundasviði yrði falin útfærsla þessara auðkenna. Þá er lagt til að kannaðir verði kostir þess að koma upp öryggismyndavélum við skólana og að þeim skólum sem þess óska standi slíkur búnaður til boða.

Greinargerð fylgir. SFS2019090277

Samþykkt að vísa tillöggunni til meðferðar í starfshópi um aukið öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata:

Skóla- og frístundaráð leggur til að gerðar verði umbætur á skipulagi og umhverfi leikskólastarfs í borginni með það í huga að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga. Meðal þeirra þátta sem sérstaklega verða teknir til skoðunar eru opnumartími leikskólanna, skipulag starfsdagsins, dvalartími barna, stærð barnahópa, uppbrygging gjaldskrár og hvernig megi bregðast við þeirri staðreynd að nýliðun leikskólakennara fullnægir ekki eftirspurn. Settur verði á fót stýrihópur með kjörnum fullrúum, fullrúum leikskólastjóra og fullrúua leikskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Hópurinn leiti jafnframt álits og ábendinga frá Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda í leikskólum, öðru starfsfólkni leikskóla, Samtökum foreldra á leikskólum, háskólasamfélaginu og fleirum eftir þörfum. Stýrihópurinn leggi fram áfangaskýrslu fyrir 1. desember 2019 og lokaskýrslu fyrir 1. mars 2020 en hafi jafnframt heimild til að koma með tillögur jafnóðum ef þörf krefur.

Greinargerð fylgir. SFS2019100023

Samþykkt.

Samþykkt að skipa í stýrihópinn Egil Þór Jónsson, Diljá Ámundadóttur Zoëga og Skúla Helgason sem jafnframt verður formaður hópsins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg hefur gripið til fjölmargra aðgerða á undanförnum misserum til að bæta vinnuumhverfi leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla og varið til þess vel á annan milljarð króna. Starfsánægja hefur aukist í kjölfarið og ánægja foreldra með

leíkskólastarfið er um 95% sem er á heimsmælikvarða. Engu að síður felst í því mikil áskorun hve fáir nýir leíkskólakennrar útskrifast úr námi og nægir hvergi til að mæta nýliðunarþörf í stéttinni. Við þessu þarf að bregðast með markvissum hætti og það verður verkefni nýs stýrihóps sem fær m.a. það verkefni að skoða atriði eins og breytt skipulag vinnudags í leíkskóla, opnunartíma, stærð barnahópa, uppbyggingu gjaldskrár og hvernig megi nýta sem best það fagfólk sem er til staðar í leíkskólunum. Samhliða verði tekna upp viðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið um aðkomu ríkisins að mótvægisáðgerðum til að mæta fækkun fagfólks.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrsta stig í því að gera umbætur á skipulagi og umhverfi leíkskólastarfs í borginni með það í huga að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga væri að ganga að kröfum starfsfólks um betri starfsaðstæður. Sem dæmi má nefna að margir sem starfa á leíkskólum borgarinnar skilgreinast sem ósérhæft starfsfólk og eru meðlimir Eflingar stéttarfélags sem sáu sig knúna til að vísa kjaradeilu félagsins við Reykjavíkurborg til ríkissáttasemjara nú nýlega. Þar var eitt helsta ágreiningsmálið krafa um styttingu vinnuvikunnar. Þá er nauðsynlegt að skoða launamálum og hækkan launa og styttingu vinnuvikunnar þar og innan fleiri starfsstéttu á leíkskólunum en það er krafa sem hefur heyrst víða og er nauðsynlegt að styðja til að minnka álag og slíkt er öllum til hagsbóta.

Áheyrnarfulltrúi leíkskólastjóra í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi stjórnenda leíkskóla þakkar fyrir tillögu um umbætur á skipulagi og umhverfi leíkskólastarfs og um leið koma á framfæri ályktun frá stjórnendahópi leíkskóla. Stjórnendur krefjast þess að skóla- og frístundaráð bregðist við ákalli stjórnenda, en við höfum þungar áhyggjur af vöntun á leíkskólakennurum, mikilli starfsmannaveltu, mönnunarvanda, löngum opnunartíma, langri viðveru barna í leíkskóla og velferð barna.

1) Við leggjum til að opnunartími verður styttur um $\frac{1}{2}$ klukkustund og allir leíkskólar loki kl. 16:30. Það væri í samræmi við vinnutímastyttingu og í takt við önnur sveitarfélög sem hafa gert sér grein fyrir vandanum.

2) Við leggjum til að úthlutun á fjármagni til leíkskóla verði í samræmi við lög, sem kveða á um að 2/3 hluti starfsmanna skulu vera leíkskólakennrar. Ef ekki næst að manna stöður með leíkskólakennurum þá nýtist fjármagnið í að ráða inn aðra sérfræðinga.

3) Fækka börnum í skólum, þar sem engir eða fáir fagmenn starfa.

4) Við óskum eftir fjölskyldustefnu, sem kveður á um hámarkstíma sem barn getur dvalið í leíkskóla.

Þessar aðgerðir myndu auðvelda og jafna rekstur á milli skóla, minnka álag og bæta þjónustu við börn og tryggja betur velferð og öryggi barna og starfsmanna í Reykjavík.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 24. september 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. október 2019, varðandi tillöguna:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði leggja það til að skóla- og frístundasvið skoði þann möguleika að breyta húsnæði Kelduskóla – Korpu í sameiginlegan leik- og grunnskóla með tilliti til kostnaðarmats. Enn fremur verði vilji skólasamfélagsins og foreldrafélagsins kannaður. Þegar hefur verið samþykkt að hefja rekstur svipaðra skóla í Reykjavík. Reykjavíkurborg ætlar að bjóða upp á nýja skólagerð fyrir börn á aldrinum 2 ára til 16 ára þar sem styrkleikar leíkskóla, grunnskóla og frístundar fléttast saman í skóla sem getur dregið fram það besta í hverju barni. Álíka tillaga um rekstur Kelduskóla Korpu kom fyrst fram hjá starfshópi um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðarhverfi í Grafarvogi í apríl 2016.

Samþykkt með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn 3 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins og Sósíalistaflokks Íslands að vísa tillögunni frá. SFS2019090285

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði harma það að ekki verði skoðað að bætta við þá vinnu sem nú þegar er í gangi vegna Kelduskóla – Korpu. Reykjavíkurborg hefur boðað að með byggingu tveggja nýrra skóla þá verði Krikaskólamódelið útfært frekar með það að leiðarljósi að reka leik- og grunnskóla undir sama þaki. Af hverju ekki er hægt að skoða þá útfærslu fyrir Kelduskóla- Korpu þykir fulltrúum Sjálfstæðisflokkssins vera miður.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Sú tillaga sem hér er lögð fram er í meginatriði samhljóða tillögu sem þegar hefur verið lögð fram í skóla- og frístundaráði og er enn til meðferðar í borgarkerfinu. Starfshópur um framtíðarskipan skólamála í norðanverðum Grafarvogi lagði til 2 ólíkar tillögur í skýrslu sinni í júní. Önnur þeirra er að halda áfram skólahaldi í Kelduskóla-Korpu, ráðast í umfangsmikla uppbyggingu húsnæðis í hverfinu en mæta mikilli fækken nemenda til skemmrí tíma með því að bæta við rekstri leikskóla í húsnæði skólans eða annarri skóla- og frístundastarfsemi. Báðar tillögur starfshópsins eru nú í umsagnarferli hjá umhverfis og skipulagssviði og koma síðan til afgreiðslu í skóla og frístundaráði í kjölfarið. Það er því bæði óþarfí og gerir lítið úr vandaðri vinnu starfshópsins þar sem voru fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra að Sjálfstæðismenn sem greiddu atkvæði með stofnun starfshópsins skuli nú grafa undan tillögum hópsins og leggja fram samskonar tillögu í skóla- og frístundaráði. Það er því einboðið að vísa henni frá.

6. Lagt fram minnisblað svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. september 2019, um viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómstundafræðum.

Lagt er til að eftirtaldir aðilar hljóti viðurkenningar fyrir meistaraverkefni árið 2019:

- 1) Eyrún Ólafsdóttir fyrir verkefnið *Byrjendalæsi sem brú milli táknumáls og íslensks ritmáls: Reynsla döff kennara*
- 2) Guðlaug Bjarnadóttir fyrir verkefnið „*Pú getur sýnt fram á hæfni bína á ótrúlega mismunandi vegu*“: *Samþætting námsgreina í unglingsadeild í einum skóla.*
- 3) Halla Leifsdóttir fyrir verkefnið *Í hlekkjum huglásu: Starfendarannsókn á samþættingu nívitundarástundunar og nýsköpunarmenntar.*
- 4) Hildur Lilja Guðmundsdóttir fyrir verkefnið *Í kanínuholunni beið nýr raunveruleiki: Próun vaxtarhugarfars í skólastarfi.*
- 5) Hörður Arnarson fyrir verkefnið „*Purfum við endilega að hætta núna?*“: *Prófun og endurhönnun hlutverkasílfsins „Teningasögur“.*
- 6) Kristín Dóra Ólafsdóttir fyrir verkefnið *Essið: Ræktun jákvæðrar sjálfsmynðar á umrótatímum.*
- 7) Ingunn Heiða Kjartansdóttir fyrir verkefnið „*Skipulag i óskipulaginu*“: *Líðan barna í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði: Hver er reynsla foreldra?*
- 8) Sólveig Björg Pálsdóttir fyrir verkefnið „*Petta er kannski alltaf svona á bak við eyrað*“: *Kynjajafnréttismenntun elstu barna í sex leikskólum.*
- 9) Sunneva Svavarssdóttir fyrir verkefnið *Yngstu börnin og upplýsingataekni.*
- 10) Valdís Ingimarsdóttir fyrir verkefnið „*Eg finn bara hálfan skó!*“: *Hvaða stærðfærði eru börn á leikskólaaldri að fást við?*

Samþykkt. SFS2019050007

Hulda Valdís Valdimarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið gleðiefni að sjá þá grósku og þann margbreytileika hugmynda sem á sér stað í fræðum kennslu og tómstunda og það er ráðinu mikil ánægja að veita þessum verðugu verkefnum viðurkenningu.

7. Lögð fram skýrslan Stuðningur við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavík, samantekt, ódags. SFS2017030073

Hulda Valdís Valdimarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar lýsa yfir ánægju með framkvæmd stuðnings við verkefni ungmennaráðanna í Reykjavík, en þau eru bæði mikilvægur og kraftmikill vettvangur fyrir ungmenni í Reykjavík þar sem þeirra rödd fær að heyrast, og ákaflega aðkallandi að þau hafi þann stuðning og þá aðstöðu sem þau þurfa til að sinna sínum hlutverkum. Sérstaklega er mikilvægt að styrkurinn er afhentur ungmennaráðunum sjálfum til útfærslu og mikilvægt að sú aðferðafræði fái reynslu og tækifæri til að þróast. Bendum einnig á mikilvægi þess að tengja ungmennaráð við nemendaráðin með það að markmiði að efla ungmannastarf í þeirra nærumhverfi.

8. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 26. september 2019, þar sem tilkynnt er að borgarráð heimili sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera samninga við tónlistarskóla og greiða út framlög Jöfnunarsjóðs vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms. SFS2018080114

- Kl. 15.05 víkur Saga María Sæþórsdóttir af fundinum.

9. Lagt fram yfirlit yfir starfshópa skóla- og frístundasviðs á tímabilinu janúar – september 2019. SFS2019100018

10. Lagt fram yfirlit yfir erindisbréf skóla- og frístundasviðs á tímabilinu janúar – september 2019 ásamt erindisbréfum fagteymis um innleiðingu á verkefninu Opinskátt um ofbeldi, starfshóps um innritun í 1. bekk grunnskóla og innritun á frístundaheimili, stýrihóps um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík, starfshóps um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi, starfshóps um handleiðslu fyrir leikskólakennara og starfshóps um frekari innleiðingu á verkefnum skóla- og frístundasviðs á Stefnu um frístundajónustu í Reykjavík til 2025 auk mats á árangri þeirrar innleiðingar sem þegar hefur farið fram. SFS2019100020

11. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. október 2019, um ráðningu í stöðu skólastjóra Fossvogsskóla. SFS2019100021

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Fossvogsskóla Ingibjörgu Ýri Pálmadóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi skólastjóra Aðalbjörgu Ingadóttur fyrir vel unnin störf.

12. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. september 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um húsnæðismál Fossvogsskóla, frá 162. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019060111

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins þakka fyrir svarið þó dregist hafi úr hömlu að svara fyrirspurninni. Ánægjulegt er að framkvæmdum hefur miðað vel við skólann þannig að búið er að taka tvær álmur í fullan rekstur og vonum við að áætlanir um aðrar verklegar framkvæmdir innandyra sem utan standist áætlun þannig að þeim verði lokið upp úr miðjum nóvember.

13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. september 2019, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi viðbrögð við erindum vegna skólahalds í Staðahverfi sem lögð var fram í borgarráði þann 15. ágúst 2019. SFS2019080072

- Kl. 15.15 víkur Ragnheiður Davíðsdóttir af fundinum.
- Kl. 15.25 víkja Magnús Þór Jónsson og Anna Metta Norðahl af fundinum.

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að umferðaröryggi í Úlfarsárdal verði bætt með áherslu á göngu- og hjólateiðir barna til og frá skóla. Þá er lagt til að gangbrautir verði sérmerktar og upplýstar í samræmi við umferðarlög.

Frestað. SFS2019100042

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Í ljósi ítrekaðs þjónustubrests vegna skólaaksturs í Grafarvogi er lagt til að farið verði yfir öll þau tilvik þar sem um þjónustubrest er að ræða. Þá er lagt til að skerpt verði á því að upplýsingar til foreldra berist eins fljótt og auðið er þegar skólabílnum seinkar eða um þjónustubrest er að ræða. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að ræða við fyrirtækið sem sér um aksturinn til að gera athugasemdir, fara fram á úrbætur og tryggja að hægt verði að reiða sig á þjónustuna framvegis. Þá er brýnt að til staðar sé viðbragðsáætlun sem virkjast ef skólaakstur bregst einhverra hluta vegna.

Frestað. SFS2019100041

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hversu mörg laus pláss eru á leikskólum Reykjavíkurborgar í september árið 2019 miðað við fulla mönnun. Hvað voru mörg laus pláss árið 2017? Hversu marga starfsmenn þarf að ráða til þess að leikskólarnir teljist fullmannaðir?

SFS2019100048

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hversu margir leikskólakennrar starfa á leikskólum Reykjavíkur. Óskað er eftir þessum upplýsingum frá árunum 2017, 2018 og 2019. Hver væri heildar launakostnaður Reykjavíkurborgar ef leikskólarnir væru mannaðir líkt og lög kveða á um að 2/3 starfsmanna væru leikskólakennrar. Hver er meðalaldur leikskólakennara hjá leikskólum Reykjavíkurborgar?

SFS2019100049

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvort að Reykjavíkurborg reki leikskóla þar sem tveir eða færri leikskólakennrar starfa. Hversu margir eru þessir leikskólar og hafa einhverjir þeirra eitt stöðugildi leikskólakennara eða jafnvel ekkert stöðugildi leikskólakennara?

SFS2019100051

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hversu mörg börn eru að nýta sér annars vegar 9 klst. vistun og hins végar 9,5 klst. vistun á leikskólum Reykjavíkurborgar. Hversu mörg börn eru skráð í þessa vistun? Hversu mörg börn sem eru skráð nýttu sér þessa vistun í september 2019?

SFS2019100052

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvað mörg börn á aldrinum 12 til 18 mánaða hafa fengið leikskólapláss hjá leikskólum Reykjavíkurborgar í september 2019.

SFS2019100054

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er uppfærðra upplýsinga um fjölda nemenda í tónlistarskólum sundurliðað eftir skólum og hverfum og hversu mörgum nemendum Reykjavíkurborg greiðir með í hverjum skóla fyrir sig.

SFS2019100055

22. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvaða tónlistarskólar starfa innan og í samstarfi við leik- og grunnskóla.

SFS2019100056

23. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um fjölda nemenda í skólahljómsveitum og hvort einhverjir nemendur séu á biðlista eftir að komast að í þeim.

SFS2019100057

24. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er sundurliðaðra upplýsinga eftir frístundaheimilum hversu margir tómstunda- og félagsfræðingar starfa þar.

SFS2019100058

25. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er sundurliðaðra upplýsinga eftir félagsmiðstöðvum hversu margir tómstunda- og félagsfræðingar eru starfandi þar.

SFS2019100059

26. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um þjónustutíma félagsmiðstöðva og hvort hann sé samræmdur milli hverfa borgarinnar.

SFS2019100060

Fundi slitið kl. 15:38

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Marta Guðjónsdóttir
Sigriður Arndís Jóhannsdóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga
Sanna Magdalena Mörtudóttir
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 22. október, var haldinn 173. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.30. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Egill Þór Jónsson (D), Marta Guðjónsdóttir (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Elísabet Helga Pálmadóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffia Pálsdóttir og Soffia Vagnsdóttir. Eygló Traustadóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um fundarsköp. SFS2019100140

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga um lokun Korpuskóla hefur verið sett á dagskrá skóla- og frístundaráðs án þess að bera hana undir minnihlutann í ráðinu. Athyglisvert er að í tilkynningu frá meirihlutanum sem send var til fjölmíðla í gær segir að það sé „óábyrgt af opinberum aðilum að halda úti rekstri menntastofnana sem ekki eru sjálfbærar einingar faglega og fjárhagslega.“ Það er hins vegar skoðun fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins að miklu frekar sé óábyrgt að sveitarfélög geti ekki staðið við þá opinberu þjónustu sem þeim ber skylda til skv. lögum. Þessi vinnubrögð eru meirihlutanum í borginni til skammar og verða ekki látin óatalin. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við að fréttatilkynning í nafni borgarinnar var send út gær 21. október um tillöguna en engin úr minnihlutanum vissi um áform meirihlutans fyrr en fundarboð var sent út. Í fundarboði 173. fundar skóla- og frístundaráðs segir orðrétt: „Vek athygli á því að fundargögn eru trúnaðarmál þar til fundi er lokið.“ Því telja fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins það skjóta skökku við að fjölmíðlum hafi verið send tilkynning, sérstaklega þar sem hún var send í nafni borgarinnar ekki tillöguflytjenda sjálfra og það sérstaklega tekið fram að um trúnaðarmál hafi verið að ræða. Vinnubrögð í kringum lokun Kelduskóla - Korpu í norðanverðum Grafarvogi og sameiningar annarra skóla þar eru meirihlutanum til minnkunar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans telja hvorki brot á lögum, reglugerðum né samþykktum Reykjavíkurborgar að kjörnir fulltrúar ræði það opinberlega hvaða tillögur þeir hyggist leggja fram. Hvað varðar trúnað, kemur fram í 7. grein samþykktar um skóla- og frístundaráð að dagskrá fundar ásamt fundargögnum skuli vera aðgengileg á opnum vef borgarinnar tveimur dögum fyrir fund.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Í útsendri dagskrá var sérstaklega vakin athygli á að trúnaður ríkti yfir fundargögnum og verður það því að teljast forkastanleg vinnubrögð að send er sérstaklega út fréttatilkynning, degi fyrir fund, um viðkvæmt mál á dagskrá ráðsins.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum

Grafarvogi, dags. í júní 2019 og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um tillögur starfshópsins, dags. 16. október 2019:

Lagt er til að skólahald í norðanverðum Grafarvogi verði með þeim hætti frá og með upphafi skólaárs 2020-2021 að tveir grunnskólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk, annar í Borgum og hinn í Engi. Einn unglingskóli verði í Vík fyrir 8. – 10. bekk sem starfi samkvæmt hugmyndafræði nýsköpunarskóla. Skólastjóri verði í hverjum skóla. Skólarnir taki upp sín fyrrí nöfn, þ.e. Borgaskóli, Engjaskóli og Víkur-skóli.

Skólahald verði aflagt í starfsstöðinni Korpu þar til fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6 – 12 ára (1. – 7. bekk) hefur náð 150 nemendum. Ákvörðun um áframhald skólahalds fyrir börn í Staðahverfi verði þá endurskoðað í nánu samstarfi við foreldra og íbúa Staðahverfis. Fram að þeim tíma tilheyri Staðahverfi skólahverfi Engjaskóla á yngra og miðstigi og Víkur-skóla á unglingsstigi. Umhverfisvænn skólaakstur verði fyrir börn í 1. – 4. bekk í Staðahverfi í Engjaskóla frá Korpuskóla. Nemendur á mið- og unglingsstigi í Staðahverfi hafi val um það að fá skólaakstur eða ókeypis strætókort til afnota að eigin vali.

Fristundaheimili verði starfrækt í Borgaskóla og Engjaskóla og þar fari einnig fram félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára nemendum. Félagsmiðstöð unglings verði starfrækt í Víkur-skóla.

Tryggðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi.

- Göngu- og hjólaleiðir verði bættar til að gera skóla-, fristunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
- Undirgöng eða ámóta örugg göngu- og hjólaleið verði sett við Strandveg/Víkurveg á milli Garðsstaða og Breiðavíkur.
- Sett verði upp gönguljós og þrenging götu við Mosaveg.
- Unnið verði að úrbótum á almennингssamgöngum, með áherslu á fjölgun biðstöðva og tíðari ferðir.

Gerðar verði breytingar á hverfamörkum skólanna til að tryggja gott jafnvægi nemendafjölda í skólunum.

Lögð er áhersla á að leitað verði leiða til að húsnæði Korpu nýtist áfram í skóla- og fristundastarf, með það að markmiði að foreldrar hafi val um skóla- og fristundaúrræði fyrir börn sín. Í því sambandi verði m.a. leitað eftir áhuga sjálfstætt starfandi skóla og byggingin kynnt fyrir þeim aðilum sem vilja hefja þar starfsemi.

Lagt er til að innleiðingaráhópar verði skipaðir til að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinganna, einn hópur fyrir hvern skóla/fristundaheimili/félagsmiðstöð og einn yfirhópur sem tryggi að samfella skapist í skipulagi skólahalds, fristundastarfs og samgöngumála. Innleiðingaráhóparnir starfi að minnsta kosti til ársloka 2020. Innleiðingaráhópur hvers skóla/fristundaheimili/félagsmiðstöðva verði skipaður fulltrúum skólastjórnenda, kennara, nemenda og foreldra, fristundaheimila/félagsmiðstöðvar og fulltrúum skóla- og fristundasviðs. Í yfirhópi verði fulltrúar skólastjórnenda, foreldra, kennara, stjórnendateymi Gufunesbæjar og fulltrúar skóla- og fristundasviðs. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og stefnt að því að eðlileg starfsmannavelta leysi sem mest af breytingunum og tryggt sé að öllum starfsmönnum bjóðist áfram starf hjá skóla- og fristundasviði.

Greinargerð fylgir. SFS2019020105

Skóla- og fristundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Lagt er til að tillögu skóla- og fristundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata um skóla- og fristundastarf í norðanverðum Grafarvogi verði frestað.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og fristundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og fristundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins.

Skóla- og fristundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi málsmæðferðartillögu:

Lagt er til að tillaga um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi verði send til umsagnar skólaráða og foreldrafélaga grunnskólanna Vættaskóla og Kelduskóla.

Samþykkt.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Betri aðbúnaður barna bæði námslega og félagslega er meginmarkmið beirra breytinga á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi sem meirihlutinn hefur nú kynnt. Í stað tveggja sameinaðra skóla á fiðrum stöðum verða til brír öflugir grunnskólar með frístunda- og félagsmiðstöðvastarf: Borgaskóli, Engjaskóli og Víkur-skóli sem verður sameinaður ungingaskóli samkvæmt hugmyndafræði nýsköpunarskóla. Sú hugmynd nýtur mikils stuðnings nemenda og starfsfólks enda verða bar áherslur á frumkvæði nemenda, frumkvöðlanám, skapandi starf og gagnrýna hugsun í anda menntastefnu borgarinnar. Skólahald leggst af í Korpu, a.m.k. tímabundið en vilji meirihlutans í ráðinu stendur til bess að bað húsnaði verði áfram nýtt til skóla- og frístundastarfs, bar sem ýmsar hugmyndir hafa verið nefndar: leikskólastarf, útibú frá Brúarskóla, samstarf við sjálfstætt starfandi skóla o.s.frv.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði leggjast alfareið gegn lokun og sameiningum skóla í norðanverðum Grafarvogi. Íbúar hafa verið að óska eftir mun meira samráði en var haft í þessu ferli en á það hefur ekki verið hlustað. Öll börn í Reykjavík eiga rétt á þjónustu í sínu nærumhverfi óháð kostnaði, enda verða skólar aldrei hagnaðardrifnar einingar. Það er því ósættanlegt að horfa upp á niðurskurð í þeirri lögbundnu grunnpjónustu sem Reykjavíkurborg ber að veita. Eins þá gerir skipulag hverfisins ráð fyrir að þar sé rekinn grunnskóli frá 1. upp í 10. bekk. Með þessari ákvörðun er verið að brjóta á íbúum þannig að Reykjavíkurborg gæti hugsanlega verið að skapa sér skaðabótaskyldu gagnvart íbúum í hverfinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans áréttu að skólastarf í Grafarvogi og í Staðahverfi mun sannarlega eftir sem áður uppfylla lagalegar kröfur um grunnskólakennslu, og ef eitthvað er gera það enn betur með þeim úrbótum sem hér eru lagðar til.

3. Lögð fram áfangaskýrsla stýrihóps um framtíð tónlistarnáms í Reykjavík, dags. í október 2019. SFSS2018120032

Vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð þakkar stýrihópnum vinnuna sem hér var kynnt, en í samræmi við Menntastefnu Reykjavíkurborgar 2018-2030 er mikilvægt að auka aðgengi barna í borginni að fjölbreyttu list- og skapandi námi sem hluti af samræmdum skóladegi, með áherslu á aðgengi í öllum hverfum borgarinnar. Endurskoðun á stefnu borgarinnar um tónlistarkennslu er liður í þeirri vegferð.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkks ítreka að jafna þarf betur tækifæri barna í borginni til tónlistarnáms. Mikill munur er á þátttöku barna í tónlistarnámi milli hverfa en þar sem þátttakan er mest og þar sem hún er minnst er munurinn þrefaldur. Liður í því að fleiri nemendum gefist kostur á að stunda tónlistarnám er að efla skólahljómsveitir og að samstarf tónlistarskóla og skóla verði aukið þannig að börn geti stundað námið á skólatíma.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. október 2019, um staðfestingu starfsáætlana frístundamiðstöðva 2019-2020 ásamt starfsáætlunum frístundamiðstöðvanna Ársels, Gufunesbærar, Kringlumýrar, Miðbergs og Tjarnarinnar fyrir starfsárið 2019-2020. SFS2019100118

Samþykkt.

Helgi Eiríksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar í skóla- og frístundaráði þakka kærlega fyrir góða kynningu á starfsáætlun frístundamiðstöðvanna. Mjög mikilvægt að fá sýn inn í allt það frábæra starf sem fer fram bæði í félagsmiðstöðvunum og frístundaheimilum borgarinnar. Það er augljóst að mikil fagstarf er unnið inn í frístundamiðstöðvunum, verið er að nýta niðurstöður háskolasamfélagsins, barnasáttmála og aðrar niðurstöður úr könnunum og unnið út frá þeim.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs af fundi borgarráðs 12. september 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. október 2019, um tillöguna:

Tillaga Flokks fólksins um að skóla- og frístundaráð styrki tengsl sín og samskipti við skólastjórnendur og almennt starfsfólk í ljósi nýútkominnar skýrslu Innri endurskoðunar um úthlutun fjárhagsramma til skóla. Lagt er til af Flokki fólksins að skóla- og frístundaráð fundi með skólastjórnendum í Reykjavík. Markmiðið er að skóla- og frístundaráð komist í betri tengsl við skólastjórnendur og fólkvið á gólfinitu og fái að heyra frá fyrstu hendi óskir þeirra og ábendingar um hvað betur má fara. Skýrsla Innri endurskoðunar gefur sterkar vísbindingar um að skóla- og frístundaráð sé ekki og hafi ekki verið lengi í tengslum við skólana. Of margir milliliðir eru milli skólastjórnenda, kennara, foreldra og barnanna annars vegar og stjórnvalds borgarinnar í skólamálum hins vegar. Brúa þarf þetta bil og verður það aðeins gert ef skóla- og frístundaráð fer í skólana með opnum huga og ræðir beint við stjórnendur, kennara og nemendur. Enda þótt fulltrúar allra skólahópa sitji fundi ráðsins er það ekki það sama og þau tengsl og tengingar sem hér eru lagðar til.

Frestað.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs af fundi borgarráðs 19. september 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. október 2019, um tillöguna:

Flokkur fólksins leggur til að stofnaðar verði skólahljómsveitir í öllum 10 hverfum borgarinnar. Í dag eru aðeins fjórar skólahljómsveitir í Reykjavík, í Austurbæ, í Árbæ og Breiðholti, í Vesturbæ og í Grafarvogi, en hverfi borgarinnar eru 10. Eftir stendur Grafarholt og Úlfarsárdalur, Háaleiti og Bústaðir, Laugardalur, Hlíðar og Miðborg. Á sjöunda hundrað nemenda stunda nám í þessum hljómsveitum. Nemendur í grunnskólum borgarinnar eru tæp 15 þúsund. Vel má því gera því skóna að mun fleiri nemendur hefðu áhuga á að sækja um aðild að skólahljómsveit. Eins og staðan er í dag er ekki boðið upp á tónlistarkennslu í öllum grunnskólum. Nám í einkareknum tónlistarskóla er dýrt og ekki á færi allra foreldra að greiða fyrir tónlistarmenntun barna sinna. Tónlistarskólinn á Klébergi,

Kjalarnei er eini tónlistarskólinn sem er alfarið rekinn af Reykjavíkurborg. Borgin er með þjónustusamninga við 17 einkarekna tónlistarskóla. Þeir njóta styrkja frá Reykjavíkurborg en setja sína eigin gjaldskrá. Á meðan grunnskólar bjóða ekki upp á tónlistarnám og ekki er á allra færi að stunda slíkt nám vegna mikils kostnaðar gæti þátttaka í skólahljómsveit verið góður valmöguleiki. Með því að hafa skólahljómsveit í öllum hverfum er tækifæri til tónlistarnáms flutt í nærumhverfi barnanna. Reykjavíkurborg tryggir með þessu að börnum sé ekki mismunað á grundvelli efnahags foreldra þegar kemur að tækifæri til að stunda tónlistarnám.

Samþykkt að vísa tillögunni til stýrihóps um framtíð tónlistarnáms í Reykjavík. SFS2019090204

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 8. október 2019:

Lagt er til að umferðaröryggi í Úlfarsárdal verði bætt með áherslu á göngu- og hjólaleiðir barna til og frá skóla. Þá er lagt til að gangbrautir verði sérmerktar og upplýstar í samræmi við umferðarlög.

Frestað. SFS2019100042

8. Lagt fram fjárhagsuppgjör skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – júní 2019. SFS2019060141

- Kl. 15.11 víkur Anna Metta Norðahl af fundinum.

9. Lagt fram vfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs yfir 1 m.kr. á tímabilinu apríl – júní 2019. SFS2019060142

10. Lagt fram vfirlit yfir ferðir starfsmanna skóla- og frístundasviðs og kjörinna fulltrúa á tímabilinu apríl – júní 2019. SFS2019060143

11. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. október 2019, um stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði, 14. október 2019. SFS2018080035

12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. október 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins frá 160. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi fjármagn til viðhaldsframkvæmda leik- og grunnskóla 2015-2018. SFS2019050118

13. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. september 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um húsnæðismál Seljaskóla, frá 162. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019060113

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði vona að hægt verði að klára vinnu við Seljaskóla sem fyrst svo að nemendur geti aftur farið að stunda nám í sínu nærumhverfi og starfsfólk fái betri vinnuaðstöðu.

- Kl. 15.45 víkja Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Ragnheiður Davíðsdóttir, Elísabet Helga Pálmadóttir, Soffía Pálsdóttir, Guðrún Kaldal, Kristján Gunnarsson, Jón Ingi Gíslason, Helgi Grímsson, Soffía Vagnsdóttir og Magnús Þór Jónsson af fundinum.

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Á síðasta fundir skóla- og frístundaráðs 8. október sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokkss fram tillögu um úrbætur á skólaakstri í Grafarvogi. Tillögunni var frestað og vekur furðu að hún hafi ekki ratað inn í dagskrá fundarins í dag. Það er til marks um að meirihlutinn telur málið ekki brýnna en svo að tillagan er enn í frestun. Frá því að tillagan var lögð fram hafa borist

upplýsingar um að enn sé skólaaksturinn í ólagi og ferðir fallið niður. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins ítreka að bregðast þarf strax við og koma skólaakstrinum í lag. Jafnframt er óskað eftir því að tillagan verði tekin til afgreiðslu á næsta fundi ráðsins.

Frestað. SFS2019100041

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að sendur verði upplýsingapóstur á alla dagforeldra í Reykjavík þar sem kemur fram hver sé tengiliður þeirra hjá Reykjavíkurborg. Þar verði gefið upp nafn, netfang og símanúmer sem hægt er að ná í viðkomandi tengilið á vinnutíma.

Frestað. SFS2019100141

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja það til að breyting verði gerð á þjónustu við dagforeldra þannig að rekstrarumhverfi þeirra verði ekki jafn ótryggt og nú er. Breytingarnar stuðla að því að jafna stöðu dagforeldra á milli sveitarfélaga. Lagt er til að ef barn hættir hjá dagforeldri eftir 1. apríl og fer í einhvern af leikskólum Reykjavíkur þá fá dagforeldrar niðurgreiðslu frá Reykjavíkurborg fyrir maí og júní mánuð ef ekki vistast annað barn í staðinn hjá dagforeldrinu. Skilyrði fyrir greiðslu er að barnið hafi verið í vistun hjá dagforeldrinu frá 1. janúar sama ár. Þetta ákvæði á eingöngu við um dagforeldra sem eru starfandi hjá Reykjavíkurborg.

Frestað. SFS2019100142

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð leggur til að Úlfarsárdalurinn verði valinn sem einn af þeim fimm stöðum sem taka þátt í tilraunaverkefni um LED gangbrautir sem felur í sér að tæknibúnaður skynjar þegar gangandi vegfarendur nálgast gangbraut og kveikir þá LED götulyssingu þannig að einungis gangbrautin og så sem fer yfir verða lýstir upp. Jafnframt kvíknar lýsing í gangbrautarmerkinu og viðvörunarljós fyrir akandi umferð.

Greinargerð fylgir.

Frestað. SFS2019100042

Fundi slitið kl. 16:08

Skúli Helgason

Alexandra Briem
Egill Þór Jónsson
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga
Marta Guðjónsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 12. nóvember, var haldinn 174. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.34. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Egill Þór Jónsson (D), Marta Guðjónsdóttir (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 17. október 2019, þar sem tilkynnt er að Örn Þórðarson taki sæti sem varamaður í skóla- og frístundaráði í stað Katrínar Atladóttur. SFS2019060216
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. nóvember 2019, umsögn skólaráðs Vættaskóla, dags. 6. nóvember 2019, umsögn skólaráðs Kelduskóla, dags. 5. nóvember 2019, umsögn foreldrafélags Vættaskóla, dags. 7. nóvember 2019, umsögn foreldrafélags Kelduskóla, dags. 6. nóvember 2019, fyrr tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi, álit borgarlögmanns um ráðgerðar breytingar á skóla- og frístundastarfí í norðanverðum Grafarvogi, dags. 8. nóvember 2019, skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, dags. í júní 2019 og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um tillögur starfshópsins, dags. 16. október 2019:

Lagt er til að skólahald í norðanverðum Grafarvogi verði með þeim hætti frá og með upphafi skólaárs 2020-2021 að tveir grunnskólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk, annar í Borgum og hinn í Engi. Einn unglingskóli verði í Vík fyrir 8. – 10. bekk. Skólastjóri verði í hverjum skóla. Skólarnir taki upp sín fyrri nöfn, þ.e. Borgaskóli, Engjaskóli og Víkur-skóli.

Skólahald verði aflagt í starfsstöðinni Korpu þar til fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6 – 12 ára (1. – 7. bekk) hefur náð 150 nemendum. Ákvörðun um áframhald skólahalds fyrir börn í Staðahverfi verði þá endurskoðuð í nánu samstarfi við foreldra og íbúa Staðahverfis. Fram að þeim tíma tilheyri Staðahverfi skólahverfi Engjaskóla á yngra og miðstigi og Víkur-skóla á unglingsastigi. Nemendur á yngra og miðstigi í Víkur-skóla tilheyri skólahverfi Borgaskóla. Foreldrar/forsjáraðilar geti óskað eftir því að börn þeirra gangi í annan skóla sem þau kjósa og verði það hlutverk skólastjóra að koma til móts við slíkar óskir, svo fremi sem húsrúm leyfir. Umhverfisvænn skólaakstur verði fyrir börn í 1. – 4. bekk í Staðahverfi í Engjaskóla frá Korpuskóla. Nemendur á mið- og unglingsastigi í Staðahverfi hafi val um það að fá skólaakstur eða ókeypis strætókort til afnota að eigin vali.

Frístundaheimili verði starfrækt í Borgaskóla og Engjaskóla og þar fari einnig fram félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára nemendur. Félagsmiðstöð unglings verði starfrækt í Víkur-skóla.

Tryggðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi.

- Göngu- og hjólaleiðir verði bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
- Undirgöng eða ámóta örugg göngu- og hjólaleið verði sett við Strandveg/Víkurveg á milli Garðsstaða og Breiðavíkur.
- Sett verði upp gönguljós og þrenging götu við Mosaveg.

- Unnið verði að úrbótum á almenningssamgöngum í samstarfi við Strætó b.s., með áherslu á fjölgun biðstöðva og tíðari ferðir.

Gerðar verði breytingar á hverfamörkum skólanna til að tryggja gott jafnvægi nemendafjölda í skólunum.

Lögð er áhersla á að leitað verði leiða til að húsnæði Korpu nýtist áfram í skóla- og frístundastarf, með það að markmiði að foreldrar hafi val um skóla- og frístundaúrræði fyrir börn sín. Í því sambandi verði m.a. leitað eftir áhuga sjálfstætt starfandi skóla og byggingin kynnt fyrir þeim aðilum sem vilja hefja þar starfsemi.

Lagt er til að innleiðingarhópar verði skipaðir til að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinganna, einn hópur fyrir hvern skóla/frístundaheimili/félagsmiðstöð og einn yfirlípur sem tryggi að samfella skapist í skipulagi skólahalds, frístundastarfs og samgöngumála. Innleiðingarhóparnir starfi að minnsta kosti til ársloka 2022. Innleiðingarhópur hvers skóla/frístundaheimilis/félagsmiðstöðvar verði skipaður fulltrúum skólastjórnenda, kennara, nemenda og foreldra, frístundaheimila/félagsmiðstöðvar, og fulltrúum skóla- og frístundasviðs. Í yfirlípi verði fulltrúar skólastjórnenda, foreldra, kennara, stjórnendateymis Gufunesbæjar og fulltrúar skóla- og frístundasviðs. Lögð verði fram tillaga um skipan einstaklinga í innleiðingarhópana eigi síðar en á fundi skóla- og frístundaráðs 10. desember 2019. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og stefnt að því að eðlileg starfsmannavelta leysi sem mest af breytingunum og tryggt sé að öllum starfsmönnum bjóðist áfram starf hjá skóla- og frístundasviði. Sviðsstjóra er jafnframt falið að vinna að ráðningum stjórnenda skólanna þriggja og frístundaheimila og félagsmiðstöðvar og kynna fyrir skóla- og frístundaráði í janúar 2020.

Greinargerð fylgir. SFS2019020105

Samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisfloksins. Vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan um breytingar á skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi byggir á faglegum, félagslegum og fjárhagslegum rökum sem fram komu í skýrslu starfshóps fagfólks sem hafði skýrt markmið - að bæta menntun og félagslegan aðbúnað nemenda. Á fundinum í dag var lagt fram álit borgarlögmanns sem undirstrikar að gagnrýni sem hefur verið áberandi í opinberri umræðu er reist á mjög veikum grunni, s.s. um að áformin kalli á breytingar á deiliskipulagi eða séu líkleg til að skapa borginni skaðabótaskyldu. Borgarlögmaður telur hvorugt vera fyrir hendi. Þá kemur vel fram í minnisblaði sviðsins að mikil fækkan nemenda á undanförnum árum í Korpu stafar ekki af ákvörðunum borgaryfirvalda heldur vali foreldra og forráðamanna. Meirihlutinn þakkar skólaráðum Kelduskóla og Vættaskóla fyrir margar góðar ábendingar í umsögnum þeirra sem munu fá faglega og góða umfjöllun í þeirri vinnu innleiðingarhópanna sem framundan er. Mikil áhersla verður lögð á að tryggja fjármagn til þeirra brýnu samgöngubóta sem eru mikilvæg forsenda breytinganna því þær miða að því að tryggja öryggi þeirra nemenda sem velja að fara fótgangandi eða hjólandi í skólann. Skólaakstur verður tryggður fyrir þau börn úr Staðarhverfi sem velja þann kost.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisfloks leggjast alfarið á móti fyrirhuguðum tillögum um breytingar á skólastarfi í norðanverðum Grafarvogi. Ekkert raunverulegt samráð hefur átt sér stað við foreldra, nemendur og starfsfólk skólanna en það vitna umsagnir, greinaskrif og tölvupóstar frá skólasamfélaginu um. Þá hafa nemendur bent á að lýðræðisleg aðkoma þeirra sé ekki virt og einn nemandi sá ástæðu til að stíga fram í fjölmöldum til að tjá skoðun sína og biðla til skólayfirvalda í borginni um að loka ekki skólanum. Ekkert er hlustað á vilja allra þessara aðila og keyra á þessa ákvörðun í gegn þvert á vilja íbúa. Að auki hafa

fulltrúar minnihlutans í borgarstjórn komið með ýmsar tillögur til að tryggja áframhaldandi skólastarf s.s. samrekstur leik- og grunnskóla, fjölgun árganga í skólanum og að byggð verði þétt í Staðahverfi. Ekkert hefur heldur verið hlustað á þessar hugmyndir. Það ætti að vera sjálfsagður hlutur að til staðar sé skóli í hverju hverfi enda um lögboðna þjónustu að ræða. Það skýtur svoltíð skökku við að á sama tíma og verið er að leggja niður skóla í einu hverfi er verið að fara í hönnunarsamkeppni með skóla í hverfi sem enn er ekki til s.s. nýtt hverfi í Skerjafirði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikið hefur verið lagt upp úr því að leita álits og tillagna frá íbúum, nemendum, starfsfólki og stjórnendum og var það hluti af starfi starfshóps sem skipaður var til að fara yfir málid og koma með tillögur. Æins og fram hefur komið hefðu tillögur á borð við fjölgun árganga eða samrekstur við leikskóla, ekki leyst þau undirliggjandi vandamál sem tengjast stærð bekkjardeilda og viðkvæmrar félagslegrar stöðu. Eins er ljóst að þegar byggja á ný hverfi þarf að hanna þær byggingar sem í þeim eiga að rísa áður en ráðist er í þær framkvæmdir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisfloksins í skóla- og frístundaráði minna á álit frá umboðsmanni Alþingis sem segir „Af framangreindu svari umhverfis- og auðlindaráðuneytisins tel ég mega ráða að það sé afstaða þess að það hafi kallað á breytingu á deiliskipulagi að fella niður skólahald í grunnskóla Staðahverfis í 8. – 10. bekk og flytja það í grunnskóla Víkurhverfis.“ Enn fremur kemur fram í minnisblaði borgarlögmanns R08100274: „Deiliskipulag er þannig ígildi lagasetningar“. Þannig er ljóst að fara þarf í breytingar á deiliskipulagi í fjórum hverfum í norðanverðum Grafarvogi áður en farið er í þessar breytingar. Að öðrum kosti væri verið að brjóta á íbúum vegna þess að í skipulagsmarkmiðum deiliskipulags Staðahverfis segir að búa eigi íbúum meðal annars aðlaðandi umhverfi, umferðaröryggi og „aðgang að grunnskóla“.

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í grunnskólum í skóla- og frístundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjórnenda í skóla- og frístundaráði áréttu að þeir telja að undirbúningsvinna að ákvarðanatöku um framtíðarskipan skólamála í norðanverðum Grafarvogi hafi verið fagleg með nauðsynlegri þáttöku kennara og stjórnenda. Ákvarðanatakan um þær tillögur sem lagðar voru samhljóða fram er svo ráðsins. Öll áform velta á innleiðingu og fjármögnun hennar. Þar mun ráðast hvernig tekst til í þessu verkefni eða ekki. Til að tryggja það verða fyrirhuguð innleiðingarteymi að vera skipuð fagfólki skólanna enda teljum við það lykilinn að góðum árangri. Þróunarvinna nýrra skóla er unnin í skapandi teymisvinnu væntanlegra kennara og stjórnenda en ekki með miðstýringu. Það er jafnframt undirtónn nýrrar menntastefnu sem innleidd verður í þessum skólum samhlíða þróun þeirra. Tryggja þarf fjármögnun þeirra skóla sem stofnaðir verða og að stoðkennsla, stuðningur og valver, kennsla nemenda barna með erlendan uppruna sé í samræmi við þarfagreiningu sem byggir á mati umsjónarkennara námshópa og skólastjórnenda. Tryggja þarf að skólanir séu mannaðir fagfólki og að vandað sé við val á stjórnendum með þekkingu og færni í mannaðsmálum nýrra skóla. Fjármögnun vegna tækjakosts, húsbúnaðar og húsnæðisbreytinga verður að vera tryggð. Þá þarf að tryggja að öll sú nauðsynlega undirbúningsvinna væntanlegra kennara og stjórnenda á þessu skólaári sé fjármögnuð. Látum hina afgerandi niðurstöðu skýrslu Innri endurskoðunar um vanfjármögnun grunnstoða skólanna verða leiðarljós hér við upphaf þriggja skóla. Þá aðeins má vænta farsællrar niðurstöðu við sköpun nýrra framúrskarandi skóla í Grafarvogi.

3. Lögð fram skyrslan Viðmið um skólasókn í grunnskólum Reykjavíkurborgar, dags. í október 2019.
SFS2018110090

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar í skóla- og frístundaráði þakka stýrihópnum fyrir vel unnin störf og góða skýrslu um viðmið í skólasókn í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Það er mikilvægt að grunnskólanir taki upp samræmd viðmið í skólasókn grunnskólabarna í borginni. Það skiptir miklu máli að allir skólar borgarinnar skrái fjarvistir nemenda með sama hætti og skilgreini hver ástæða fjarvistar er. Með þessu er hægt að greina vandann fyrr ef vandi er fyrir hendi og grípa þá fyrr inn í til að aðstoða nemandann. Verklagsreglurnar eru mjög skýrar og hlutverk hvers og eins er skýrt. Til að hægt sé að framfylgja þessum verklagsreglum er mikilvægt að velferðarsvið borgarinnar búi sér til samræmdar verklagsreglur þegar málín eru komin á það stig og fylgi þeim eftir með sama hætti og vinnulagið sé samræmt yfir alla borgina. Skýrslan svarar þessum óskum skólanna og lagt er til að hún fari í umsagnarferli hjá skólaráðum áður en verkferlin verða innleidd. Það er mikilvægt að veita foreldrum góðar upplýsingar um skólaforðun og þau nýju viðmið í skólasókn barnsins.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 8. október 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. nóvember 2019 um akstur nemenda í Kelduskóla og tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins, dags. 22. október 2019:

Í ljósi ítrekaðs þjónustubrests vegna skólaaksturs í Grafarvogi er lagt til að farið verði yfir öll þau tilvik þar sem um þjónustubrest er að ræða. Þá er lagt til að skerpt verði á því að upplýsingar til foreldra berist eins fljótt og auðið er þegar skólabílnum seinkar eða um þjónustubrest er að ræða. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að ræða við fyrirtækið sem sér um aksturinn til að gera athugasemdir, fara fram á úrbætur og tryggja að hægt verði að reiða sig á þjónustuna framvegis. Þá er brynt að til staðar sé viðbragðsáætlun sem virkjast ef skólaakstur bregst einhverra hluta vegna.

Samþykkt. SFS2019100041

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að skólaaksturþjónustan sé örugg og áreiðanleg. Því miður hefur misbrestur á skólaakstrinum komið niður á nemendum í Grafarvogi í haust. Nú þegar búið er fara yfir allar ábendingar og úrbótum lofað er mikilvægt að því sé fylgt vel eftir að skólaaksturþjónustan verði trygg framvegis. Þá er jafnframt mikilvægt ef eitthvað fer úrrskeiðis fari í gang varaáætlun og foreldrum tilkynnt um það.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða góða og í raun sjálfsagða tillögu. Nú þegar er þetta mál í vinnslu á skóla- og frístundasviði, en vel við hafi að áréttu með skýrum hætti vilja skóla- og frístundaráðs til úrbóta á þessu máli.

- Kl. 14.40 víkur Skúli Helgason af fundinum og Sara Björg Sigurðardóttir tekur þar sæti. Alexandra Briem, varaformaður skóla- og frístundaráðs, tekur við fundarstjórn.
- 5. Lögð fram skýrslan Sumaropnun leikskóla 2019, samantekt á tilraunaverkefni, dags. í nóvember 2019. SFS2018090095

Auður Ævarsdóttir, Elísabet Helga Pálmadóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að margir foreldrar geta ekki valið hvenær þeir taka sumarfrí. Sumaropnun leikskóla er mikilvæg fyrir þennan hóp þannig að fjölskyldur geti verið saman í frii. Mikilvægt er að mæta þörfum þessa hóps betur. Draga má þann lærðom af tilraunaverkefninu að ekki hafi allir foreldrar verið meðvitaðir um að þessi þjónusta um sumaropnun stæði til boða þar sem hún var ekki nægjanlega vel kynnt og auglýst. Ljóst er að gera þarf ítarlegri greiningu og könnun á því hversu margir þurfa á sumaropnun leikskólanna að halda. Þá er jafnframt mikilvægt að vera í betra samráði og samstarfi við þá leikskóla sem sinna sumaropnuninni. Verði haldið áfram með verkefnið er mikilvægt að tryggt verði að sátt ríki milli leikskóla og skólayfirvalda um verkefnið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar í skóla- og frístundaráði þakka góða kynningu og skýrslu á mati á sumaropnun leikskóla 2019. Það er gott að sjá heilt yfir ánægja með verkefnið. Í skýrslunni koma fram góðar ábendingar sem við teljum mikilvægt að fylgja eftir fyrir næsta sumar. Upplýsingagjöfin þarf að vera efld til muna, bæði til foreldra sem og starfsfólks allra leikskóla borgarinnar. Mikilvægt er að umsóknarferlið verði með aðgengilegum rafrænum hætti. Svo mætti skoða að samræma sumaropnun á frístund samhliða leikskólum. Að bjóða upp á sumaropnun leikskóla býður barnafjölskyldum í borginni upp á meira frelsi og sveigjanleika og kemur í veg fyrir streituvaldandi ákvarðanartökur þegar um er að ræða skipulag sumarleyfa. Þessi þjónustuaukning er meirihlutum mjög mikilvæg.

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra þakkar fyrir kynningu á mati á sumaropnun leikskóla. 128 börn nýttu sér sumaropnun, 100 voru fyrir í viðkomandi sumaropnunarleikskólum, 28 börn fóru á milli skóla, sem gerir 0,5%. 28% foreldra þurstu að sækja um sumaropnun, á móti 68% sem sóttu um af því að það hentaði þeim betur. Hvetja hefði mátt alla foreldra, líka þá sem áttu börn í sumaropnunarleikskólanum til þess að fara í sumarleyfi á þeim tíma sem lokunartími leikskólans hefði verið að öllu óbreyttu. Það tryggir jafnræði meðal allra barna og foreldra í Reykjavík. Í matið vantar rödd leikskólastjóra sem lokuðu og töku þátt í að senda börn og starfsfólk í sumaropnunarleikskóla. 20% barna leið frekar illa eða mjög illa með að fara í annan leikskóla og 5% hvorki né. Val og frelsi er í eðli sínu gott en í þessu tilfelli kostar frelsið bæði aukin fjárhagsútgjöld og getur tekið sinn toll af þroska og velferð barna. Aukin þjónusta kallar á meiri þjónustu eins og opnun frístundaheimila. Það kemur skýrt fram að álag á stjórnendur eykst og er varla á það bætandi í því ástandi sem leikskólinn býr við í dag með tilliti til kennaraskorts og óska um aukið fjármagn í fjárhagsramma fyrir óbreyttan rekstur. Nýtum fjármagnið betur og minnkum álag.

- Kl. 15.13 víkur Ragnheiður Davíðsdóttir af fundinum.
- 6. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 5. október 2019, þar sem tilkynnt er um breytingu á samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð. SFS2019060217
- 7. Lagt fram fundadagatal skóla- og frístundaráðs fyrir árið 2020. SFS2019110026
- 8. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. október 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins frá 171. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi stöðu innleiðingar verkefnisins Aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi auk greinargerðar og tillagna starfshóps um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi skóla- og frístundasviðs, dags. í ágúst 2016. SFS2019090292

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir greinargott svar við fyrirspurn um stöðu innleiðingar á verkefninu Aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfí. Mikilvægt er að unnið sé með skýrslu starfshópsins, til þess að hægt sé að framfylgja því starfi þarf að tryggja fjármagn, stuðning og hvatningu.

9. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. október 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um umferðartalningar við grunnskóla, frá 171. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019090290

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að umferðartalningar við skólana séu nýttar vel til að bæta umferðaröryggi skólabarna. Í því sambandi er aðkallandi að á göngu- og hjólateiðum barna til og frá skóla séu vel merktar og upplýstar gangbrautir og gerðar verði aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja umferðaröryggi barna sem best.

10. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. nóvember 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um fjölda 12-18 mánaða barna sem hafa fengið leikskólapláss hjá leikskólum Reykjavíkurborgar í september 2019, frá 172. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019100054

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er sérstakt metnaðarmál meirihlutans að auka þjónustu við ungbarnafjölskyldur í borginni með því að fjölgja leikskólarýmum og bjóða yngri börnum að njóta þeirra fjölmörgu kosta sem fylgja leikskólavist. Í september voru 261 barn 15-18 mánaða komin í vistun eða komið með boð eða alls 75% af börnum á þessum aldrum sem voru komin með umsókn á leikskóla borgarinnar. Markvisst er unnið að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og þessar tölur sýna að verkefnið er á góðri leið.

- Kl. 15.40 víkja Guðrún Kaldal, Anna Metta Norðahl og Guðmundur G. Guðbjörnsson af fundinum.

11. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að farið verði í úrbætur til að bæta loftgæði í Laugarnesskóla. Mælingar hafa sýnt að styrkur koltvísýrings sé þar of hár og yfir viðmiðunarmörkum í kennslustofum í eldri byggingu skólans enda ekkert loftræstikerfi þar til staðar. Hár styrkur koltvísýrings í lofti getur valdið óþægindum og slappleika. Ekki er boðlegt að bjóða nemendum og starfsfólki upp á heilsuspíllandi húsnæði og því mikilvægt að farið verði í úrbætur strax. Nú þegar hefur slæmt ástand skólans haft áhrif á starfsmannamálin.

SFS2019110078

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að farið verði í loftgæðamælingar í öllum skólum borgarinnar í ljósi þeirra tilfella sem komið hafa upp að undanförnu í Hagaskóla og Laugarnesskóla. Þar mældist styrkur koltvísýrings of hár með þeim afleiðingum að nemendur fundu fyrir óþægindum s.s. slappleika og höfuðverk.

SFS2019110079

13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um fjölda barna á biðlistum eftir sérfræðiþjónustu sundurgreint eftir hverfum og þjónustumiðstöðvum.

SFS2019110080

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um aðsókn reykvískra barna í Arnarskóla. Reykjavíkurborg hefur gert samning við Arnarskóla um að greitt sé fyrir fjölgun börn. Hafa fleiri börn en þau sem samþykki er fyrir verið að sækjast eftir þjónustu Arnarskóla?

SFS2019110081

- Kl. 16.00 víkja Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffia Vagnsdóttir og Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir af fundinum.
- Kl. 16.07 víkur Diljá Ámundadóttir Zoëga af fundinum.

15. Fram fer umræða um fundarsköp. SFS2019100140

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að leitað verði eftir álti borgarlögmanns vegna trúnaðarbrots af hálfu Reykjavíkurborgar. Send var út fréttatilkynning klukkan 15:08 á meðan að fundur stóð yfir í skóla- og frístundaráði undir yfirskriftinni Skólahald breytist í norðanverðum Grafarvogi næsta haust. Fréttatilkynningin er einnig efnislega röng en fram kemur að skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hafi samþykkt tillöguna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins kusu gegn tillöggunni. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks harma þetta verklag.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata samþykkja það að útsending fréttatilkynningar um afgreiðslu ráðsins áður en fundi lauk sé ákaflega óheppileg og hefði ekki átt að eiga sér stað. Um var að ræða yfirsjón af hálfu fulltrúanna og biðjumst við í einlægni afsökunar á því og munum gæta þessa í framtíðinni. Ekki stóð til að það liti út eins og um væri að ræða einróma ákvörðun, en þó efnislega rétt að ákvörðun tekin með einföldum meirihluta er lögleg ákvörðun skóla og frístundaráðs. Sanngjarnt er þó að áréttu það í ljósi aðstæðna.

kl. 16:22 víkur Guðrún Gunnarsdóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 16:25

Alexandra Briem

Egill Þór Jónsson
Sara Björg Sigurðardóttir
Valgerður Sigurðardóttir

Marta Guðjónsdóttir
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 26. nóvember, var haldinn 175. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.32. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Egill Þór Jónsson (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Þórunn Steindórsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson og Soffia Pálsdóttir. Guðrún Sigtryggasdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan Snjalltækjanotkun og skjátími, skýrsla starfshóps um snjalltækjanotkun og skjátíma í skóla- og frístundastarfí, dags. í október 2019. SFS2018100137

Tillögur starfshóps um snjalltækjanotkun og skjátíma í skóla- og frístundastarfí eru samþykktar.

Sveinn Bjarki Tómasson og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.50 tekur Soffia Vagnsdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 13.00 taka Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir og Ragnheiður E. Stefánsdóttir sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata þakka starfshópnum fyrir vel unnin störf og góða skýrslu um snjalltækjanotkun og skjátíma í skóla- og frístundastarfí Reykjavíkurborgar. Það er mikilvægt að hver starfsstöð móti sín eigin viðmið þegar kemur að skjánotkun og skjátíma barna og unglings. Því fögnum við þeim áherslum sem starfshópurinn leggur til að hver starfsstöð skóla- og frístundasviðs setji sér viðmið og/eða reglur um notkun snjalltækja í einkaeigu í skóla- og frístundastarfí og leggjum áherslu á mikilvægi þess að þær verði unnar í nánu samstarfi við nemendur, kennara, frístundaráðgjafa, foreldra og aðra sem koma að starfinu. Notkun nútímatækni í skólum er nauðsynlegur þáttur í þróun skólastarfs en mikilvægt er að notkun snjalltækja á skólatíma sé á forsendum námsins og að kennarar, nemendur og skólastjórnendur upplifi að sú notkun fari fram á þeim forsendum. Viljum við leggja áherslu á að þó skrifstofa sviðsins geri leiðbeinandi verklag fyrir starfsstaðina um þessi viðmið, þá sé starfsstöðvum treyst til að útfæra sínar reglur í samstarfi við starfsfólk, foreldra og nemendur.

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar kennara og skólastjórnenda í skóla- og frístundaráði fagna skýrslu starfshóps um snjalltækjanotkun og skjátíma í skóla- og frístundastarfí Reykjavíkurborgar. Við teljum þó að farsælla hefði verið að í starfshópnum hefðu setið fulltrúar kennara í Reykjavík enda þeir lykiláðilar þegar kemur að þessum þætti skólastarfs sem og öðrum. Notkun snjalltækja í skólum er mikilvægt verkefni nútíma skólastarfs sem verður að vera leitt af kennurum og stjórnendum skólanna. Helstu niðurstöður hópsins eru jákvæðar og lúta að þeirri staðreynd að sjálfsþæði skóla er lykilatriði. Leiðbeinandi verklag verður því að vera án miðstýringar en virka frekar sem verkfærakassi sem hver skóli gæti nýtt sér kjósi hann svo. Aðstæður, tækjabúnaður og fjármagn til sérstakra stöðugilda til að sinna tölvu og snjalltækjakennslu er mismunandi og er að sjálfsögðu breyta í starfi sem byggir á jöfnun tækifærum nemenda til að nýta sér snjalltækni í námi. Við því þarf að bregðast nú þegar og í framhaldi verður hver skóli að aðlaga sig að þeim raunveruleika sem hann býr við. Lykilatriði í farsælli

þróun er því að fullfjármagna þessa þætti í öllum skólum um leið og við viljum áréttu að umgengisreglur með snjalltækjum nemenda verða ætíð hluti að skólareglum hvers skóla.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. nóvember 2019, ásamt drögum að breyttum reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Látum draumana rætast og núgildandi reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs vegna styrkja í A-hluta og B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Látum draumana rætast:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur eftirfarandi til vegna úthlutunar styrkja í þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast vegna skólaársins 2020-2021:

1. Umsóknarfrestur til að sækja um í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs verði til og með 15. mars 2020.
2. Styrkir til verkefna sem sótt er um í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs og úthlutunarnefnd gerir tillögu um að fái styrk verði að lágmarki 4.000.000 kr. og að hámarki 8.000.000 kr.
3. Umsóknarfrestur til að sækja um í B- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs verði til og með 1. mars 2020.
4. Styrkir í þróunar- og nýsköpunarsjóð verði auglýstir til umsóknar eigi síðar en í byrjun janúar 2020.

Enn fremur eru lagðar til meðfylgjandi breytingar á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast.

Greinargerð fylgir. SFS2019020035

Samþykkt. Vísað til borgarráðs.

Friða Bjarney Jónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. nóvember 2019:

Lagt er til að haldið verði menntastefnumót þann 10. maí 2021, heilsdagsráðstefna í Höru, með það að markmiði að auka sýnileika þess fjölbreytta þróunar- og nýsköpunarstarf sem unnið er á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Menntastefnumótið verði liður í að leggja mat á hvernig til hefur tekist við innleiðingu stefnunnar 2018-2021. Fjármagn vegna árlegra ráðstefna í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi verði nýtt til að halda menntastefnumótið.

Greinargerð fylgir. SFS2019110025

Samþykkt.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. október 2019, ásamt skóladagatali grunnskóla fyrir skólaárið 2020-2021 og minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. mars 2019, um skóladagatal grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2020-2021:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerð verði breyting á skóladagatali grunnskóla borgarinnar vegna skólaársins 2020 – 2021. Gerð verði sú breyting að einn starfsdagur grunnskóla verði tileinkaður sameiginlegum starfsdegi skóla- og frístundastarfs borgarinnar þann 10. maí 2021 vegna þátttöku í menntastefnumóti.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2019030055

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum vill fára til bókar að sameiginlegur starfsdagur vegna menntastefnumóts hitti á afar slæma viku þar sem frídagur er fimmtudaginn í þeirri viku. Heppilegra hefði þótt að hafa þetta á föstudeginum 14. maí.

5. Lagðar fram svohljóðandi tillögur skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 14. maí 2019, ásamt umsögnum umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. október 2019, um tillögurnar:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir því að öryggisúttekt verði gerð í öllum leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði óska eftir því að athugað verði hvort að myglar finnast í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi breytingatillögu:

Skóla- og frístundaráð fagnar því að ráðist verði í allsherjar úttekt á ástandi húsnæðis í öllum leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar m.a. með tilliti til loftgæða, öryggis og almenns ástands viðkomandi fasteigna.

Samþykkt. SFS2019050116/ SFS2019050117

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði fagna því að tillagan fái framgang. Athygli vekur hins vegar hversu langur tími leið frá framlagningu til afgreiðslu þess. Úttekt leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar er löngu tímabær. Það er gríðarlega mikilvægt að taka út almennt ástand, loftgæði og öryggismál allra þessara fasteigna enda eins og komið hefur í ljós er ástandið því miður víða í ólestri.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Í aðgerðaáætlun nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar segir að bæta eigi aðstöðu til skóla- og frístundastarfs þannig að húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólk að vinna að framgangi menntastefnunnar með áherslu á að öll aðstaða til skóla- og frístundastarfs ýti undir vellíðan og heilbrigði barna og starfsmanna. Til að styðja við þessa aðgerð er nauðsynlegt að vinna heildarúttekt á ástandi húsnæðis leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í borginni m.a. með tilliti til loftgæða og öryggismála og því mikið fagnaðarefnir að slík heildarúttekt standi nú til á fyrrí hluta næsta árs. Niðurstöður hennar verða nýttar til að vinna viðhalds- og endurbótaáætlun ársins 2021.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram í borgarráði 22. ágúst 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. september 2019:

Lagt er til að borgarráð samþykki að tekjur foreldra/forsjármanna hafi bein áhrif á gjaldskrá frístundaheimila. Foreldrar með 350 b.kr. tekjur á mánuði og borga þar af leigu geta varla haft mikið aukreitis. Flokkur fólksins hefur lagt til að beir foreldrar sem eru undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytis fái gjaldfriáls frístundaheimili en beirri tillögu hefur verið hafnað. Á árinu 2017 fengu 466 foreldrar 777 barna fjárhagsaðstoð til

framfærslu. Margir bessara foreldra geta ekki greitt frístundagjaldið og lenda í vanskilum. Þá hefst afar tyrfin vegferð beirra til að revna að fá skuld sína afskrifaða. Flókið ferli er aldrei ódýrt. Ferli sem er á mörgum stigum og kemur inn á borð margra starfsmanna kostar peninga. Ferlið er auk bess óbarflega snúið því skóla- og frístundasvið hefur ekki heildarmyndina hjá sér, starfsmenn hafa engar upplýsingar um tekiur foreldra. Árið 2017 fengu 466 foreldrar 777 barna í Reykjavík fiárhagsaðstoð til framfærslu. Það sem verra er að enn fleiri býrftu aðstoð en fá ekki. Hægt er að sækia um briggia mánaða skuldaskjól. Matsreglur og umsóknarferlið er flókið og kemur inn á borð margra.

Greinargerð fylgir.

Tillagan er felld. SFS2019080117

7. Lögð fram umsögn skóla- og frístundaráðs um frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008. SFS2019100014

Samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er réttlætis- og jafnréttismál að öllum börnum í skólum borgarinnar séu tryggð jöfn opinber framlög til sinnar skólagöngu, óháð rekstrarformi skóla eða eignarhaldi. Opinber framlög til menntunar ættu að vera eign barnanna og fylgja þeim í gegnum skólagöngu sína. Með jöfnum framlögum, óháðum rekstrarformi skóla, má komast hjá því að börn og foreldrar þeirra þurfí að greiða skólagjöld í sjálfstætt starfandi skólum. Óumdeilt er að slíkir skólar auka fjölbreytni í skólahaldi og eru mikilvæg viðbót í valkostum barna og foreldra varðandi menntun. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skólaráði fagna því að með frumvarpinu skuli vera lagt til að skref í þá átt verði tekin. Engu að síður er mikilvægt að vanda til slíkra breytinga, að þær séu byggðar á réttum upplýsingum og raunverulegum samanburði. Auk þess er mikilvægt að rýna vel fjárhagsleg áhrif tillögunnar á rekstur skóla- og frístundasviðs sem og borgarsjóð. Eðlilegra væri þó að tillaga í átt að auknum jöfnuði skólabarna í Reykjavík kæmi frá borgaryfirvöldum sjálfum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans áréttu að það er eindregin afstaða borgarstjórnarmeirihlutans að auknar fjárveitingar eða tilfærsla tekjustofna þurfí að fylgja með þeim breytingum á lögum eða reglugerðum sem skapi sveitarfélögum aukinn kostnað. Þó rétt væri að slík kostnaðarþátttaka væri sjálfsögð þegar verkefni sem sveitarfélögum hafa verið falin stækka að umfangi, hvort sem það er ákvæðið af sveitarfélögum sjálfum eða með lagasetningu, verður það að vera krafa að þegar slík aukning er að frumkvæði og kröfu löggjafans þá sé gert ráð fyrir að auka tekjur sveitarfélaga til jafns við þann kostnaðarauka sem af verður.

8. Fram fer skipan fulltrúa í valnefnd vegna hvatningaryerðlauna skóla- og frístundaráðs. Samþykkt að skipa í valnefndina. Alexöndru Briem, Diljá Ámundadóttur Zoëga, Sigríði Arndísí Jóhannsdóttur og Kolbrún Baldursdóttur.

9. Fram fer kynning á Skrekk 2019, hæfileikahátíð skóla- og frístundasviðs. SFS2019090174

Harpa Rut Hilmarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. nóvember 2019, um íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík 2019. SFS2019100001

- Kl. 15.05 víkur Magnús Þór Jónsson af fundinum.

11. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. nóvember 2019, um stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði, 18.-19. nóvember 2019. SFS2018080035

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Góður gangur hefur verið í ráðningum í laus störf í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfí síðustu vikurnar og er nú svo komið að búið er að manna 98-99% starfa á þessum starfsstöðvum sviðsins. Nú á einungis eftir að manna um 25 störf í leikskólum, rúm 14 í grunnskólum og 8 í frístundaheimilum. Það hefur því tekist að ráða í nærrí helming þeirra rúmlega 80 stöðugilda sem voru ómönnuð fyrir rúmum mánuði. Ánægjulegt er að staðan er í öllum tilvikum betri í mönnunarmálum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfssins en á sama tíma í fyrra. Ástæða er til að þakka stjórnendum viðkomandi starfsstöðva og mannaðsskrifstofu sviðsins fyrir góða vinnu þeirra síðustu vikur.

12. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. nóvember 2019, um fjölda kennara með leyfisbréf og fjöldi leiðbeinenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. SFS2019110123

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisfloks í skóla- og frístundaráði vonast til þess að betur gangi á næsta skólaári að ráða grunnskólakennara. Þó svo betur hafi gengið að ráða í lausar stöður þá hafa fleiri verið ráðnir til starfa í grunnskólum borgarinnar sem ekki hafa leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari. Haustið 2019 veitti Menntamálastofnun skólastjórum í grunnskólum Reykjavíkurborgar heimild til að ráða 127 einstaklinga sem ekki hafa leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Haustið 2018 voru 103 undanþágur veittar. Hlutfall kennara með leyfisbréf í grunnskólum borgarinnar er 91,7% nú miðað við 92,8% haustið 2018. Ef deildarstjórar eru taldir með er hlutfallið 92%. Hlutfall kennara sem eru með leyfisbréf er lægst 70,5% og hæst 100%, en í fíorum skólum voru allir kennarar með leyfisbréf.

13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. nóvember 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisfloksins um fjölda leikskólakennara og leikskóladeilda án leikskólakennara, frá 167. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019080137

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er eitt mikilvægasta verkefni leikskólastigsins á Íslandi að fjölga fagfólk en nýliðun leikskólakennara er langt frá því að fullnægja eftirspurn sem skýrist af því að mikil fækkun hefur orðið á nemendum í leikskólakennaranám eftir að námið var lengt í 5 ár með lagabreytingu árið 2008. Reykjavíkurborg hefur brugðist við stöðunni með því að hækka dagvinnulaun leikskólakennara til jafns við grunnskólakennara og grípa til fjölmargra aðgerða til að bæta starfsumhverfi leikskólakennara, og nú er unnið að tillögum sem miða að því að breyta skipulagi leikskólastarfssins í þeim tilgangi að nýta betur það fagfólk sem starfar á leikskólum borgarinnar. Áfram verður unnið með ríkinu og háskólum að því að fjölga nemendum í kennaranámi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisfloks í skóla- og frístundaráði harma það hversu fáir leikskólakennrar starfa við leikskóla Reykjavíkurborgar. Í nóvember 2019 voru starfandi í borgarreignum leikskólum Reykjavíkurborgar 351 leikskólakennari í 301 stöðugildi, heildarfjöldi stöðugilda er um 1430. Hlutfall leikskólakennara í starfi með börnum inni á deild var að meðaltali 20,9%. Leikskóladeildir í nóvember 2019 voru 284. Þar af eru 184 deildir með starfandi leikskólakennurum en 100 deildir án leikskólakennara. Samkvæmt lögum þá ber 2/3 starfsmönnum á leikskólum að vera með menntun leikskólakennara.

Áheyrnarfulltrúar leikskólastjóra og starfsfólks í leikskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Í Reykjavík starfa 351 leikskólakennari í 301 stöðugildi. Hlutfall starfandi leikskólakennara með börnum er um 20,9%, 100 deildir af 284 eða um 35% deilda eru án leikskólakennara. 184 deildir eða 65% deilda eru með deildarstjóra eða leikskólakennara, en ekki er tryggt að leikskólakennari sé allan opnunartíma deildarinnar sem getur verið 9,5 st. á dag eða 47,5 st. á viku. Samkvæmt lögum ættu störf í leikskóla að vera skipuð leikskólakennurum að 2/3 hluta starfsmanna og hér vantar því mikið upp á að markmið laga náist. Inni í þessari hlutfallstölu 20,9% eru aðstoðarleikskólastjórar sem tilheyra Félagi stjórnenda leikskóla og störf þeirra skiptist bæði í stjórnunarskyldu og starf með börnum. Mikilvægt er að aðgreina þarna á milli svo tölurnar sýni raunverulega mynd af þeim sem starfa beint með börnum. Stjórnendur leikskóla lýsa yfir miklum áhyggjum af stöðu mála og hafa bent á þessa staðreynd í langan tíma og vert er að benda á ályktun frá 18. nóvember, sem kom frá félagsmönnum Félags stjórnenda sem finna má á heimasíðu Kennarasambandsins, <http://ki.is/rss/5520-fsl-kalla-eftir-ad-gerd-um-og-abyrgd-rekstrarad-ila>. Gera þarf rótækar breytingar sem styrkja stöðu leikskólans til framtíðar með því að bæta starfsaðstæður og laun.

- Kl. 15.35 víkja Skúli Helgason og Egill Þór Jónsson af fundinum. Alexandra Briem, varaformaður skóla- og frístundaráðs, tekur við fundarstjórn.
- 14. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. nóvember 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um leikskóla með two eða færri leikskólakennara, frá 172. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019100051

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er eitt mikilvægasta verkefni leikskólastigsins á Íslandi að fjölga fagfólk en nýliðun leikskólakennara er langt frá því að fullnægja eftirspurn sem skýrist af því að mikil fækkun hefur orðið á nemendum í leikskólakennaranám eftir að námið var lengt í 5 ár með lagabreytingu árið 2008. Reykjavíkurborg hefur brugðist við stöðunni með því að hækka dagvinnulaun leikskólakennara til jafns við grunnskólakennara og grípa til fjölmargra aðgerða til að bæta starfsumhverfi leikskólakennara, og nú er unnið að tillögum sem miða að því að breyta skipulagi leikskólastarfsins í þeim tilgangi að nýta betur það fagfólk sem starfar á leikskólum borgarinnar. Áfram verður unnið með ríkinu og háskólum að því að fjölga nemendum í kennaranámi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins í skóla- og frístundaráði telja að strax verði að finna lausn á því að einn 5 deilda leikskóli er ekki með neinn starfandi leikskólakennara utan leikskólastjóra og í fjórum leikskólum eru aðeins 1 - 1,3 stöðugildi leikskólakennara. Í sjö leikskólum starfa 2 leikskólakennrarar utan leikskólastjóra. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og því er það ótækt að þar starfi ekki fólk sem hefur rétta menntun.

- 15. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. nóvember 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um úttekt á húsnæði frístundaheimila, frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva, frá 145. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2018100121
 - 16. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. nóvember 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um húsnæði Hagaskóla, frá 162. fundi skóla- og frístundaráðs. SFS2019060110
 - Kl. 15.58 víkja Diljá Ámundadóttir Zoëga, Helgi Grímsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir og Soffia Vagnsdóttir af fundinum.
17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að gerð verði könnun á því hvort allir grunnskólar borgarinnar nái að fullnægja kröfum aðalanámskrár um kennslutíma í upplýsinga- og tæknimennt og hvort verið sé að vinna að þeim hæfniviðmiðum sem vinna skal að samkvæmt aðalanámskránni.

Frestað. SFS2019110140

18. Skóla- og fristundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig er umferðarfræðslu í grunn- og leikskólum borgarinnar háttáð? Hefur verið komið á formlegu samstarfi um fræðsluna við Samgöngustofu og ef svo er hvernig er því háttáð?

SFS2019110143

19. Skóla- og fristundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað við aðkeypta vinnu vegna ráðgjafar og sérverkefna á skrifstofu skóla- og fristundasviðs síðustu tvö ár.

SFS2019110144

20. Skóla- og fristundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og fristundaráði óska eftir upplýsingum um það hvort að Reykjavíkurborg muni hækka niðurgreiðslu til dagforeldra um áramót.

SFS2019110146

Fundi slitið kl. 16:25

Alexandra Briem

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir
Örn Þórðarson

Valgerður Sigurðardóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2019, 10. desember, var haldinn 176. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.34. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Arnaldur Sigurðarson (P), Egill Þór Jónsson (D), Geir Finnsson (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum; Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum og Stefán Geir Hermannsson, Reykjavíkuráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson svíðsstjóri, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Elisabet Helga Pálmadóttir, Egló Traustadóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffía Pálsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan PISA 2018: Helstu niðurstöður á Íslandi. SFS2019120021

Guðmundur Bjarki Þorgrímsson, Kolfinna Jóhannesdóttir, Ragnar F. Ólafsson, Guðrún Mjöll Sigurðardóttir og Ásgeir Björgvinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Niðurstöður PISA sýna hve mikilvægt er að ná samstöðu meðal þjóðarinnar um leiðir til að efla lesskilning íslenskra nemenda, ekki síst drengja. Þar skiptir sköpum að hvetja nemendur til að lesa og þá sérstaklega bækur og texta sem vekja áhuga þeirra. Brýnt er að grípa til aðgerða til að styrkja stöðuna í náttúrufræði en gleðilegt er að árangur nemenda í stærðfræði hefur batnað frá fyrrí könnun. Það er ánægjulegt að árangur nemenda í Reykjavík er betri í öllum þremur námsgreinunum en í síðustu PISA könnun, einkum í stærðfræði og náttúruvísindum og Reykjavík er í fremstu röð þegar borinn er saman árangur nemenda í öllum landshlutum. Engu að síður er mikilvægt að skoða vel hvernig megi nýta niðurstöðurnar til að bæta árangur nemenda ekki síst varðandi lesskilning og náttúrufræði samhliða innleiðingu nýrrar menntastefnu sem leggur áherslu á læsi og aukið vægi stærðfræði og náttúrugreina.

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra og kennara í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Niðurstöður PISA er einn mælikvarða skólastarfs sem mikilvægt er að rýna vel í með það að markmiði að bæta skólastarf í skólum borgarinnar. Í skýrslunni koma fram bæði þættir sem benda til lakari árangurs íslenskra nemenda í námsþáttum ef miðað er við skóla innan OECD en einnig þættir sem lýsa betri stöðu íslenskra nemenda í þeim samanburði. Um leið og fulltrúum Menntamálastofnunar er þökkuð þeirra rýnivinna vegna niðurstaðnanna telja fulltrúar FSR og KFR algert lykilatriði að leitað verði til kennara og stjórnenda í Reykjavíkurborg þegar kemur að viðbrögðum við niðurstöðunum og þar verði horft til áherslina í nýútgefínni Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Raddir þeirra sem stýra skólum borgarinnar og skólastofum innan þeirra eru þær sem líklegastar eru til að ná árangri. Sérstaklega þarf að horfa til sérstöðu íslensku sem tungumáls og skora fulltrúar FSR og KFR á skóla- og frístundaráð að ráðast í og/eða styðja aðgerðir sem miða að auknu úrvali náms- og lesefnis á íslensku. Ráðast þarf í aðgerðir sem styrkja menningarlegan bakgrunn tungumálsins auk þess sem augljóst er miðað við niðurstöður PISA að sannkallaðs stórátaks er þörf þegar kemur að málefnum nemenda sem eru í skólum borgarinnar en eiga ekki íslensku að móðurmáli.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins Egill Þór Jónsson og Valgerður Sigurðardóttir leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisfloks Egill Þór Jónsson og Valgerður Sigurðardóttir þakka fyrir góða kynningu á niðurstöðum PISA 2018. Fulltrúarnir treysta því að niðurstöður könnunar verði nýttar til bess að takast á við áskoranir í skólakerfinu og bæta árangur reykviskra skólabarna í góðri samvinnu við skolasamfélagið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisfloksins Marta Guðjónsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Pisa-könnunin er eina alþjóðlega samanburðarmælingin sem gerð er hér á landi á skólakerfinu. Hún gefur veigamiklar og samræmdar upplýsingar um þróun skólastarfs frá einum tíma til annars. Hún er gerð á þriggja ára fresti og niðurstöður hennar voru síðast birtar 2016. Þá gaf hún ótvíræðar vísbindingar um að nemendur hér séu heilu skólaári á eftir jafnöldrum sínum í öðrum löndum og að árangur íslenskra grunnskóla sé sá lakasti á Norðurlöndum. Niðurstöður Pisakönnunar sýna nú að staðan hefur breyst lítið til batnaðar og að lesskilningi hefur hrakað Samkvæmt niðurstöðunum ná 26% nemenda ekki grunnhæfni í lesskilningi. Þriðji hver drengur eða 34% og fimmta hver stúlka geta ekki lesið sér til gagns. Umræddar niðurstöður þarf að greina frekar í því skyni að skýra betur stöðu skólakerfisins í Reykjavík sem og stöðu einstakra skóla. Ljóst er að niðurstöður um árangur eru ekki viðunandi og mikilvægt er að þegar í stað verði ráðist í aðgerðir til úrbóta í þeim þremur greinum sem könnunin nær til, lesskilningi, náttúruvísindum og stærðfræði. Tími er til kominn að láta verkin tala í skólastarfi í Reykjavík og hefja rauverulegar úrbætur í stað þess að vísa málum endalaust á milli nefnda, ráða, starfshópa og stýrihópa í stjórnkerfi borgarinnar.

2. Lögð fram skýrslan Talnalykill 2018: Niðurstöður úr stærðfræðiskimun í 3. bekk í grunnskólum Reykjavíkur, dags. í desember 2019, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. desember 2019, um niðurstöður stærðfræðiskimunar í 3. bekk 2018. SFS2018110032

Ásgeir Björgvinsson og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. desember 2019, um niðurstöður samræmdra könnunarprófa 2019 í Reykjavík. SFS2019120022

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir og Ásgeir Björgvinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 14.02 víkur Anna Metta Norðahl af fundinum

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. desember 2019:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fresta samþykkt og gildistöku nýrra reglna um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla, verði óbreyttar a.m.k. út þetta skólaári. Málið verður rýnt nánar á skóla- og frístundasviði og tekið til meðferðar að nýju í skóla- og frístundaráði að því loknu.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2018110156

5. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisfloksins Marta Guðjónsdóttir leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að niðurstöður reykviskra grunnskóla í PISA-könnuninni verði gerðar opinberar. Sundurgreindar upplýsingar um árangur hvers skóla í einstökum greinum; lesskilningi, náttúruvísindum og stærðfræði verði sendar viðkomandi skólastjórnendum, skólaráði og stjórn foreldrafélags í því skyni að hvetja til upplýstra umræðna um kennsluhætti og námsárangur.

Frestað. SFS2019120070

Fundi slitið kl. 14:15

Skúli Helgason

Arnaldur Sigurðarson
Geir Finnsson
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir

Egill Þór Jónsson
Marta Guðjónsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir

